


**KRISTLAUG M. SIGURÐARDÓTTIR**

*Með Danadrottningu á gamlárskvöldi*

• áramótafagnaður

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ÁRAMÓT**

*Léttir réttir, selskapsleikir og sparifatnaður*

Sérblaðið Áramót

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**BALTASAR KORMÁKUR**

*Erlendur mun heita Martin Ford*

Bjartsýnn á endurgerð Mýrarinnar í Bandaríkjunum

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. desember 2008 — 356. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Blús til heiðurs Rúnari



Árlegir blústónleikar verða á Akranesi í kvöld. Rúnars Júlíussonar er sárt saknað.

FÓLK 23

### Riðan er alvarleg



Þorsteinn Ólafsson tekur til starfa sem dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma frá og með áramótunum.

TÍMAMÓT 17

### Pólitísk tregðulögmál

„Komið var á fót hinni rándýru Varnarmálastofnun sem hefur forgang á fjárlögum yfir Landsspítalann eða Háskóla Íslands“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16

### Enginn vissi af henni í Danmörku



Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skellti sér til Danmerkur og nældi sér í samning hjá Esbjerg.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL NYRÐRA** Í dag verða norðan 5-10 m/s norðan og vestanlands, annars hæg breytileg átt. Snjókoma eða él á landinu norðanverðu og á Vestfjörðum, skúrir suðvestan til en styttir upp í dag. Frystir nyrðra.

VEÐUR 4






# Ríkisstarfsmenn mótmæla lækkun

**Félög æðstu embættismanna mótmæla launalækkun í umsögnum sínum til Alþingis um frumvarp um launalækkun. Dómarar segja að frumkvæði að launalækkun verði að koma frá dómurum sjálfum. Skrifstofustjórar eru ósáttir.**

**VINNUMARKAÐUR** Embættismenn mótmæla launalækkun og minna á stjórnarskrárbundinn samningsrétt launafólks til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Þetta kemur fram í umsögnum um frumvarp til laga um launalækkun stjórnmálamanna og helstu embættismanna sem samþykkt var á Alþingi rétt fyrir jól. Viðskiptaráð hvetur til þess að kjararáð fái almenna heimild til að lækka laun þeirra sem undir kjararáð heyra.

Skrifstofustjórar í menntamálaráðuneytinu eru ósáttir við frumvarpið og mótmæla skerðingu launa. Þeir hafi setið eftir í launaþróun en álag aukist. „Komi til skerðingar á kjörum skrifstofustjóra er því mikilvægt að það komi skýrt fram hvort gert verður ráð fyrir að þeir dragi úr vinnuframlagi,“ segir í athugasemdum þeirra.

Dómarafélag Íslands mótmælir því að heimilt sé að fela kjararáði að lækka laun dómara og segir að ekki geti komið til slíkrar launalækkunar nema samkvæmt ákvörðun dómara sjálfra. Við ákvörðun um launakjör dómara verði að gæta að stjórnskipulegri kröfu um sjálfstæði þeirra og íhlutun löggjafans til launalækkunar samrýmist ekki grunnreglum um sjálfstæði dómsvaldsins.

Dómarafélagið bendir á að álagið á dómstólum aukist verulega á næstunni. „Þess er þegar farið að gæta í fjölgun gjaldþrotabeiðna og beiðna um greiðslustöðvanir. Þá er fyrirsjáanlegt að margs konar álitaefni verða borin undir dómstóla sem tengjast bankahruninu. Aukið vinnuálag að þessu leyti hefur sjálfkrafa í för með sér launalækkun hjá dómurum,“ segir í umsögninni.

Félag starfsmanna Stjórnarráðsins telur „algerlega óviðunandi ef ríkisstjórnin ætlar að draga frekar úr útgjöldum ríkissjóðs með inngripi í kjarasamninga“ eins og segir í athugasemd þeirra. Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins áréttar stjórnarskrárbundinn samningsrétt launafólks. „Ekki verður unað við það að Alþingi taki einhliða ákvörðun um breytingar á kjörum félagsmanna,“ segir í umsögn félagsins.

Launavísitalan hefur lækkað um rúmlega hálft prósent. Það er sterk vísbending um launaþróunina á almennum vinnumarkaði, að sögn Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ. Verið er að gera könnun á þróuninni og liggja niðurstöðurnar fyrir á næsta ári.

Búast má við að kjararáð taki ákvörðun um launalækkun æðstu embættismanna eftir áramót.

- ghs



**ÁRAMÓTABRENNAN** Fólk er nú í óðaönn að safna í áramótabrennur, enda ekki mikill tími til stefnu. Palletturnar sem þessi bætti á brennuna við Ægisíðu munu án efa kæta brennugesti á miðvikudaginn. Í ár verða tíu brennur víðs vegar um borgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valnefnd Markaðarins valdi mann ársins í viðskiptalífinu fyrir árið sem er að líða:

# Forstjóri Össurar maður ársins

**VIÐSKIPTI** Hlutskarpastur í kjöri um mann ársins í viðskiptalífinu 2008 er Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. Viðskipti ársins eru kaup Marel Food Systems á Stork Food Systems í Hollandi.

Tilnefningar í kjörinu komu frá völdum hópi sem í voru háskólafólk, fulltrúar greiningardeilda banka, sjálfstæðir sérfræðingar og fjölmiðlafólk. Þá voru einnig tilnefnd verstu viðskipti ársins og er jafnframt fjallað um þau í Markaðnum sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

Fjölmargir aðilar úr íslensku viðskiptalífi gera upp árið sem er að líða í Markaðnum og spá í komandi ár.



JÓN SIGURÐSSON

Þar á meðal er Jón Ásgeir Jóhannesson kaupsýslumaður. Hann segir bankana vissulega hafa stækkað, en öryggisnetið hafi ekki stækkað með. „Það misræmi get ég ekki tekið á mig. Ég hef um árabil haldið því ítrekað fram að ESB-aðild og upptaka evru væri bráðnauðsynleg og hef furðað mig á tregðu stjórnvalda til að opna umræðu um þau málefni,“ segir Jón Ásgeir.

Hann segir forsvarsmenn íslenskra fjármálastofnana hafa verið þessarar skoðunar, og reynt að þrýsta á stjórnvöld að efla gjaldeyrisforðann. Sjálfur hafi hann fengið bágt fyrir að segja að illa gæti farið yrði ekki brugðist við.

- óká, bj / Sjá Markaðinn

**MARKAÐURINN Í YFIRSTÆRÐ**

Áramótablað Markaðarins er í dag í stærra broti en venjan er, enda af nógu að taka í yfirliti um hræringar viðskiptalífsins á árinu.



**KLÁR** Eiður Smári Guðjohnsen vill spila alla alvörulandsleiki.

Viðtal við Eið Smára:

# Vill glaður spila fyrir Ísland

**FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að ekkert hafi breyst í sambandi við hann og landsliðið.**

**Hann segist alltaf hafa verið í góðu sambandi við landsliðsþjálfarana og að núverandi landsliðsþjálfari Íslands, Ólafur Jóhannesson, hafi þegar reynst honum vel.**

**Eiður Smári fagnar meiri jákvæðni í kringum landsliðið og segir að aðalástæðan fyrir að mæta í landsleiki sé að ekkert sé eins sætt og að upplifa stoltið og gleðitilfinninguna þegar landsliðið vinnur leik.**

Sjá Íþróttir bls. 26 /- óój

Misnotaði fósturdóttur:

# Átta ára dómur fyrir misnotkun

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður um fertugt var í gær dæmdur í átta ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að misnota fósturdóttur sína. Þá var hann dæmdur til að greiða henni 3 milljónir króna í skaðabætur, auk málskostnaðar; rúma 1,5 milljónir króna.

Maðurinn braut ítrekað gegn dóttur sinni yfir þrjú ár, þegar hún var 11 til 14 ára gömul. Lögreglu barst ábending um brotið fyrir um ári og hóf rannsókn. Stúlkan er í dag tæpra 16 ára.

Maðurinn var einnig ákærður fyrir brot gegn stúlkunni þegar hún var yngri en var sýknaður af þeim.

- kóp




## SPURNING DAGSINS



*Snorri, er 101 hin sanna Reykja-vík?*

„Hvað heldur þú? Hér er best að búa."

Snorri Guðmundsson, í söluturninum Drekanum, selur ýmsar tegundir af vafningstóbaki, þar á meðal með bláberjabragði og vanillu.

Bankastjóri Kaupþings segir nauðsynlegt að skilja á milli nýja og gamla bankans:

# Þrír lykilstjórnendur hættir

**VIÐSKIPTI** Þrír af níu framkvæmdastjórum hjá Kaupþingi létu af störfum í gær með samkomulagi við bankann. Finnur Sveinbjörnsson bankastjóri segir að með því séu skilin milli gamla og nýja Kaupþings skerpt.

Stjórnendurnir þrír eru Bjarki H. Diego, sem var yfir fyrirtækjasviði, Guðný Arna Sveinsdóttir, sem stýrði fjármála- og rekstrarsviði, og Þórarinn Sveinsson, sem var yfir eignastýringu Kaupþings. Ekki voru gerðir sérstakir starfslokasamningar við þau en Finnur segir að eins og aðrir eigi þau sinn uppsagnarfrest sem þau fái greiddan.

Finnur vildi ekki tjá sig um það



**BREYTINGAR** Aðstæður hafa breyst frá því nýju bankarnir voru stofnaðir, segir Finnur Sveinbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

hvort fleiri stjórnendur bankans myndu fylgja í kjölfarið.

Eftir að nýju viðskiptabankarnir tóku til starfa á rústum þeirra gömlu lögðu stjórnendur þeirra mikla áherslu á að halda sama fólkinu í stjórnunarstöðum. Finnur segir að það hafi verið sín skoðun, en nú séu aðstæður breyttar, enda liðinn talsverður tími frá því að bankarnir féllu og ringulreiðin ríkti. Síðan hafi stöðugleiki myndast og það sé sín skoðun að það muni ekki veikja bankann að þessir starfsmenn hverfi á braut.

Finnur vildi í gær ekki tjá sig um hvort þessir stjórnendur hafi fengið lán hjá bankanum fyrir hlutabréfakaupum. Fram hefur komið í fjölmiðlum að lykilstjórnendur gamla Kaupþings hafi fengið slík lán. Finnur segir ekkert breytast varðandi slík lán þótt starfsmenn láti af störfum. **- bj**

Ferðamenn í Reykjavík:

## Á fjórða þúsund yfir áramót

**REYKJAVÍK** Um 3.300 gestir verða á hótelum og gistiheimilum í Reykjavík yfir áramótin miðað við bókanir. Það eru heldur færri en í fyrra þegar þeir voru um 3.600. Um jólin voru um 1.200 bókaðir á gististaði og er það um 20 prósenta aukning frá í fyrra.

Ferðamennirnir koma víðs vegar að, en Bretar, Norðurlandabúar, Þjóðverjar, Bandaríkjamenn, Rússar og Japanar eru fjölmennastir. Þá dvelja fjölmargir erlendir ferðamenn hér á landi á milli jóla og nýárs, en halda af landi brott fyrir áramótin. **- kóp**

Fyrsta áramótaskaupið:

## Allt tekið upp í einu rennsli

**FÓLK** „Þetta var nýtt fyrir öllum. Sjónvarpið var bara búið að starfa í þrjá mánuði því það hóf útsendingar 30. september 1966," segir Andrés Indriðason dagskrárgerðarmaður um gerð fyrsta áramótaskaupsins.



ANDRÉS INDRIÐASON

Margir af fremstu skemmtikröftum þjóðarinnar komu fram í skaupinu en framleiðslan gekk ekki átakalaust fyrir sig að sögn Andrésar. „Það var bara til eitt myndbandstæki fyrir upptökur í myndverinu og var þeim annmörkum háð að ekki var hægt að klippa í því. Ef einhver mismælti sig eða endirinn var ekki á réttum tíma varð að byrja upp á nýtt." **-gun/sjá sérblaðið Áramót**

Skemmtiferðaskip á leiðinni:

## Lengri landlega sífellt algengari

**FERÐAIÐNAÐUR** **Svipaður fjöldi skemmtiferðaskipa hefur skráð komu sína til Íslands og á sama tíma síðustu ár. Til Reykjavíkur höfðu verið skráð 76 skipakomur í byrjun desember. Ekki hefur orðið verulegur samdráttur í eftirspurn eftir ferðum með skemmtiferðaskipum í Evrópu, en útgerðirnar hafa brugðist við kreppunni með verðlækkunum og olíuverð er einnig hagstæðara nú en til langs tíma. Þetta kemur fram í Hafnarfréttum.**

**Sú breyting hefur orðið í heimsóknum skemmtiferðaskipa að næturdvöl gerist æ algengari. Átján af þeim 76 skipum sem boðað hafa komu sína hyggja á lengri dvöl en part úr degi, eins og tíðkast hefur.** **- shá**

# Leiguverð hefur lækkað umtalsvert

**Leiguverð hefur lækkað um allt að fimmtung síðan í vor og enn meira sé tillit tekið til vísitöluhækkana. Neytendasamtökin hafa hvatt félagsmálaráðherra til að koma á fót leigjendasamtökum og segja umgjörð leigumarkaðar ábótavant.**

**NEYTENDUR** Leiguverð hefur lækkað um 18,5 prósent á stórum íbúðum frá því í vor. Þetta kemur fram í könnun sem Neytendasamtökin gerðu. Könnunin er ekki tæmandi, einungis var skoðað verð hjá tveimur leigumiðlunum. Oftar en ekki er leiguverð samkomulagsatriði á milli leigjenda og leigusala og því erfitt að ná utan um hvert það er.



HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR

Mest hefur leiguverð stórra íbúða lækkað, um 18,5 prósent, en minnst á 3 herbergja íbúðum, eða 6 prósent. Stórar íbúðir eru fimm herbergi og oftar en ekki einbýlishús. Þeim hefur mjög fjölgað á leigumarkaði. Hvort það stafar af því að eigendur hafi gefist upp á sölu húsanna af því að þeir eru fluttir af landi brott eða einhverju öðru skal ósagt látið.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, segir ljóst að leiguverð hafi lækkað umtalsvert. Þó þurfi að halda þeim fyrirvörum til haga að aðeins sé kannað uppsett leiguverð hjá leigumiðlunum. Oftar en ekki sé óskað tilboða.

„Þetta er umtalsverð lækkun í öllum flokkum. Sé tekið tillit til neysluverðsvísitölu, sem hefur hækkað um 18 prósent á árinu, er lækkunin mun meiri." Það skýrist af því að leigusamningar eru framvirkir og oftar en ekki leiguverð bundið neysluverðsvísitölunni.



**HÚSNÆÐI** Leiguverð hefur lækkað um allt að fimmtung síðan í vor. Neytendasamtökin segja samtök leigjenda nauðsynleg til að leigumarkaður verði þroskaður. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**LÆKKUN LEIGUVERÐS**

| | Meðalstærð | Meðalverð | Meðalverð í apríl 2008 | Fjöldi íbúða í könnun | Lækkun meðalverðs: Í prósentum | Lækkun meðalverðs: Í krónum |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stúdíó** | 38 fm. | 80.363 | 91.313 | 11 | 12,0% | 10.950 |
| **2 herbergja** | 65 fm. | 110.988 | 119.574 | 41 | 7,2% | 8.586 |
| **3 herbergja** | 88 fm. | 132.225 | 140.674 | 49 | 6,0% | 8.449 |
| **4 herbergja** | 117 fm. | 148.857 | 169.500 | 35 | 12,2% | 20.643 |
| **5 herbergja** | 161 fm. | 186.731 | 229.000 | 26 | 18,5% | 42.269 |

Leiga nú er því enn lægri en uppsett leiguverð samninga í fyrri könnuninni, þar sem sú upphæð hefur hækkað í takt við vísitölu, þó það komi ekki fram í könnuninni.

Hildigunnur segir leigumarkað á Íslandi ólíkan þeim löndum sem við berum okkur saman við. „Það hefur vantað allt utanumhald og regluverk á leigumarkaðinn. Það breytist kannski núna þegar bankarnir og Íbúðalánasjóður eru orðnir leigusalar. Það er öðruvísi umgjörð þar en þegar Jón leigir Gunnu."

Þá skorti tilfinnanlega samtök leigjenda. „Þau eru nauðsynleg til að markaðurinn verði öruggur og stöðugur. Við höfum ítrekað rætt við félags- og tryggingamálaráðuneytið um að þeim verði komið á fót. Neytendasamtökin eru reiðubúin til að taka það að sér, en hvort sem það verða við eða aðrir eru hagsmunasamtök nauðsynleg. Leigjendur í dag eiga sér engan sameiginlegan málsvara."

**kolbeinn@frettabladid.is**



**Í FRAMTÍÐINNI** Enn er framtíð tónlistarhúss óráðin. MYND/PORTUS

Tónlistar- og ráðstefnuhús:

## Óvissa fram yfir áramót

**SKIPULAGSMÁL** **Framtíð tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn mun ekki ráðast fyrir áramót. „Það eru margir hnútar sem þarf að leysa," segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar, félags í eigu ríkis og borgar. „Ég á von á að lausn fáist snemma í janúar."**

**Óvissa hefur ríkt um framtíð tónlistarhússins frá því að Portus, sem byggði húsið, fór í þrot í lok nóvember.**

**Fulltrúar gamla og nýja Landsbankans, ríkis og borgar, og stærsta verktakans ÍAV hafa fundað stíft á undanförnum vikum.** **- hhs**

Útifundur á Lækjartorgi í dag:

## Árásum Ísraels á Gaza mótmælt

**MÓTMÆLI** Boðað er til útifundar í dag til að mótmæla árásum Ísraelshers á Gaza.

Kröfur fundarins eru að stjórnmálasambandi verði slitið við Ísrael og fjöldamorð Ísraelshers á Gaza verði stöðvuð. Þau María S. Gunnarsdóttir, formaður Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, Ögmundur Jónasson alþingismaður og Örn Bárður Jónsson sóknarprestur flytja ræður.

Fundurinn, sem Félagið Ísland-Palestína boðar til, verður í dag klukkan 16 á Lækjartorgi. **- kóp**

ÞÉNAÐU Í BANDARÍSKUM
DOLLURUM

Viltu selja vöruna þína í Bandaríkjunum?

Einstakt sölutækifæri fyrir Íslensk fyrirtæki.
Tökum að okkur að markaðssetja og selja íslenskar vörur í U S A.
Milkil þekking á bandaríska markaðnum.

Bjóðum einnig uppá ýmsa þjónustu fyrir íslensk fyrirtæki í U S A.

Frekari upplýsingar í síma 825 0070
eða bravohakon@gmail.com

Buiness beyond borders

C2C international servecis Inc.

Verklok nálgast við álþynnuverksmiðjuna á Krossanesi við Eyjafjörð:

# Gangsetning í byrjun sumars

**IÐNAÐARMÁL** Álþynnuverksmiðja Becromal á Krossanesi við Eyjafjörð tekur til starfa í byrjun sumars. Framkvæmdir á iðnaðarsvæðinu eru í fullum gangi og áætlað er að framleiðsla hefjist í byrjun sumars.

Eyþór Arnalds, framkvæmdastjóri Strokks fjárfestingarfélags, sem er annar eigandi Becromal á Íslandi, segir að unnið sé að því að ljúka við spennistöð og í verksmiðjuhúsinu sjálfu. Lítils háttar tafir hafi orðið á verkinu sem sé eðlilegt við stóra framkvæmd. „Það hefur gengið mjög hratt að vinna þetta verk miðað við önnur stóriðjuverkefni því gengið var frá samningum um þessa verksmiðju í ágúst í fyrra. Nú stefnir allt í að framleiðsla hefjist í sumarbyrjun. Þá eru tvö ár liðin frá því ákveðið var að fara í þetta verkefni og þangað til framleiðsla hefst."

Það verður vandalaust að manna nýja verksmiðju að sögn Eyþórs og þegar hafa nokkrir starfsmenn verið ráðnir. „Farið hefur verið í gegnum hundruð umsókna og ráðningar hefjast á fullu eftir áramótin." Níutíu ný störf skapast í verksmiðjunni.

Ráðgert er að útflutningsverðmæti verksmiðjunnar verði um sjö til níu milljarða á ári miðað við full afköst. Orkuþörfin er 75 megavött sem er fimmfföld orkuþörf Akureyrarbæjar. **- shá**



**KROSSANES** Iðnaðarsvæðið þykir henta sérlega vel fyrir álþynnuverksmiðju. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Penninn óskar landsmönnum farsældar á nýju ári
og þakkar fyrir viðskiptin og samskiptin á árinu sem er að líða.

Hallarmúla 2-4, Reykjavík - Hafnarstræti 91-93, Akureyri - www.penninn.is - penninn@penninn.is

Penninn
- auðveldar vinnuna

H:N markaðssamskipti / SÍA

## GENGIÐ 29.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,32 | 125,92 |
| Sterlingspund | 183,75 | 184,65 |
| Evra | 179,35 | 180,35 |
| Dönsk króna | 24,068 | 24,208 |
| Norsk króna | 18,011 | 18,117 |
| Sænsk króna | 16,298 | 16,394 |
| Japanskt jen | 1,3852 | 1,3934 |
| SDR | 194,74 | 195,9 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

227,2573

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikið magn af síld er í og við höfnina í Vestmannaeyjum:

# Síldin veður uppi í höfninni

**NÁTTÚRA** Síld óð við yfirborðið í Vestmannaeyjahöfn í gær innan um skipin þar sem þau liggja bundin yfir jól og áramót. Eyjamenn fjölmenntu niður að höfn í vetrarstillunni til að fylgjast með þessu atferli fisksins. Mikið magn af síld var á ferðinni í og við höfnina. Sýnatökur benda til að hún sé sýkt að hluta.

Valur Bogason, sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum, sem var við sýnatöku við höfnina í gær, segir að lóðað hafi á síld víða og ljóst að mikið magn er á ferðinni. Valur og félagar hans fengu um 150 kíló í síldarnet sem þeir lögðu í stundarkorn við ytri höfnina. Sýnatakan er ekki síst ætluð til að kanna hvort síldin sé sýkt.



**SÍLDIN VEÐUR Í HÖFNINNI** Á fréttavefnum Eyjar.net er stungið upp á því að fyrirtækin tvö sem vinna síld í Eyjum dæli henni beint úr höfninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

„Síldin hefur gert þetta áður og menn hér í Eyjum segja mér að um 1960 hafi hún verið veidd í höfninni,“ segir Valur. „Þetta er því þekkt en sjaldgæft. Hún var komin fyrir jól því það hafa háhyrningar og súla verið að éta síld í Stakkabótinni hérna rétt hjá höfninni undanfarna daga.“

Valur segist þurfa að giska á það af hverju síldin leitar inn í höfnina. Kannski leiti hún að kaldari sjó eða æti en hvorugt fyrirfinnist á þessum árstíma við Eyjar. „Síldin sem við náðum í netin sýnir okkur hvort það er óvenjuhátt hlutfall af síldinni sýkt. En þar sem þetta er þekkt atferli hjá ósýktri síld er þetta líklega bara eitthvað tilfallandi núna.“ - shá

Netkosning í Rússlandi:

# Stalín í hópi mikilmenna

**RÚSSLAND, AP Jósef Stalín, einn grimmasti einræðisherra 20. aldar, lenti í þriðja sæti yfir helstu mikilmenni Rússlands í netkosningu á vegum rússneska ríkissjónvarpssins Rossiya.**

**Kosningarnar hafa staðið í þrjá mánuði og um hálf milljón manna hefur tekið þátt í atkvæðagreiðslu, ýmist á netinu eða með símaskilaboðum.**

**Í fyrsta sæti lenti Alexander Nevský, þrettándu aldar dýrlingur sem vann frækin hernaðarafrek, en í öðru sæti varð Pjotr Stolypin, forsætisráðherra á tímum Nikulásar II. keisara.** - gb



**SUÐUREY VE** Veiðistofn mælist ekki nægilega stór til að gefa út kvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Stofnmælingar loðnu:

# Ekki hægt að gefa út kvóta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Veiðistofn mældist 270 þúsund tonn í nýafstöðnum rannsóknaleiðangri Hafrannsóknastofnunar. Aflaregla í loðnu gerir ráð fyrir að að minnsta kosti 400 þúsund tonn séu skilin eftir til hrygningar í lok vertíðar og ekki er gerlegt að leggja til veiðikvóta fyrir komandi vetrarvertíð að svo stöddu.

Undanfarin ár hefur kvóti ekki verið gefinn út fyrr en á fyrstu mánuðum nýs árs og mun rannsóknaskip Hafró verða gert út til frekari rannsókna á loðnu eftir áramótin.

Mælingarnar að þessu sinni sýndu hins vegar mikinn fjölda loðnuseiða á rannsóknasvæðinu frá Austur-Grænlandi til Austurlands. Seiði ársins í ár verða uppistaðan í veiði- og hrygningarstofni loðnu fyrir vertíðina 2010-2011. - shá

**DANMÖRK**

### Verðlækkun í flugi

Stór flugfélög á borð við British Airways og Virgin Atlantic hafa tilkynnt verðlækkun á flugmiðum yfir Atlantshafið. British Airways er með tilboð á 75 áfangastaði, þar á meðal er flugið fram og til baka milli London og New York á 259 pund. Flugmiðarnir hafa ekki verið jafn ódýrir í 20 ár.

# Dráttur á afhendingu lána tefur virkjanir

**Dregist hefur að OR fái umsamin erlend lán upp á tæpa 32 milljarða króna. Lánin þarf til þess að af stækkun Hellisheiðarvirkjunar og byggingu Hverahlíðavirkjunar verði. Orkan á meðal annars að fara til álvers Norðuráls í Helguvík.**

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur ekki getað farið af stað með stækkun Hellisheiðarvirkjunar eða byggingu Hverahlíðavirkjunar eins og til stóð vegna erfiðleika við fjármögnun. Stjórn OR samþykkti í gær samning um orkusölu frá virkjununum til Norðuráls.

Orkuveitan bíður nú eftir því að fá umsamin lán, upp á samtals tæplega 32 milljarða króna, afhent frá Þróunarbanka Evrópu og Evrópubankanum, segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR.

Stjórn OR samþykkti í gær endurnýjun á samningi við Norðurál um sölu á orku til fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Fyrirvarar eru í samningnum varðandi fjármögnun uppbyggingar virkjana OR, segir Hjörleifur.

Samið er um 100 megavött af orku til Helguvíkur. Þá fær Norðurál 75 megavött til viðbótar sem hugsanleg atvinnuuppbygging í Ölfusi hefur þó forgang að fram á mitt næsta ár. Að lokum er í samningnum viljayfirlýsing um sölu á 75 megavöttum vegna síðari áfanga álversins. Orkan verður afhent í ársbyrjun 2011.

Áformað 360 þúsund tonna álver þarf um 625 megavatta orku. OR mun aðeins sjá því fyrir 175 megavöttum, og segir Hjörleifur erfitt að sjá að fyrirtækið verði aflögufært um meiri orku til álversins.

Tilkynnt var í gær að OR hafi tryggt sér fimm milljarða króna skammtímalán með útgáfu skuldabréfa, sem eru sölutryggð af Landsbankanum. Vextir af láninu eru 1,25 prósentustigum yfir stýrivöxtum Seðlabankans, eða 19,25 prósent eins og vextirnir eru í dag. Lánið er til 15 mánaða, og er hugsað til að greiða útistandandi skuldir vegna ársins 2008.

Guðlaugur Gylfi Sverrisson, stjórnarformaður OR, segir vextina vissulega háa, en búist sé við því að stýrivextir lækki hratt á næstunni. brjann@frettabladid.is



**LEYND YFIR ORKUVERÐI** Orkuverð í samningi við Norðurál er ekki gefið upp. Fréttablaðið hefur upplýst að verðið í fyrri samningi var um tvær krónur á kílóvattstund. Í tilkynningu frá OR kemur fram að orkuverðið sé óbreytt í endurnýjuðum samningi.

### MÓTMÆLIR LEYND YFIR ORKUVERÐINU

„Almenningur á þessa orku, og það gengur ekki að það sé verið að versla með hana án þess að almenningur fái að vita hvaða verð fæst fyrir,“ segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Svandís lagði fram tillögu um að leynd yfir orkuverði til Norðuráls yrði aflétt á stjórnarfundi í gær. Meirihluti stjórnarinnar vísaði tillögunni frá. Ákvað Svandís þá að víkja af fundi meðan rætt var um verðið. Í bókun sem hún lagði fram segist hún ekki geta gengist undir þá afarkosti að þurfa að halda verðinu leyndu fyrir borgarbúum.

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR, segir ekki koma til greina að aflétta leyndinni. Orkuveitan semji við marga um orkusölu, og það myndi gera samningsstöðu fyrirtækisins verri væri verðið gert opinbert.

Fréttablaðið upplýsti um mitt ár í fyrra að umsamið verð í fyrri samningi hafi verið rétt um tvær krónur á kílóvattstund. Samkvæmt tilkynningu frá OR er verðið óbreytt frá fyrri samningum, og því að líkindum um tvær krónur á kílóvattstund.

Svandís greiddi atkvæði gegn endurnýjun samnings við Norðurál á fundi stjórnar OR í gær. Samningurinn hefði runnið út um áramót. Svandís segir að tilvalið hefði verið að nota tækifærið og endurmeta þau verkefni sem orka OR eigi að renna til, og velja grænni, sjálfbærari og fjölbreyttari verkefni. Það séu gríðarleg vonbrigði að stjórn OR hafi ekki valið að fara þá leið.

Lögreglumenn í eftirför:

# Bílaþjófur gómaður á flótta

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gómaði í gærmorgun 22 ára gamlan mann á stolnum bíl eftir nokkra eftirför. Var hann í annarlegu ástandi.**

**Klukkan hálfsjö í gærmorgun var tilkynnt um stolinn bíl, af gerðinni Toyota Corolla, í Hafnarfirði en þá hafði eigandinn ætlað að halda akandi til vinnu en gripið í tómt. Um klukkan níu sá lögreglan bílinn skammt frá Hlemmi og var ökumanninum gefið merki um að stöðva en sinnti hann því ekki. Hófst þá eftirför sem endaði við brúna í Skeiðarvogi en þar tókst lögreglumönnum á tveimur bílum að króa manninn af. Að sögn lögreglu má það teljast mikil mildi að tekist hafi að stöðva hann áður en hann hélt út á Miklubraut en hann var á leið þangað þegar náðist að stöðva hann.** - jse

Kosningar í Bangladess:

# Von um endurreisn lýðræðis

**BANGLADESS, AP** Ströng öryggisgæsla var á götum í Bangladess í gær þegar efnt var til kosninga í fyrsta sinn í sjö ár. Kosninganna hefur verið beðið með óþreyju eftir tveggja ára neyðarástand.

Eitthvað var um skærur og ásakanir um kosningasvik, en stjórnvöld óttast að óeirðir brjótist út eins og gerðist fyrir tveimur árum þegar síðast var reynt að efna til kosninga.

Tveir fyrrverandi forsætisráðherrar, Khaleda Zia og Sheikh Hasina, keppast um hylli kjósenda, en Fakhruddin Ahmed, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar landsins, segist vonast til að stjórnarskipti gangi hratt fyrir sig. - gb


Áramótahumarinn

fæst hjá prinsinum

Humarsúpa prinsins - túnfiskur

tígrisrækjur - stór hörpudiskur

opið 10-15 gamlásdag í Hlíðasmára

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200

Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220

www.hafid.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**FÍNAR ÁRAMÓTAHORFUR**

Veðurhorfurnar fyrir áramótin hafa lítið breyst. Vindur almennt hægur, síst þó reyndar allra syðst þar sem búast má við strekkingi. Það léttir til suðvestan og vestan til nálægt miðnætti en almennt verður skýjað og þurrt. Þó má búast við einhverjum dropum syðst og éljakornum á Vestfjörðum. Semsagt ágætt flugeldaveður.



ÁRAMÓTIN 3-8 m/s en 10-15 allra syðst

NÝÁRSDAGUR 3-10 m/s stífastur allra syðst

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Amsterdam | 2° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 5° |
| New York | 9° |
| Orlando | 26° |
| Osló | -2° |
| París | 3° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


MÁLIÐ
LAY'ST
Lay's
Sour Cream
& Onion
ENNEMM / SÍA / NM36468

## KJÖRKASSINN



*Hefur kjararáð lækkað laun þingmanna og ráðherra nægilega mikið?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,6% |
| Nei | 71,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að sækja áramótabrennu á gamlársdag?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Ríkislögreglustjóri vill að FME kanni 100 milljarða króna millifærslur frá Kaupþingi:

# Ekki lögbrot segja stjórnendur

**VIÐSKIPTI** Engir fjármunir voru færðir úr landi með ólögmætum eða óeðlilegum hætti úr sjóðum Kaupþings. Þetta fullyrða þeir Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings, og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrum forstjóri bankans, í yfirlýsingu.

Tilefnið eru fréttir af því að efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hafi kannað nafnlausa ábendingu um ólögmætar millifærslur upp á yfir 100 milljarða króna frá Kaupþingi til viðskiptavina erlendis. Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, segir að óskað hafi verið eftir því að Fjármálaeftirlitið kanni hvort um ólögmætt athæfi hafi verið að ræða.



**FAGNA RANNSÓKN** Þeir Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson hafna því að um óeðlilegar eða ólöglegar millifærslur hafi verið að ræða FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í yfirlýsingu Sigurðar og Hreiðars Más segir að fjármunir hafi ekki verið færðir úr sjóðum bankans með ólöglegum eða óeðlilegum hætti, hvorki til eigenda bankans né annarra. Enginn hagnaður hafi orðið til vegna sérstakra samninga við valinn hóp viðskiptavina eða eigenda.

„Fyrrum stjórnendur eru þess fullvissir að starfsemi bankans hafi alla tíð verið innan þess ramma sem lög og reglur um rekstur hans hafa kveðið á um,“ segir í yfirlýsingunni. Sigurður og Hreiðar Már segjast þar fagna rannsókn á starfsemi bankans. Þar muni hið sanna koma í ljós og tilhæfulausar sögusagnir afsannaðar. **- bj**

Norræna ráðherranefndin:

# Vákort Norður-Atlantshafs

**STJÓRNMÁL** Efling samstarfs um verndun Norður-Atlantshafsins og málefni Norðurskautsins verður eitt af megin stefnumiðum Íslendinga þegar þeir taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni nú um áramót. Sem part af því starfi á að gera vákort fyrir Norður-Atlantshafið, sem á að vera grundvöllur fyrir samræmdar aðgerðir komi til umhverfisslyss. Gert er ráð fyrir að vákortið verði tilbúið í lok árs 2010.

Þá á að stórefla samstarf um rannsóknir og nýsköpun, meðal annars á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála. **- ss**

Þýskur stjórnmálamaður:

# Vill neyða ríka til að fjárfesta

**ÞÝSKALAND** Neyða ætti auðmenn til að kaupa ríkisskuldabréf gegn lágmarksvöxtum til að berjast gegn yfirvofandi samdrætti í Þýskalandi, segir Thomas Schäfer-Gümbel, jafnaðarmaður í Hesse í vesturhluta landsins.

Þeir sem eigi meira en 750.000 evrur verði neyddir til að binda 2 prósent eigna sinna með þessum hætti í allt að 15 ár. Vextir ættu að vera 2,5 prósent. Með þessu mætti hala inn 50 milljarða evra á einfaldan hátt.

„Þetta væri afar sanngjarnt því einungis hinir auðugustu yrðu kvaddir til,“ segir Schäfer-Gümbel í viðtali við Bild-tímaritið. Tillaga þessa áður lítt þekkta stjórnmálamanns hefur vakið athygli. **- kóþ**

Pakistanski herinn:

# Vill ekki stríð við Indland

**PAKISTAN, AP Ashfaq Parvez Kayani, æðsti yfirmaður pakistanska hersins, segir nauðsynlegt að forðast stríð við Indland.**

**Aðeins fáeinir dagar eru liðnir síðan hann sendi aukinn liðsafla að landamærum Indlands í beinu framhaldi af aukinni spennu milli ríkjanna vegna hryðjuverkanna í Múmbaí. Indverjar segja Pakistan bera að einhverju leyti ábyrgð á þeim hryðjuverkum, og hafa ekki útilokað að bregðast við með hernaðaraðgerðum.**

**Leiðtogar Pakistans hafa sagst ætla að svara í sömu mynt ef Indverjar gera árás.** **- gb**

## UMHVERFISMÁL

### Heimasíða þjóðgarðs opnuð

Búið er að opna heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs á slóðinni www.vatnajokulsthjodgardur.is. Á heimasíðunni er m.a. fjallað um markverða staði innan þjóðgarðsins, samgöngur, gististaði og starfsemi stofnunarinnar.

# Leitargjöldin höfð lág en vinnslugjöldin há

**Alþingi samþykkti frumvarp um skattlagningu olíuvinnslu í landhelgi Íslands rétt fyrir jól. Skatturinn getur numið allt að 60 prósentum. Stjórnvöld gefa kost á fimm leitarleyfum í janúar. Þjóðarbúið fær litlar tekjur til að byrja með.**

**DREKASVÆÐIÐ** Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að gefa kost á fimm leyfum til leitar á Drekasvæðinu þegar nokkurs konar útboð verður auglýst um miðjan janúar. Hvert leyfissvæði nær yfir 800 ferkílómetra. Stjórnarfrumvarp um skattlagningu olíufyrirtækja var samþykkt á Alþingi rétt fyrir jól.

Olíulögin sem taka gildi um áramót gera ráð fyrir leyfisgjöldum í upphafi og svo vinnslugjaldi sem fer í gang um leið og búið er að dæla upp 10 milljón tunnum eða meira. Þegar hagnaður af olíuvinnslunni fer yfir 20 prósent tekur kolvetnisgjald við. Það fer stighækkandi og fer hæst upp í 40-50 prósent eftir hagnaði. Með þessu móti ætla stjórnvöld að gera Ísland skattalega samkeppnishæft við nágrannaríkin þannig að skattar og gjöld fæli ekki frá Drekasvæðinu.

Þjóðarbúið fær litlar tekjur af olíuleitinni til að byrja með. Fyrirhugað er að rukka fyrirtæki um leyfisgjald upp á 750 þúsund til eina milljón króna fyrir leyfið og er það hugsað til þess að standa undir kostnaði við meðhöndlun á umsóknunum. Fimmtán prósenta almennur fyrirtækjaskattur verður lagður á olíufyrirtækin og til viðbótar er svo vinnslugjaldið. Hugsanlega verður lagt á fast svæðisgjald með reglugerð meðan á rannsóknum og vinnslu stendur til að koma í veg fyrir að fyrirtæki séu með of stórt svæði undir í einu. Samtals getur skattlagningin því numið allt að 60 prósentum.

Norðmenn telja að verðmætið á




### OLÍUSKATTURINN

- Leyfisgjald
- Vinnslugjald*
- Kolvetnisskattur**
- 15 prósenta fyrirtækjaskattur

* Fer í gang þegar búið er að dæla upp 10 milljón tunnum af olíu og gildir þar til hagnaður er kominn yfir 20 prósent af tekjum.

** Stighækkandi kolvetnisskattur sem fer hæst í 40-50 prósent.

Drekasvæðinu geti verið vel yfir 100 milljarða króna. Kristinn Einarsson, yfirverkefnisstjóri hjá Orkustofnun, segir að Norðmenn séu mjög bjartsýnir á olíufund á Drekasvæðinu en áhugi sé líka hjá Dönum og Bretum. „Ef eitthvað finnst þarna þá verða þetta einhverjir milljarðar í tekjur,“ segir hann.

Ögmundur Jónasson alþingismaður segir að frumvarpið hafi verið talsvert rætt í efnahags- og skattanefnd þingsins og er ekki ósáttur við málsmeðferðina.

Pétur Blöndal alþingismaður telur að skattlagningin sé í lagi. Ef olía finnist á Drekasvæðinu sé um auðlind að ræða og olíuvinnsla sé mikið skattlögð í öllum löndum. Aðstæður séu erfiðar, dýpi mikið og jarðlög erfið, lánamöguleikar slæmir og áhættan mikil og því alveg opið hvort einhverjir bjóði eða vilji taka þátt.

ghs@frettabladid.is



**ABDULLAHI YUSUF** Fráfarandi forseti boðar kosningar innan mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afsögn Sómalíuforseta:

# Sprengjuregn í höfuðborginni

**SÓMALÍA, AP Aðeins fáeinum klukkustundum eftir að Abdullahi Yusuf sagði af sér forsetaembættinu í Sómalíu skullu sprengjur á götum skammt frá forsetahöllinni í höfuðborginni Mogadishu.**

**Stjórn Yusufs hafði haft stuðning Sameinuðu þjóðanna, en réði í reynd litlu í landinu þar sem pólitískt öngþveiti er nánast algjört.**

**Yusuf sagðist í gær, þegar hann sagði af sér, ekki geta sameinað helstu valdaöfl landsins, sem væri í reynd lamað, meðal annars vegna íslamskra uppreisnarmanna sem vilja komast til valda. Kosningar verða haldnar innan mánaðar.** **- gb**

## NEFND UM BANKAHRUN

### Ekki skipað strax í nefndina

Ekki er enn ákveðið hver verður þriðji meðlimur rannsóknarnefndar um bankahrunið. Þegar hafa Páll Hreinsson og Tryggvi Gunnarsson verið skipaðir. Forsætisnefnd, sem skipar þriðja nefndarmanninn, hefur ekki hist síðan við þingfrestun fyrir jól.

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Auglýsingaverð hækkar

Verðskrá auglýsinga í Fréttablaðinu hækkar um 6 prósent þann 7. janúar. Skýrist það fyrst og fremst af hækkun framleiðslukostnaðar undanfarna mánuði, samanber pappírs- og prentkostnað.




# ÁRAMÓTA SPRENGJA BENNA

Tilboð gildir út árið!

## Nú sprengjum við árið hressilega í burtu!

**FRÁBÆR LÁNAKJÖR - 9,7% fastir vextir og engin verðtrygging!**

**Ýmis önnur lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða - Allt að 100% fjármögnun**

**Dæmi um bíla á tilboði - Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn**




RANGE ROVER SPORT SE 2700 DIESEL 3/2006, ek. 80 þús. 5 dyra, ssk. álf, topplúga, leður, cd og fl. Verð 8.500 þús.

**SPRENGJUVERÐ 5.990 þús.** stgr.




VOLVO S 60 2,5 T AWD árg. 2006, ek. 9 þús. 4 dyra, ssk. álf. leður, topplúga, og fl. Verð 4.900 þús.

**SPRENGJUVERÐ 3.290 þús.** stgr.




RENAULT MEGANE 1,6 SÉNIC 11/2003, ek 46 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, dráttarbeisli, cd. Verð 1.300 þús.

**SPRENGJUVERÐ 890 þús.** stgr.




NISSAN MURANO SL 3/2005, ek. 58 þús. 5 dyra, ssk. álf, leður, topplúga, cruise og fl. Verð 5.300 þús.

**SPRENGJUVERÐ 3.490 þús.** stgr.

**Áramótabomburnar frá Hjálparsveit Skáta Reykjavík, TRAUSTI og FLÓABARDAGI fylgja öllum seldum bílum!**




**Sölustaðir**
**Hjálparsveit Skáta í Reykjavík**

Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6
Spöngin, Grafarvogi
Gufunesbær
Grafarholt v/Húsasmiðjuna
Mjóddin, Breiðholti
Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
Opið frá 28-30 des frá kl 10 til 22.
Gamlársdag frá kl. 10 til 16.

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

**Bílabúð Benna** Notaðir bílar

**Bíldshöfða 10 - 590 2000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

Reykjanesbær: Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, - Sími 420 3300

Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16. Athugið opið gamlársdag 10 -12.

Bílabúð Benna, traustur styrktaraðili Hjálparsveit skáta í Reykjavík.

Vörutalning í verslunum 66°Norður

| | 2. jan | 3. jan |
|---|---|---|
| Bankastræti 5 | 13 - 18 | Lokað |
| Faxafen 12 | Lokað | Lokað |
| Glerártorg (AK) | Lokað | 13 - 17 |
| Kringlan | Lokað | 13 - 18 |
| Miðhraun 11 | Lokað | Lokað |
| Smáralind | Lokað | 13 - 18 |

www.66north.is Klæddu þig vel 66 NORÐUR



Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju



MESSÍAS

EFTIR GEORG FRIEDRICH HÄNDEL
Hátíðartónleikar á 250 ára ártíð G.F. Händel
1. JANÚAR 2009 NÝÁRSDAGUR KL.17
3. JANÚAR 2009 kl.17
Flytjendur: Schola cantorum, Alþjóðlega Barokksveitin í Den Haag
Marta Guðrún Halldórsdóttir *sópran* Andrew Radley *kontratenór*
Gissur Páll Gissurarson *tenór* Alex Ashworth *bassi*
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON
Aðgangseyrir: 4900 og 3500 fyrir skólafók undir 25 ára aldri.

MIÐASALA í Hallgrímskirkju, s. 510 1000, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, s. 528 4200 og á *list@hallgrimskirkja.is* · listvinafelag.is



Jólahappdrætti
Krabbameins-félagsins

Útdráttur
24. desember 2008

Vinningar

**Mercedes Benz, 4.000.000 kr.**
89639

**Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.**
21485

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 90 | 19676 | 43102 | 66614 | 87954 | 107414 | 124196 |
| 603 | 20648 | 43372 | 67001 | 88644 | 109110 | 124381 |
| 842 | 21474 | 43508 | 69811 | 88949 | 109704 | 126296 |
| 1148 | 21952 | 45590 | 70991 | 89149 | 109755 | 126725 |
| 2706 | 22116 | 47322 | 71149 | 89528 | 110086 | 127097 |
| 4862 | 23932 | 47907 | 71548 | 89965 | 111320 | 127918 |
| 5547 | 25473 | 48096 | 72662 | 90056 | 111382 | 128320 |
| 5740 | 26025 | 48283 | 72950 | 91331 | 111738 | 128768 |
| 5833 | 26381 | 48578 | 73681 | 91523 | 112663 | 128813 |
| 5937 | 26884 | 50076 | 74227 | 91845 | 113024 | 129945 |
| 6205 | 27158 | 50179 | 75204 | 91871 | 114033 | 130080 |
| 7360 | 27674 | 50242 | 75997 | 92396 | 114258 | 131157 |
| 10624 | 30835 | 50496 | 76842 | 94127 | 114747 | 131392 |
| 12119 | 31266 | 51218 | 78685 | 95037 | 115660 | 131714 |
| 12203 | 32775 | 52593 | 78696 | 95157 | 115877 | 133451 |
| 14161 | 34241 | 53253 | 81256 | 95786 | 115885 | 133685 |
| 14281 | 37435 | 53641 | 81641 | 96408 | 116347 | 134826 |
| 14324 | 37519 | 55699 | 82032 | 97332 | 116892 | 135476 |
| 14535 | 38783 | 55781 | 82446 | 98545 | 118042 | 135567 |
| 15057 | 40362 | 56035 | 83431 | 99111 | 118886 | 136478 |
| 15174 | 40495 | 56276 | 84281 | 100903 | 119795 | 139345 |
| 15460 | 40759 | 59124 | 85705 | 101082 | 122183 | 139377 |
| 16119 | 40891 | 62522 | 85900 | 101411 | 122303 | 140019 |
| 16532 | 41127 | 63831 | 86264 | 102449 | 122330 | |
| 17533 | 41187 | 63841 | 86750 | 103124 | 122992 | |
| 18032 | 41455 | 64762 | 86769 | 103559 | 123393 | |
| 19206 | 41891 | 66341 | 87917 | 105871 | 123839 | |

Birt án ábyrgðar

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

Byrjað verður að greiða út vinninga 14. janúar nk.


Ekkert lát á blóðugum árásum Ísraelshers á Gazaströnd:

# Ætla að gera út af við Hamas

**GAZA, AP** Ehud Barak, varnarmálaráðherra Ísraels, sagði á þingi í gær ísraelska herinn hafa verið sendan í úrslitastríð gegn Hamas-samtökunum á Gazaströnd.

Loftárásum á byggingar sem tengjast Hamas-samtökunum er linnulaust haldið áfram, en árásirnar höfðu í gær kostað vel á fjórða hundrað manns lífið síðan þær hófust á laugardag.

Palestínumenn svöruðu í gær með því að skjóta um 40 heimatilbúnum sprengjum yfir landamærin frá Gaza til Ísraels. Ein þeirra varð einum Ísraela að bana í hafnarbænum Ashkelon, en auk þess særðust þar fjórtán manns.



**ÚTFÖR Á GAZA** Faðir ber fjögurra ára gamlan son sinn til grafar í Jebaliya-flóttamannabúðunum á Gazaströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikið öngþveiti ríkir á sjúkrahúsum á Gaza, þar sem engan veginn er hægt að sinna öllum þeim sem þangað streyma, meðal annars vegna þess hve mikill skortur er á lyfjum og lækningavörum.

Egyptar brugðu á það ráð í gær að taka við særðu fólki frá Gazasvæðinu. Sjúkrabifreiðar flytja fólk frá þeim stöðum þar sem ísraelsku sprengjurnar hafa fallið og að landamærastöðinni í Rafah. Einnig heimiluðu Egyptar för flutningabifreiða inn á Gazasvæðið með matvæli og lækningavörur.

Barack Obama, sem tekur við forsetaembætti Bandaríkjanna eftir þrjár vikur, fylgist með þróun mála á Gazasvæðinu en vill ekki tjá sig um atburðina meðan George W. Bush er enn forseti. **- gb**

# Vill betri rök fyrir sambandsslitum

**Utanríkisráðherra segir ekki fullreynt að beita hefðbundnum leiðum til að hafa áhrif á gang mála í Palestínu. Félagið Ísland-Palestína hvatti í gær til að sambandi við Ísrael yrði slitið. Ráðherra undrast gagnrýni samtakanna.**

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sér ekki að það þjóni neinum tilgangi fyrir Íslendinga að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Nær sé að nýta sambandið til að þrýsta á ríkið og fá það til að sýna að því sé alvara með friðarviðræðum sínum, en það hafi Ísraelsmenn ekki gert.

Félagið Ísland-Palestína krafðist þess í gær að „samskiptum við Ísraelsstjórn verði slitið þar til Ísrael lætur af árásarstefnu sinni“.

„Ég skil vel það hugarfar sem liggur að baki þessari ályktun félagsins, það grípur auðvitað um sig ákveðin örvænting sem fylgir þessum árásum Ísraelsmanna og menn vilja sjá að það gerist eitthvað og það verði tekið á þessum málum. Því miður hefur alþjóðasamfélagið ekki haft burði til þess fram að þessu. En ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að Ísland slíti einhliða sambandi sínu við Ísrael,“ segir Ingibjörg. Slíkt sé ekki gert nema þegar framferði ríkis sé farið að valda öðru ríki beinu tjóni. Ísland hafi til dæmis ekki slitið sambandi við Suður-Afríku aðskilnaðarstefnunnar, eða Júgóslavíu undir Milosevic.

Aðspurð segir hún það geta vel verið að þess háttar aðgerð vekti athygli, en hún þurfi að fá meira afgerandi rök fyrir því að það skili árangri. Ekki sé fullreynt að beita hefðbundnum stjórnmálaleiðum á Ísraelsríki. Ísland eigi að beita sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.



**FRÁ GAZASVÆÐINU Í GÆR** Loftrásir Ísraelsmanna á Gazasvæðinu héldu áfram í gær og áttu borgarar fótum fjör að launa. Fjöldi barna hefur látist í árásunum. NORDICPHOTOS/AFP



**INGIBJÖRG SÓLRÚN OG SHIMON PEREZ** Ráðherrann fór í fyrra til Mið-Austurlanda og hitti ráðamenn í Ísrael, áður en hún ræddi við fulltrúa Fatah-samtakanna. Ingibjörg Sólrún fór ekki á Gazasvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ingibjörg segir að framferði Ísraelsmanna eigi að fordæma, en óvíst er hvernig það verður gert.

Ísland-Palestína gagnrýndi einnig málflutning ráðherrans síðustu daga. Það hafi verið „kaldranalegt að heyra [hana] leggja fórnarlömb stríðsins og árásaraðilann að jöfnu með því að tala um deiluaðila sem báðir beri ábyrgð“. Ingibjörg segir félagið snúa út úr orðum sínum.

„Ég talaði mjög skýrt um ábyrgð Ísraels, en þegar tveir deila bera báðir nokkra ábyrgð á því. Með því er ég ekki að leggja þessa hluti að jöfnu. En mér finnst það satt að segja sérkennilegt hjá félaginu að hnýta þessu inn í ályktun sína í ljósi þeirrar áherslu sem ég hef lagt á málefni Palestínumanna síðan ég varð ráðherra. Við höfum tekið mjög skýra afstöðu í þeim efnum.“ **klemens@frettabladid.is**

**Neytendur:** Útskriftargjald Skjásbíós

# *Dýrasta myndaleiga landsins*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Myndaleiga Símans, Skjárbíó, ætlar sér stóra hluti í framtíðinni, jafnvel að leysa af hólmi hefðbundnar myndbandaleigur. Fyrirkomulagið er vissulega notendavænt. Maður þarf ekki að fara út úr húsi, myndirnar eru alltaf „inni“ og maður fær aldrei sekt. Ekki eru þó allir sáttir við þjónustuna. Ívar Pétur Guðnason prófaði nýverið að leigja sér mynd. Hann skrifar: „*Myndin kostaði kr. 690 – eins og margsinnis var ítrekað og staðfest þegar verið var að velja hana. Við erum með reikninga vegna símanúmers og internetáskriftar hjá Símanum sjálfkrafa skuldfærða af kreditkortum og höfðum því engar áhyggjur af þessu meir. Okkur duttu því allar dauðar lýs úr höfði þegar reikningur kom inn um lúguna 15. desember. Hann var ekki frá Símanum – sem við gerðum samning við um sjónvarpsáskriftina – heldur frá einhverju öðru fyrirtæki sem heitir Skjárinn. Reikningurinn var fyrir leigu á bíómynd í Skjábíó og hljóðaði upp á 940 kr., þar af eitthvað sem heitir útskriftargjald upp á 250 kr.*“

Ívari fannst 940 kall mikið fyrir eina mynd, sem von var, og hringdi til að kvarta: „*Þjónustusími Símans var gefinn upp fyrir þá sem vilja gera athugasemdir við reikninga. Þar var mér sagt að Skjárinn væri bara allt annað fyrirtæki en Síminn – jafnvel þótt Síminn ætti Skjáinn með húð og hári. Síminn gæti þess vegna ekki rukkað sína viðskiptavini fyrir úttektir hjá Skjánum! Það er erfitt að átta sig á öllum þversögnunum í dæminu og hvernig þessi fyrirtæki geta verið með sameiginleg afnot af símalínu, internettengingu, viðskiptaupplýsingum, starfsmönnum og eflaust fleiru, en geta samt ekki skuldfært einfalda úttekt samkvæmt áður gerðum samningi!*“



**VINSÆL MYND Á SKJÁBÍÓ** Úr Horton hears a Who!

Það er ekki nema von að Ívar sé hissa. Ég er handviss um að margir fleiri myndu notfæra sér þjónustu Skjásbíós ef þeir ættu ekki von á að borga 940 kall fyrir myndina.

netto



GOURMET TYTTEBERJALÆRI
**1.637 kr/kg**
~~2.183~~ kr/kg
25% afsláttur

**OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD**




25% afsláttur

ÞYKKVABÆJAR TORTILLA
**225 kr/pk.**
~~299~~ kr/pk.




ÞÚ SPARAR 1.000 kr

HUMAR Í ÖSKJU 2kg
**2.990 kr/pk.**
~~3.990~~ kr/pk.




33% afsláttur

CASA FIESTA TORTILLLA CHIPS.
Regular, Chili eða Cheese.
**199 kr/pk.**
~~299~~ kr/pk.

BULLET ORKUBOMBA 250ml
**99 kr/stk.**
~~198~~ kr/stk.




50% afsláttur




41% afsláttur

PEPSI MAX 2l
**89 kr/stk.**
~~151~~ kr/stk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 29. - 31. DESEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
Kíktu á tilboðin á www.netto.is

KEA
Klikkar ekki!

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Gleðilegt

## Veislulæri Hagkaupa




kryddað með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, lime, chili pipar, salti og olíu.



## Skreyttu eftirréttadiskinn með litilli sneið!



Tamarillo | Passion | Dreka ávöxtur | Guave | Granatepli

Ung kókoshneta | Stjörnuávöxtur | Ferskar fíkjur | Ramboutan | Broddmelóna

## Smjörsprautað kalkúnaskip

*tilbúið beint í ofninn!*



*Snyder´s amerískt snakk - algjört lostæti*




*Stirrings kokteilblöndur*







Gildir á meðan birgðir endast.

# Nýtt Ár



Kryddlegið
**Ungnautafile**
að hætti Jóa Fel
2.973.- ~~3.498.-~~



## Nautakjöt á góðu verði

| | | |
|---|---|---|
| Nautaprime | 2.379.- | ~~3.398.-~~ |
| Nautalundir frosnar | 3.198.- | ~~3.846.-~~ |
| Nauta ribbeye | 2.379.- | ~~3.398.-~~ |
| Nauta entrecote | 2.379.- | ~~3.398.-~~ |




Trönuberjasósa

### Villibráð í úrvali!




**Freyðandi drykkur**
skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar







**Parfait**
ísblanda

Créme Brulée




**Brauðkubbar**
NÝTT frá Jóa Fel, brauðkubbar tilbúnir beint í ofninn.
2 teg. grófir og fínir

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2008



**HVAR VILJUM VIÐ VERA?** „Viljum við vera með íslenska krónu eftir áratug? Sveiflur hennar næstu tíu ár yrðu ekki minni en síðustu tíu ár,“ segir í greininni. SAMSETT MYND/KRISTINN

# Ísland og Evrópa framtíðarinnar

Aukin alvara hljóp í umræðuna um Evrópumál á árinu sem er að líða. Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur segir Íslendinga ekki komast hjá því lengur að vega og meta kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu af fullri alvöru.

Oft er auðveldast að láta reka á reiðanum og forðast allar ákvarðanir. En sá valkostur er ekki í boði í dag. Við sem þjóð þurfum að taka mikilvægar ákvarðanir. Ísland hefur orðið fyrir gríðarlegu efnahagsáfalli og allir þurfa að leggjast á eitt til að vinna okkur út úr áfallinu. En hvert skal stefna? Það er engin peningastefna til í landinu eftir að verðbólgumarkmiðið sigldi í strand og enginn virðist treysta krónunni. Þá lá Evrópuumræðan í dvala á meðan allt virtist ganga svo vel. Aðild að Evrópusambandinu er raunhæfur kostur sem okkur ber að skoða af fullri alvöru.

**Pólitíska umhverfið**

Af stjórnmálaflokkum er það einungis Samfylkingin sem hefur sagt að hún vilji að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og hefji aðildarviðræður. Samfylkingin vill einnig að unnið verði að víðtækri samstöðu um samningsmarkmið og að niðurstöður samninga verði bornar undir þjóðaratkvæði. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa ekki tekið afstöðu og sá stjórnmálaflokkur sem verið hefur stærstur síðustu ár og verið þaulsetinn í ríkisstjórn hefur ekki viljað opna Evrópuumræðu. Í ályktun um utanríkismál frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2007 segir meðal annars að Sjálfstæðisflokkurinn telji aðild að Evrópusambandinu ekki þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og málum er háttað.

**Umræðan einfeldningsleg**

Umræðan um aðild að Evrópusambandinu er vanþróuð. Umræðan er oft afskrifuð með orðum á borð við „þetta tekur allt of langan tíma“ eða „þetta gengur ekki fyrir sjávarútveginn“, „landbúnaður í landinu leggst af“, „við erum svo lítið land við hefðum ekkert að segja innan Evrópusambandsins“ svo maður tali ekki um „við getum tekið upp evruna án þess að þurfa að ganga í Evrópusambandið“.

Það er auðvitað fásinna að afgreiða eins stórt og mikilvægt mál fyrir íslenska þjóð á svo einfaldan hátt. Við þurfum auðvitað að gefa okkur tíma til að svara þessum spurningum og öllum hinum spurningunum. Umræðan þarf að vera opin og heiðarleg. Jú, ferlið tekur sinn tíma, en margt breytist um leið og ákvörðunin liggur fyrir. Þegar kemur að sjávarútvegi og landbúnaði þarf að skilgreina samningsmarkmið og meta hugsanlegan kostnað við breytingar á móti þeim ávinningi sem við gætum haft af aðild.

**Hvers vegna núna?**

Í hugum flestra voru orð á borð við „bankarnir eru of stórir fyrir íslenskt þjóðarbú“ og „þjóðarbúið er of lítið fyrir sjálfstæða mynt“ hjómið eitt þar til vikuna þegar bankarnir féllu. Allt í einu fundum við fyrir því hvað er að vera lítil þjóð utan efnahagsbandalaga. Evrópusambandið gaf okkur skýr skilaboð um að áður en það hjálpaði okkur myndi það hjálpa eigin aðildarríkjum. Við vorum því 28. í forgangsröð þeirra. Þegar á bjátaði reyndumst við berskjölduð í alþjóðlegum heimi.

Við höfum haft þá tilhneigingu í alþjóðasamskiptum að haga okkur eins og unglingarnir. Unglingar vilja njóta góðs af öllu, en helst aldrei bera neina ábyrgð. Í EES-samstarfinu vildum við fá kosti fjórfrelsisins án þess að bera á því nokkra ábyrgð. Nú vilja sumir taka upp evruna í stað krónunnar án þess að ganga í Evrópusambandið. Er ekki kominn tími til að við skipum okkur í lið með þeim fullorðnu og gerumst fullgildir aðilar með þeirri ábyrgð sem því fylgir? Höfum við ekki brennt okkur á ungæðisskapnum?

**Flestir gerast aðilar í niðursveiflu**

Því er stundum haldið á lofti að ekki sé hægt að ganga í Evrópusambandið með skottið á milli fótanna. Því er til að svara að fordæmin eru fjölmörg. Svíþjóð og Finnland gengu í Evrópusambandið í kjölfar bankakreppu sem skall á í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar. Sú kreppa var um margt lík okkar kreppu, þó minni í sniðum. Efnahagsástandið á Írlandi var ekki beysið þegar Írar sóttu um inngöngu. Sömu sögu má segja um Spán og Portúgal, en þessi ríki sóttu um aðild eftir að hafa verið undir einræði áratugum saman. Austur-Evrópuþjóðirnar sóttu það fast að gerast aðilar að Evrópusambandinu sem fyrst eftir fall Sovétríkjanna. Við yrðum því ekki fyrsta ríkið til að sækja um inngöngu þegar illa árar.

**Aðildarumsókn**

En þurfum við að ganga í Evrópusambandið? Auðvitað ekki. En ættum við ekki að gera það ef það er besti kosturinn fyrir íslenskt þjóðarbú? Er ekki þröngsýni að horfa fram hjá þessum valkosti án þess að vega hann og meta gaumgæfilega?

Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu hefur breytt gífurlega mörgu í samfélagi okkar. Þá tókum við upp fjórfrelsið svokallaða, það er frelsi með viðskipti með vöru og þjónustu og frjálsan flutning fólks og fjármagns á öllu EES-svæðinu. Það eru að vísu tímabundin takmörk á flæði fjármagns vegna hruns fjármálakerfisins en það stendur vonandi til bóta. Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu felur aftur á móti ekki í sér ákvarðanavald. Okkar val er hvort við tökum upp gerðir Evrópusambandsins eða ekki.

Markmiðið ætti að vera að hefja aðildarviðræður sem fyrst og semja um að gjaldmiðill okkar komist í var af evrunni eins fljótt og hægt er. Ég hef áður nefnt álitamál á borð við sjávarútveg og landbúnað. Þegar kemur að aðildarviðræðum þurfum við að setja okkur markmið. Hvað erum við tilbúin að láta af hendi og á hvaða verði? Hvað fáum við á móti?

**Hvers vegna evran?**

Aðild að Evrópusambandinu myndi færa okkur ýmsa kosti, en einn sá mikilvægasti er aðild að stóru myntsvæði með öflugan bakhjarl og mynt sem ekki tekur slíkar dýfur sem krónan gerir. Íslenska krónan nýtur einskis trausts um þessar mundir. Skortur á trausti gerir hana að vonlausum gjaldmiðli. Íslenskt þjóðarbú hefur heldur enga peningamálastefnu eins og er. Verðbólgumarkmiðið beið skipbrot eins og kunnugt er og stjórnvöld hafa ekki kynnt okkur hvað tekur við. Höft eru á fjármagnsflutningum inn og út úr landinu og ekki liggur fyrir hvenær eða í hvaða skrefum þeim verður lyft. Gengi krónunnar ræðst því ekki á markaði.

Tilkynning um að markmið stjórnvalda sé að taka upp evru myndi eyða stórum hluta þeirrar óvissu sem ríkir í dag. Þó hið eiginlega ferli muni taka einhvern tíma, þá er markmiðið ljóst, óvissan því horfin og væntingarnar breytast samstundis. Slík yfirlýsing myndi því breyta stöðunni strax í dag.

Við höfum haft þá tilhneigingu í alþjóðasamskiptum að haga okkur eins og unglingarnir. Unglingar vilja njóta góðs af öllu, en helst aldrei bera neina ábyrgð.

En hvers vegna evran fremur en aðrar myntir? Svarið við því er afar einfalt. Yfir helmingur af okkar viðskiptum er í evrum og því myndi við upptöku evrunnar hverfa gengisáhætta af yfir helmingi okkar viðskipta við önnur lönd. Ávinningurinn af því er augljós. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu illa gengisáhættan hefur leikið okkur að undanförnu.

**Horfum fram í tímann**

Ég tel að við eigum af fullri alvöru að sækja um aðild að Evrópusambandinu með það fyrir augum að taka upp evruna eins fljótt og unnt er. En afstaða mín varð ekki til á einum degi. Gefum okkur tíma til að fræðast, spyrjum spurninganna. Höfum umræðuna eins opna og skýra og hægt er. Fáum sérfræðingana okkar til að fræða okkur og gefum okkur tíma til að hlusta.

Í dag þurfum við að horfa fram í tímann og íhuga hvar við viljum vera í framtíðinni. Viljum við vera með íslenska krónu eftir áratug? Sveiflur hennar næstu tíu ár yrðu ekki minni en síðustu tíu ár. Ríki Evrópusambandsins njóta verndar hvert frá öðru. Er ekki betra að vera innan Evrópusambandsins og njóta þeirrar verndar sem það veitir okkur þegar á bjátar?

Það er vel hugsanlegt að hægt væri að ná meiri hagvexti með því að standa utan Evrópusambandsins en innan, en að sama skapi yrðu niðursveiflur að öllum líkindum grynnri. Ég segi fyrir mig: eftir ólgusjó síðustu ára kýs ég stöðugleikann fram yfir þensluna.



**Katrín Ólafsdóttir** er hagfræðingur og lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík.

**Innlendir vendipunktar 2008**
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir málsmetandi Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til framtíðar.



Sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar aðstoða vegfaranda í aftakaveðri á Hellisheiði.

# Hvað er þinn flugeldasali tilbúinn að leggja á sig fyrir þig?

Á hverju ári sinnum við á annað þúsund hjálparbeiðnum af öllum gerðum frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, ófærðar, sjóslysa, flóða og skipsstranda, björgun búpenings auk fjölda annarra viðvika.

Björgunarsveitir okkar fjármagna starfið með margvíslegum hætti en flugeldasalan er langmikilvægust og skiptir sköpum í rekstri okkar.

Einkaaðilar hafa seilst inn á þessa aðalfjáröflun okkar í von um hagnað í eigin vasa. Þetta þykir okkur slæm þróun og hvetjum við fólk til þess að hugsa fyrst og fremst um eigið öryggi og kaupa flugeldana hjá okkur.

**Styddu þá sem eru tilbúnir að styðja þig – kauptu flugeldana af björgunarsveitunum!**



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.

*Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:*

N1 SJÓVÁ GLITNIR

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

– berst fyrir lífi þínu

# NÓATÚN

*fyrir áramótin*



Úr kjötborði

**1.258** kr. kg

**Kalkúnn**
ferskur



Úr kjötborði

**2.698** kr. kg

**Sólfugl**
Smjörsprautuð kalkúnabringa



Úr kjötborði

**2.498** kr. kg

**Lambalæri**
Úrbeinað fyllt



A flokkur

**4.989** kr. kg

**VSV Humar**



**5.616** kr. stk.

**Snæfiskur**
Risahörpudiskur



**3.448** kr. kg

**Snæfiskur**
Risarækja, soðin



- Gamle Ole
- Brie Maxims
- Chaumes
- Jarlsberg
- Prima Donna
- Gorgonzola

*Erlendir ostar í Nóatúni*

Nú gefst viðskiptavinum Nóatúns kostur á að fá sneið af sínum uppáhalds erlenda osti skorna á staðnum í þeirri stærð sem þeir óska.




**20%** afsláttur

**MS Ostakökur**




**109** kr. pk.

**TUC**
saltkex

# Opið 30.des 10-21

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

# NÓATÚN

*fyrir áramótin*



Úr kjötborði
**2.998** kr. kg

Lambafille
m/fitu



Úr kjötborði
**3.998** kr. kg

Ungnautalund
erlend

## HÁTÍÐARMATUR Í ÚRVALSFLOKKI



25% afsláttur

Dádýralundir



20% afsláttur

Úr kjötborði
**1.598** kr. kg

Nóatúns
Hamborgarhryggur



Úr kjötborði
**998** kr. kg.

Grísahryggur
ferskur



50% afsláttur

Úr kjötborði
**1.998** kr. kg.

Ungnauta rib eye




**1.195** kr. stk.

Mjólka
skyrterta




**106** kr. pk.

Ritz
saltkex




**99** kr. stk.

Coke
1 lítri




**109** kr. stk.

Sprite
2 lítrar

## Gamlársdag 10-14

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bankar, fólk og fyrirtæki:

## Tortryggnin

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Eftir að íslenska krónan hrundi endanlega á haustdögum féllu viðskiptabankarnir. Flestir sáu hrun krónunnar fyrir. Færri vildu trúa að bankarnir fylgdu í kjölfarið. Hvernig sem því víkur við er það veruleiki sem ekki verður umflúinn.

Nútíma efnahagsstarfsemi þrífst hins vegar ekki án banka. Hlutirnir hefðu vissulega getað farið verr. Satt best að segja var það afrek að halda bönkunum opnum. Það voru snör og örugg handtök sem því réðu. Vandinn er samt sá að enn hefur ekki tekist að endurreisa bankakerfið á þann veg að það veiti fyrirtækjum og almenningi brýna lágmarksþjónustu. Í raun eru bankarnir ekki orðnir að virkum bönkum á ný.

Hættan á að bankarnir gætu ekki veitt nægu súrefni inn í atvinnulífið var kunn fyrir hrun krónunnar. Eftir hrun hennar er vandi fyrirtækjanna dýpri. Það sem verra er: Mörg skuldsett heimili eru í sömu sporum.

Ósanngjarnt væri að segja að ekkert hefði gerst í þeim tilgangi að koma til móts við þennan vanda fyrirtækja og heimila. Ýmislegt hefur þokast í áttina. Þeim athöfnum verður þó ekki líkt við snarræði. Margt ræður því. Gjaldeyrishöft og lánsfjárkeppa setja bönkunum þröngar skorður.

Hér kemur þó fleira til. Umræða síðustu vikna hefur alið af sér djúpstæða tortryggni. Hún er skiljanleg að ákveðnu marki. Engum vafa er þó undirorpið að þessi tortryggni hefur leitt til mikillar ákvörðunarfælni í nýju bönkunum. Hætt er við að það hik sé byrjað að bitna á hagsmunum bæði fyrirtækja og heimila.

Helsta ástæðan fyrir því að tortryggnin er farin að snúast gegn hagsmunum almennings er sú að of margir stjórnmálamenn hafa ekki haft þrek til þess að greina aðalatriði frá aukaatriðum og sannar sögur frá gróusögum í kjaftakvörn dægurumræðunnar. Þannig hafa þeir orðið gerendur í að magna tortryggnina upp.

Hver er afleiðingin? Bankarnir ættu að vera á hraðferð inn í það venjulega hlutverk sem slíkum fyrirtækjum er ætlað. Í stað þess er verulegur pólitískur þrýstingur á að þeir verði gerðir að einhvers konar pólitískum skömmtunarsjóðum. Allt er það gert í góðri meiningu undir merkjum jöfnuðar og réttlætis. En hætt er við að tortryggnin færi þjóðina fjær þeim góðu gildum.

Verði ekki höfð snör handtök við að veita lágmarks súrefni inn í atvinnufyrirtækin fara fleiri á hausinn, fleiri missa vinnuna, verðmætasköpunin minnkar, tekjustofnar velferðarþjónustunnar rýrna og fleiri missa húsnæðið en ella. Takist ekki að koma í veg fyrir þetta munu fáir líkja niðurstöðunum við jöfnuð og réttlæti þegar upp verður staðið.

Bankar eru ekki og eiga ekki að vera stjórnsýslustofnanir. Fyrir þá sök þarf að endurreisa venjubundna bankastarfsemi á grundvelli þeirra almennu leikreglna sem um slíka starfsemi gilda. Menn þurfa að læra af reynslunni. Útlánaþenslumistökin má ekki endurtaka. Tortryggnin má hins vegar ekki koma í veg fyrir að hjólin fari að snúast á ný.

Stjórnmálamenn bera mesta ábyrgð í þessu efni. Þeir þurfa bæði með ábyrgum málflutningi og ákvörðunum að sjá til þess að tortryggnin drepi ekki endurreisnina í dróma. Það er rík ábyrgð.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jólakveðjur

Stjórnmálahreyfinganna bíður nú það erfiða verkefni að endurheimta traust almennings í sinn garð. Margt má hafa til hliðsjónar í þeim efnum, til dæmis jólakveðjur flokkanna á heimasíðum þeirra. Jólakveðjur Sjálfstæðisflokksins og Frjálslynda flokksins eru staðlaðar og svo til nær samhljóða: Sjálfstæðisflokkurinn óskar landsmönnum öllum, til sjávar og sveita, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári en Frjálslyndir spara sér áramótakveðjuna, luma á henni fram á síðustu stundu sjálfsagt, eins og rúsínu í pylsuendanum. Starfsfólk skrifstofu Framsóknarflokksins sendir hins vegar „landsmönnum öllum“ jólakveðjur „með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða“.

### Kaldar kveðjur og kröftugar

Tossaverðlaunin í ár hlýtur hins vegar Samfylkingin. Enga jólakveðju er að finna á vef hennar og mætti Samfylkingin taka sér Vinstri græn til fyrirmyndar sem eiga tvímælalaust sköruglegustu jólakveðjuna. Þau slá hvergi af í sinni jólakveðju; óska landsmönnum öllum gleðilegra jóla, þakka samstarfið á árinu og segjast hlakka til framhaldsins: „Það er mikil barátta framundan sem krefst krafta allra þeirra sem vilja jöfnuð, umhverfisvernd, kvenfrelsi og frið.“





### En álftin?

Morgunblaðið birti í gær lista yfir tíu vandræðalegustu augnablik, uppákomur og fyrirbæri ársins. Þar kenndi ýmissa grasa, til dæmis móttaka handboltalandsliðsins á Arnarhóli, hljómsveitin Mercedes Club og hin fleygu orð Dorritar Moussiaeff um stórasta land í heimi. Dyggir lesendur Morgunblaðsins sakna þó að minnsta kosti eins atriðis á listanum yfir kjánahroll ársins; forsíðufrétt Moggans fyrr á árinu af óvenjuspakri plastálft, sem kippti sér ekki upp við það þótt kría tyllti sér á koll hennar.

bergsteinn@frettabladid.is

# Pólitísk tregðulögmál



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Ábyrgð

Eitt sem aldrei virðist eiga sér stað í stjórnmálum er að nokkur viðurkenni að hafa haft rangt fyrir sér. Á næsta ári tekur við ný ríkisstjórn í Bandaríkjunum þegar Barack Obama verður forseti. Fráfarandi stjórn er sú óvinsælasta í manna minnum.

Samt sem áður koma fráfarandi ráðamenn hver á fætur öðrum og telja sig hafa gert það harla gott. Bush er sáttur við sig, Cheney líka og Rice er beinlínis uppnumin yfir því hvað George W. Bush verði lofaður og dáður í framtíðinni út af Íraksstríðinu. Enda þótt almenningur í Bandaríkjunum sé greinilega búinn að fá nóg af þessu liði þá er það ekki hætt að mæra eigið ágæti. Og hvað tekur svo við? Auðvitað standa vonir allrar heimsbyggðarinnar til þess að við taki stríðsglæparéttarhöld þar sem Bush, Cheney, Rumsfield og allir hinir pólitíkusarnir verði látnir taka ábyrgð á gerðum sínum.

En fordæmin eru ekki góð; þegar Tony Blair hvarf frá völdum í Bretlandi var hann ekki leiddur fyrir rétt heldur gerður að sáttasemjara í málefnum Palestínu – og ekki hefur ástandið þar beinlínis skánað fyrir vikið. Meira að segja var rætt að gera hann að sérstökum forseta Evrópu en það kom sem betur fer ekki til framkvæmda þar sem Írar felldu Lissabonsáttmálann. Við vitum öll hið sanna um þá Bush og Blair en þeir hafa ekki viðurkennt neitt sjálfir.

### Orustuþoturnar sem hurfu

Þetta virðist líka gilda á Íslandi. Fyrir seinustu alþingiskosningar komust þingmenn Sjálfstæðisflokksins upp með þá samræmdu skoðun að stuðningur við Íraksstríðið hefði verið réttur „miðað við þáverandi forsendur“ og engum fjölmiðlamanni datt í hug að ganga frekar á þá fyrir þetta bullsvar. Og Íraksstríðið er ekkert einsdæmi. Ríkisstjórn Íslands studdi líka árásarstríð gegn Júgóslavíu og Afghanistan, með dyggum stuðningi Samfylkingarinnar, og hefur enginn enn þurft að svara fyrir stuðning fyrir þær blóðsúthellingar. Enda var þetta allt saman liður í vörnum Íslands og þeim eilífa sannleik, sem stjórnarþingmenn átu upp hver eftir öðrum, að til þess að sinna þeim þyrfti fjórar bandarískar orustuþotur.

Nema hvað, orustuþoturnar hurfu eins og hendi væri veifað en íslenskir ráðamenn horfðust að sjálfsögðu ekki í augu við það að allt þeirra tal um „varnarþörf“ hefði verið byggt á sandi. Að það hefði kannski ekki verið ástæða til að framlengja kalda stríðið um fimmtán ár á Íslandi til þess eins að ganga í augun á bandarískum ráðamönnum. Frekar en að viðurkenna það var milljörðum af almannafé eytt í að panta árstíðabundið loftrýmiseftirlit, nú seinast þotur frá Bretlandi sem komu að vísu ekki. Komið var á fót hinni rándýru Varnarmálastofnun sem hefur forgang á fjárlögum yfir Landspítalann eða Háskóla Íslands. Allt var gert frekar en að horfast í augu við það að íslenskir stjórnmálamenn hefðu hugsanlega fylgt rangri stefnu í fylgisspekt sinni við Bandaríkin áratugum saman.

### Allt frekar en endurmat

Varnarmálastofnun og milljarðarnir sem fara í hana eru dæmi um það hversu takmarkalausu fjármagni stjórnmálamenn eru tilbúnir að eyða til þess að þurfa aldrei að viðurkenna að þeir hafi rangt fyrir sér. Í því ljósi eru viðbrögð þeirra við hruni bankakerfisins fyrirsjáanleg. Meginhugsunin á bak við þau eru ofsahræðsla stjórnarflokkanna við að þurfa endurmeta eigin hugmyndafræði – frjálshyggjukreddurnar sem hafa riðið húsum á Íslandi undanfarna áratugi. Þess vegna yfirtók ríkið tap bankanna í stað þess að láta þá verða gjaldþrota eins og hver önnur fyrirtæki á markaði. Stjórnmálamenn sem báru ábyrgð á einkavæðingu bankanna hafa ekki ennþá viðurkennt að hún hafi verið mistök. Samt eru þeir tilbúnir að senda skattgreiðendum reikninginn vegna innlánsábyrgða bankanna innlendis og erlendis. Og þeir láta sig hafa það að framselja völd yfir gerð fjárlaga til fastafulltrúa frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er svo viss söguleg kaldhæðni að sjóðurinn skyldi senda okkur Dana sem óformlegan landstjóra.

Undanfarin ár hafa íslenskir ráðamenn steytt á hverju skerinu á fætur öðru vegna rangrar ákvarðanatöku í utanríkismálum, efnahagsmálum og orkumálum. Viðbrögð þeirra hafa jafnan einkennst af sama flaustrinu. Þar hefur sýnt sig að þeir sem sitja að völdunum eru tilbúnir að gera allt nema það að eitt að horfast í augu við eigin mistök. Enda reiða þeir sig á að kjósendur fyrirgefi og gleymi – enn og aftur.

# Heyrði Páll Baldvin predikanirnar?

**UMRÆÐAN**

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir skrifar um leiðara í Fréttablaðinu



STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Páll Baldvin Baldvinsson gagnrýnandi skrifaði leiðara í Fréttablaðið þann 28. desember síðastliðinn. Leiðarinn hefst á orðunum: „Enn erum við í jólaboðinu og biskupinn og allt hans hyski hefur sagt við okkur látlaust í stillilega rómnum alla jólahelgina: Verum stillt, verum stillt.“

Ég ætla ekki að fjölyrða um orðaval Páls. Leiðari birtir skoðanir þess er skrifar hann.

Ég set hins vegar spurningarmerki við það hvernig hann leggur heilli stétt orð í munn. Maður hlýtur að velta því fyrir sér til hvaða predikana hann sé að vitna, þar sem fram kemur í pistlinum að hann fór ekki í kirkju.

Hverjar eru heimildirnar sem liggja til grundvallar ályktun hans og orðum? Jólapredikanir í kirkjum landsins eru afar fjölbreyttar og sjá má margar þeirra í stærsta predikanasafni landsins, Postillunni, á vefnum www.tru.is.

Lesendur Fréttablaðsins eru hvattir til að skoða predikanir presta Þjóðkirkjunnar á Trú.is og meta síðan sjálfir hversu vel fyrrnefndur leiðari endurspeglar þær.

Í lok leiðara síns spyr Páll Baldvin „Hvert er rétt að stefna?“. Kannski ætti hann að lesa jólapredikanirnar. Hver veit nema hann finni þar einhver þeirra grunngilda sem gætu gagnast okkur vel í að móta stefnu til framtíðar?

*Höfundur er verkefnisstjóri upplýsingasviðs Biskupsstofu.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ÖRYGGISGLERAUGU** eiga allir að hafa þegar skotið er upp flugeldum, líka áhorfendur. Slysavarnafélagið Landsbjörg og Blindrafélagið gefa 27.000 börnum öryggisgleraugu í ár og vilja hvetja almenning til að meðhöndla flugelda af ábyrgð.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447















„Við erum eiginleg aldrei með sama matinn á gamlárskvöld. Einu sinni var ég með uppskrift að grænmetisrétti sem eiginmaður Kolbrúnar Halldórsdóttur hafði gefið í einhverju blaði og ég varð að hringja í hann til að fá nánari ráðleggingar," segir Kikka. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fer að vilja barnanna

**Kristlaug María Sigurðardóttir rithöfundur ætlar að hafa það notalegt um áramótin ásamt fjölskyldunni. Eldamennska, áhorf á ávarp Danadrottningar og heimsókn á brennu er meðal annars á dagskránni.**

„Ég er að vinna á starfsstöð fyrir geðfatlaða á gamlársdag, en þar starfa ég aðra hverja helgi og svo einstaka helgidaga. Eftir vinnu fer ég svo heim að elda, en eftir nokkrar bollaleggingar komumst við fjölskyldan að þeirri niðurstöðu að hafa pörusteik í matinn á gamlársdag. Reyndar gerum við matinn saman þótt ég sé verkstjórinn," svarar rithöfundurinn Kristlaug María Sigurðardóttir, betur þekkt sem Kikka, spurð um hvernig hún ætli að verja áramótunum.

Kikka segist hlakka til að geta haft það gott með fjölskyldunni og slappað af enda hefur hún haft í nógu að snúast að undanförnu. Hún sendi frá sér bók um Jón Ólaf jólasvein fyrir jól, en rétturinn að henni hefur verið seldur til Þýskalands. Svo hefur hún verið önnum kafin við að ljúka við framhald þeirrar bókar sem kallast Jón Ólafur, Með dauðann á hælunum, sem kemur út í október á næsta ári. Áramótin eru því kærkomin hvíld.

„Þetta verður rosalega gott," segir hún og bætir við að gamlárskvöld sé þó að mestu leyti óplanað. Helst standi til að horfa á Skaupið ásamt fjölskyldunni og kvikmyndina 90 ára afmælið sem er alltaf sýnd í danska sjónvarpinu um áramót, að ógleymdu ávarpi Danadrottningar. „Þetta eru sjálfsagt nokkrar af fáum hefðum sem við Loftur, maðurinn minn, tileinkuðum okkur á meðan við bjuggum í Danmörku og höfum haldið í upp frá því. Til allrar hamingju tókum við ekki upp á því að borða þorsk á gamlárskvöld eins og Danir gera þótt fiskurinn sé alveg ágætur aðra daga."

Kikka segist ekki vera mikið gefin fyrir flugelda, eiginlega sé hún bara hálfhrædd við þá og ætlar því að eftirláta fjölskyldunni að skjóta nokkrum upp meðan hún fylgist með út um gluggann. Hins vegar geti vel farið að fjölskyldan skelli sér saman á brennu. „Já, enda orðið nokkuð langt síðan maður hefur gert það. Brennt burt gamla árið og fagnað því nýja með þessum hætti," segir hún hress.

„Við fjölskyldan höfum síðan haft fyrir hefð að fara saman í gönguferð á nýársdag. Við tínum þá upp rakettuprikin sem eru úti um allt og ræðum hvað við vonum að komandi ár beri í skauti sér, hvers við óskum fyrir okkur sjálf og umhverfið okkar," bendir hún á en tekur þó fram að annars sé hún lítið gefin fyrir hvers kyns hefðir, hvort sem þær eru í tengslum við helgidaga eða bara almennt. „Það er helst að börnin séu að verða hefðbundin og ég beygi mig bara undir þeirra vilja."

roald@frettabladid.is








# áramót

ÞRIÐJUDAGUR 30. DESEMBER 2008



## Upptökur í einu rennsli

**Andrés Indriðason rifjar upp gerð fyrsta áramótaskaupsins.**

BLS. 2




NORDICPHOTOS/GETTY




Við bjóðum upp í dans á nýju ári

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Mambó | Tjútt | Freestyle
Break | Salsa | Brúðarvals
Jazz | Hiphop | Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

DANSSKÓLI
Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Ýmis starfsmanna- stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar    Borgartún 6 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | www.dansskoli.is



Ólöf Snæhólm Baldursdóttir vill hvetja fólk til að nota öryggisgleraugu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ríkisstjórnin sprengd

Björgunarsveitirnar bjóða nú upp á nýjung í skottertum, Bankatertu, Víkingatertu, Stjórnmálatertu og Íslandstertu.

„Terturnar eru myndskreyttar af Halldóri Bjarnasyni með myndum af bankamönnum, íslenskum útrásarvíkingum og stjórnmálamönnum,“ útskýrir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Landsbjargar, og hvetur fólk til að nota hlífðargleraugu við sprengingarnar.




Almenningi gefst sjaldgæft tækifæri til að sprengja ríkisstjórnina um áramótin. MYND/LANDSBJÖRG

Flugeldasalan stendur undir allt að 90 prósentum af rekstrarkostnaði björgunarsveita landsins við bíla og annan búnað, auk þjálfunar og æfinga björgunarsveitarfólks sem er tilbúið þegar kallið berst, allan sólarhringinn allan ársins hring. Ólöf er bjartsýn á söluna þetta árið.

„Við finnum ekkert fyrir samdrætti enn þá. Aftur á móti finnum við fyrir miklum velvilja fólks og trúum því að fólk vilji skemmta sér um áramótin og styrkja björgunarsveitirnar í leiðinni.“

Ólöf segir Landsbjörg flytja inn vandaða og örugga flugelda og er jafnframt eini flugeldasalinn sem beitir sér fyrir forvörnum en Landsbjörg gefur þetta árið 27.000 börnum öryggisgleraugu í samvinnu við Blindrafélagið.

Sölustaðir björgunarsveitanna eru 112 talsins um allt land og opnir til klukkan 16 á morgun, gamlársdag. *- rat*



# Áramótabrennur á höfuðborgarsvæðinu

**REYKJAVÍK**

**Stórar brennur:**
Við Ægisíðu. Kveikt kl. 20.30.
Í Geirsnefi. Kveikt kl. 20.30.
Í Gufunesi. Kveikt kl. 20.30.
Við Rauðavatn. Kveikt kl. 20.30.

**Litlar brennur:**
Í Suðurhlíðum neðan við Fossvogskirkjugarð.
Kveikt kl. 20.30.
Við Suðurfell í Breiðholti.
Kveikt kl. 20.30.
Við Kléberg á Kjalarnesi.
Kveikt kl. 20.30.
Í Skerjafirði gegnt Skildinganesi 48–52.
Kveikt kl. 21.

**ÁLFTANES**
Á Bökkum við Tröð.
Kveikt kl. 20.30.

**KÓPAVOGUR**
Smárahvammur, Dalsmári.
Kveikt kl. 20.30.
Fyrirhugað hringtorg við Þingmannaleið, Gulaþing og Boðaþing.
Kveikt kl. 20.

**GARÐABÆR**
Sjávargrund, við Arnarnesvog.
Kveikt kl. 21.

**HAFNARFJÖRÐUR**
Við Tjarnarvelli á Ásvöllum.
Kveikt kl. 20.

**MOSFELLSBÆR**
Við Ullarnesbrekkur.
Kveikt kl. 20.

**SELTJARNARNES**
Á Valhúsahæð. Kveikt kl. 21.



Nokkur sjúkrahús fengu sjónvarpstæki að gjöf og dregið var um hvert þau skyldu fara. Um það sáu Guðrún S. Birgisdóttir, Bessi og Steindór. Verslunareigendur, sjónvarpsstarfsmenn og nemendur leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur fylgjast með.
LJÓSMYNDARI/BJARNLEIFUR BJARNLEIFSSON

# Þeir sem sáu fyrsta skaupið skemmtu sér hið besta

**Fyrsta áramótaskaup sjónvarpsins, flutt á gamlárskvöld 1966, er ekki til á spólu. Andrés Indriðason dagskrárgerðarmaður á hins vegar handritið enda var hann höfundur þess að hluta, upptökustjóri og hafði umsjón með skaupinu ásamt Steindóri Hjörleifssyni.**

„Þetta var nýtt fyrir öllum. Sjónvarpið var bara búið að starfa í þrjá mánuði því það hóf útsendingar 30. september 1966,“ byrjar Andrés þegar hann er beðinn að rifja upp fyrsta skaupið. Hann segir það hafa verið með öðru sniði en seinni tíma skaup sem tekin eru upp í bútum. „Það var bara til eitt myndbandstæki fyrir upptökur í myndverinu og var þeim annmörkum háð að ekki var hægt að klippa í því. Þess vegna urðu upptökur að fara fram í einu rennsli. Ef einhver mismælti sig eða endirinn var ekki á réttum tíma varð að byrja upp á nýtt. Spólurnar voru dýrar, í sparnaðarskyni voru þær notaðar aftur og aftur og ekki öllu efni haldið til haga,“ segir hann og lýsir síðan skaupinu, bæði eftir handriti og minni.

„Umgjörðin var torg og á því miðju var bensíntankur, leikinn



„Þetta var nýtt fyrir öllum,“ segir Andrés Indriðason sem hafði umsjón með fyrsta áramótaskaupinu ásamt Steindóri Hjörleifssyni og var höfundur handritsins að hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

af Jóni Júlíussyni leikara sem tók virkan þátt í gríninu. Steindór Hjörleifsson var kynnir og spjallaði við gesti, hann var á þessum tíma dagskrárstjóri lista- og skemmtideildar og þjóðþekktur leikari.

Heiti þáttarins, Áramótaskaup, kemur þarna fyrir í fyrsta skipti og bensíntankurinn spyr Steindór í upphafi hvort það sé ekki prentvilla og eigi að vera „Áramótastaup“. Steindór útskýrir að orðið skaup sé gamalt í málinu og merki skop og háð og sýnir það svart á hvítu í orðabókinni. Nú er orðið áramótaskaup komið inn í orðabókina yfir þennan þátt sem er kannski sá eini í víðri veröld sem heil þjóð fylgist með.“

Andrés heldur áfram að telja upp gesti skaupsins. „Leikararnir Arnar Jónsson og Margrét Guðmundsdóttir sungu lög úr leikritum og Bessi Bjarnason eitt um imbakassann. Ómar Ragnarsson kom inn á torgið í einum af sínum örbílum og tók lagið. Konan hans, Helga Jóhannsdóttir, kom líka og þau hjónin fengu blóm því þau áttu brúðkaupsafmæli þetta kvöld. Ómar var ekki orðinn starfsmaður sjónvarpsins þá en það voru hins vegar Sigurður Sigurðsson íþróttafréttamaður og Magnús Bjarnfreðsson fréttamaður sem komu fram í dulargervum og spiluðu saman á fiðlu og píanó. Þóttust vera pólskir tónsnillingar en upp um þá komst. Fleiri starfsmenn sjónvarpsins komu við sögu með ýmsum hætti og einnig nemendur úr leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur sem tóku undir í söng.“

Á þessum tíma segir Andrés áramótaræður hafa verið til siðs og enginn hafi þótt hæfari Örlygi Sigurðssyni listmálara til að ávarpa þjóðina á þessum tímamótum enda hafi hann gert það í bundnu máli.

„Þá á ég eftir að nefna tvennt,“ segir Andrés. „Annál ársins í spéspegli sem var fluttur með teikningum eftir Ragnar Lár og úthlutun sjónvarpstækja sem eigendur sjónvarpsverslana gáfu sjúkrahúsum. Guðrún S. Birgisdóttir, sem nú er þekktur flautuleikari, annaðist útdráttinn. Hún hafði áður komið fram í Stundinni okkar á jólunum og frumflutt Ég sá mömmu kyssa jólasvein við texta Hinriks Bjarnasonar.“

Útsendingarsvæði sjónvarpsins á þessum tíma var takmarkað við höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni svo þjóðin gat ekki öll horft á skaupið að sögn Andrésar. „En þeir sem fengu notið þess skemmtu sér vel.“ *- gun*



Sigurður Sigurðsson og Magnús Bjarnfreðsson þóttust vera pólskir tónsnillingar. Á bak við má greina Þórunni Sigurðardóttur, Kristínu Ólafsdóttur, Hrönn Steingrímsdóttur og Guðmund Magnússon meðal annarra. LJÓSMYNDARI/BJARNLEIFUR BJARNLEIFSSON

# ÍSLENSKT ÁRAMÓTASNAKK




## Hverjir eru bestir?

**- í snakkinu okkar er 100% sólblómaolía**

- mun hollara en frá erlendum framleiðendum
- aðeins 3% mettuð fita
- engin hert fita
- engar transfitusýrur, sem er mjög gott
- 30% minni fita en í kartöfluflögum
- þess vegna erum við bestir




Stjörnu POPP



ÍSLENSKT STJÖRNUSNAKK

www.snakk.is

# Glitur og glamúr

Á fáum tímum ársins leyfist konum að klæðast jafn skrautlega og um áramót. Litríkir pallíettukjólar fara enda vel við partíhatta, músastiga og litríka flugelda. Svart og silfurlitað er klassískt um áramótin en einnig eru skærir litir tilvaldir í áramótapartíið. *- sg*



Bleikur kjóll úr silki og bómull frá danska tískumerkinu Designers Remix. Í Debenhams á 29.990 krónur á áramótatilboði.



Klæðilegur galakjóll sem fæst bæði í svörtu og fjólubláu. Úr Isis á 23.990 krónur.



Svartur og silfraður áramótapartíkjóll frá Isis á 16.490. krónur.



Svartur pallíettukjóll frá Rokki og rósum á 12.500 krónur.



Skemmtilegur kjóll frá Rokki og rósum á 12.500 krónur. Hálsmenið er á 3.900 krónur.






# Stemning og glæsileiki

**Um áramótin bregður fólk sér oft í hlutverk og leyfir sér ýmsa hluti í förðun og klæðaburði. Fríða María Harðardóttir gefur okkur fallega hugmynd að hátíðarfarða og -greiðslu.**

„Farði er svo persónubundinn og þess vegna finnst mér oft erfitt að svara því hvort eitthvað sé úti eða inni,“ segir Fríða María Harðardóttir förðunarfræðingur og lýsir verkinu nánar. „Hér er ég hins vegar að vinna út frá línu frá Mac og voru nokkrar litalínur í boði. Þessi sem ég valdi er svona jóla- og hátíðalína en þær koma alltaf fyrir jólin og eru í flottum og veglegum umbúðum, svokölluðum pallettum. Línan er með smá vísun í einhverja stemningu frá því snemma á áttunda áratugnum en er samt nútímaleg.“

Litirnir eru mildir og hlýir og eru sex talsins í pallettunni. „Það skemmtilega er að ég notaði þá alla. Í pallettunni eru dökkgrænn, ólífugrænn með smá gyllingu, plómurauður, hlýr millibrúnn litur og svo ljós litur til lýsingar. Síðan var svona bjartur appelsínurauður gloss sem ég notaði á varirnar,“ útskýrir Fríða og bætir við að nú séu margar stefnur í gangi og því sé um að gera fyrir hvern og einn að finna sína leið.

Fyrirsætan er með dæmigerðan íslenskan háralit og þykir Fríðu hann mjög fallegur og um að gera að nýta náttúrulega fegurð. „Oft eru stelpur langfallegastar með sinn náttúrulega lit og um að gera að undirstrika það fallega sem maður fæðist með. En auðvitað er gaman að gera eitthvað nýtt með farða og greiðslum þegar svo ber undir. Á gamlárskvöld er einmitt þess háttar tilefni og kjörið að bregða sér í smá hlutverk og bæta einhverju við útlitið.“

Gamlárskvöld er sá dagur ársins þar sem glæsileiki er við völd og því um að gera að leika sér með farða, greiðslur og klæðnað. „Ég fer annars alltaf eftir hverjum og einum og eltist ekki við neina strauma og stefnur heldur læt farðann frekar hæfa viðkomandi. Ef ég á hins vegar að nefna það vinsælasta undanfarið þá eru það sterkir, rauðir varalitir og áberandi sterkur, sixtís augnlínupenni. Jafnframt hafa afgerandi augabrúnir einar og sér verið svolítið núna síðustu misseri,“ segir Fríða og viðurkennir að það haldist í hendur við djarfari fatatísku. „Annars er svo margt í gangi,“ bætir hún við.

Fríða nefnir að mikilvægt sé fyrir konur að vanda umhirðu húðarinnar. „Einnig skiptir máli að ofgera ekki farðanum og leggja frekar áherslu á eitthvað eitt heldur en að vera með allt í gangi. Þá á ég við að gott er að velja til dæmis augun eða varirnar til áherslu en ekki allt saman, þó svo það geti verið skemmtilegt við sérstök tilefni. En ef lögð er áhersla á húðina þá verður hún frísklegri og ljómar.“ *- ve/, hs*



Fríða notaði snyrtivörur frá Mac og hárvörur frá Bumble and Bumble. Pallettan fyrir augun kallast Intriguing Scarlet: 6 Warm Eyes en sú sem er fyrir varirnar kallast Devoted Poppy: 3 Coral Lips. Nánari upplýsingar um Fríðu Maríu og verk hennar má finna á www.fridamaria.com. MYND/ARI MAGG

# Litríkir partískór

Svartir og brúnir skór eru í meirihluta í skóbúðum yfirleitt enda hentugustu litirnir sem passa við flest föt. Hins vegar ríkir viss litagleði í búðum þessa dagana og má finna skó í ótrúlegustu litum sem sjaldan eru fáanlegir.

Slíkir litríkir spariskór passa vissulega ekki við allt en þó er gaman að eiga slíka skó enda er hægt að grípa til þeirra þótt mörg ár líði á milli. Fjólubláir, grænir og rauðir spariskór eru því tilvaldir í áramótapartíið í ár enda ekki úr vegi að lífga aðeins upp á andann í þessu árferði.



Rauð fiðrildi prýða þessa sérstæðu skó frá Bossanova á 10.900 krónur.



Rauðir og sparilegir skór með slaufu. Bossanova, 8.900 krónur.



Falleg blómin eru punkturinn yfir i-ið á þessum glæsilegu skóm sem fást í ýmsum litum í Bianco. Á 9.900 krónur.



Grænir og gylltir spariskór frá Bianco á 9.000 krónur.



Eldingin tónar vel við flugeldana á gamlárskvöld. Bossanova, 10.900 krónur.


ÁRAMÓTABALL
SÁLIN HANS JÓNS MÍNS
á Broadway
Eitt stærsta ball ársins verður á gamlárs á Broadway!
Sálin ætlar að spila þakið af húsinu
Kveðjum gamla árið með stæl og hefjum nýtt
með trylltum dansi á gólfinu á Broadway.
Forsala í gangi á Broadway og á Brodway.is
Tveir ástsælustu plötusnúðar
Techno.is
EXOS og Frigore verða í svakalegum gír í Norðursalnum!
BROADWAY
Skrautfjöðrin í skemmtanalífinu



Það taka ekki öll dýr því jafn rólega og þessi bolabítur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gætt að dýrunum

Áramótin með sínum gleðilátum henta ekki öllum. Sérstaklega eru sum gæludýr viðkvæm fyrir sprengjulátum sem einkenna þessa hátíðisstund. Sum dýrin geta orðið logandi hrædd og því þarf að gera ráðstafanir svo þeim líði betur og hræðslan hafi ekki áhrif á gleði þessarar stundar.

Hér eru nokkur ráð sem gott er að fylgja þegar áramótin renna í garð. Ekki skal hleypa köttum og hundum út á gamlárs- og nýársdag eða á þrettándanum. Þau gætu orðið hrædd og hlaupið í burtu eða jafnvel orðið fyrir bíl.

Ef hundur sýnir hræðslumerki við sprengingar er mikilvægt að fólkið í kringum hann haldi ró sinni og sýni jafnvel gleðiviðbrögð. Ekki skal vorkenna hundinum því það gæti ýtt undir ótta hans. Einnig hafa lyktarhormón gefið ágæta raun en þau eru talin draga úr streitu og kvíða án aukaverkana. Þessi lyktarhormón fást án lyfseðils hjá dýralæknum.

Gott er að útbúa skot þar sem dýrið getur leitað skjóls. Til dæmis á stað sem það venur komur sínar á, í búri eða stórum kassa. Ekki skal draga hundinn fram hafi hann fundið sér öruggan stað en best er að hafa ljósin slökkt í skotinu, en kveikt ef miklir glampar eru af sprengingum. Tónlist getur minnkað hávaðann frá sprengingum. Sé dýrið haldið ofsahræðslu getur verið gagnlegt að gefa því róandi lyf.

Hestar verða einnig mjög hræddir við skotelda og ættu því að vera inni í húsum í kringum áramótin. Gott er að byrgja rúður í hesthúsum og hafa kveikt á útvarpi. *-sg*

**● SÖLUSTAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA** Flugeldasala björgunarsveitanna stendur nú sem hæst. Sveitirnar selja um allt land og má nálgast upplýsingar um sölustaði á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, það er www.landsbjorg.is.

Í Reykjavík selja björgunarsveitirnar meðal annars flugelda í húsi Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallarveg, við Bónus í Holtagörðum og við Sundlaug Vesturbæjar. Einnig eru flugeldar seldir við Nettó í Mjódd og við Spöngina í Grafarvogi.

Í Kópavogi má nálgast flugelda við Salalaug, við Byko í Breiddinni og við Toyotahúsið á Nýbýlavegi 2.

Í Hafnarfirði verða flugeldar seldir í Björgunarhúsinu, Flatahrauni 14, við Haukahúsið og í Firðinum.

Mosfellingar geta keypt flugelda í Björgunarhúsinu við Völuteig 24 og við gamla Krónuhúsið við Háholt.

Á Akureyri verða flugeldar seldir í Björgunarsveitarhúsinu við Hjalteyrargötu 12 og á Hornafirði má kaupa flugelda í húsi Björgunarfélagsins á Áslaugarvegi 9. *-rat*




Flugeldar lýsa upp himininn yfir Sydney. NORDICPHOTOS/GETTY


Áramót í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Áramótunum fagnað í París. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Flugeldar í tvö þúsund ár

**Byssupúður, sem er undirstaða flugelda, var fyrst búið til í Kína.**

Flugeldar voru fundnir upp fyrir tilviljun í Kína fyrir um það bil tvö þúsund árum. Þá er talið að kínverskur kokkur hafi óvart blandað saman þremur efnum, KNO3 (saltpétri), brennisteini og kolum. Efnin voru hituð yfir eldi og þurrkuð þar til úr varð svart púður sem sprakk þegar kveikt var í því. Þannig varð til það efni sem við í dag þekkjum sem byssupúður.

Kínverjarnir þróuðu efnið frekar. Settu það í hola bambusstöng og hentu í eld. Við þetta sprakk stöngin og púðurkerlingin (kínverjinn) var fæddur. Eftir þetta spiluðu púðurkerlingar mikinn þátt í hátíðarhöldum í Kína.

Púðrið var vissulega ekki hættulaust og Kínverjar höfðu að hundrað árum liðnum útbúið nokkur vopn með sprengikrafti. Til dæmis örvar úr púðurfylltum bambusstöngum. Áður en langt um leið breiddist þekkingin um púðrið til vesturs. Englendingurinn Roger Bacon (1214-1294) var fyrstur Evrópumanna til að rannsaka púðrið og skrifa um það. Hann komst að því að KNO3, eða saltpétur, væri drifkrafturinn í púðrinu. Hann gerði sér grein fyrir eyðingarmætti efnisins og skrifaði því allt á dulmáli sem enginn leysti næstu hundruð ár.

Það var árið 1560 sem evrópskir efnafræðingar náðu að auka sprengikraft byssup úðursins með því að leika sér að hlutföllum efnisins. Lokaniðurstaðan var þessi: 75 prósent saltpétur, 15 prósent kol og 10 prósent brennisteinn. Þessi hlutföll eru enn notuð í dag.

Þeir sem breyttu flugeldum í sanna listgrein voru Ítalir. Þeir fundu upp raketturnar sem var hægt að skjóta upp í loftið og sprungu þannig að þær mynduðu litrík ljós sem lýstu upp himininn. Það var ekki fyrr en á nítjándu öld sem fundin var upp leið til að fá rauða, græna og bláa liti í flugeldana en áður voru litirnir aðeins gulir og appelsínugulir. *-sg*


Stórglæsileg sérblöð,
**Skólar og námskeið og Heilsa og lífsstíll**
fylgja Fréttablaðinu í janúar.

**Auglýsendur vinsamlegast hafi samband:**
**Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is**
**Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is**
**Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is**
**Benedikt í síma 512 5411 eða eða benediktj@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga



6. janúar



8. janúar


ÍSLANDS
NAUT
Stolt kjötmeistarans
Alvöru
áramóta
nautasteikur
meirt , ljúffengt og sérvalið gæða nautakjöt til að gera hátíðina ógleymanlega...
ÍSLANDSNAUT
ÍSLANDSNAUT
ÍSLANDSNAUT
ÍSLANDSNAUT
100%
100%
100%
100%
leiðbeiningar um eldun og meðferð nautakjöts á flettimiða framan á umbúðum
100%
NAUTAKJÖT
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Fæst í:
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ER KOMINN TÍMI TIL AÐ HÆTTA?
Með því að fá
aðstoð við að hætta að reykja
tvöfaldar þú líkurnar á því að
geta hætt fyrir fullt og allt



RÁÐGJÖF Í REYKBINDINDI 800 6030
Skráðu þig á gagnvirku heimasíðuna reyklaus.is
LÝÐHEILSUSTÖÐ



Hattar og grímur eru ómissandi á gamlárskvöld. Gaman er að binda fyrir augu í leik þar sem reynt er að þekkja úr vini og vandamenn með snerti- og lyktarskyninu einu saman. Þá er þreifað á til dæmis fótum þriggja manneskja til að skera úr um hver á hvað.

NORDICPHOTOS/GETTY



Um áramót fá allir koss, og í fjörlegum leik fá allir á sig varalit hver í sínum lit. Á tilsettum tíma eiga þeir að kyssa eins marga og þeir komast yfir, en á eftir eru kossarnir taldir með því að telja kossa-för á kinnum hinna. Sá sem kyssir flesta fær sigurlaun.

# Gamla árið kvatt með stæl

**Gamlárskvölds er jafnan beðið með óþreyju og eftirvæntingu, enda stendur mikið til. Allt á að vera fullkomið og hjá mörgum rennur upp aðalpartíkvöld ársins. Til að krydda samfagnað í heimahúsi má leika skemmtilega samkvæmisleiki, sem valdir eru af kostgæfni, hvort sem partíið er fjölmennt fjölskyldukvöld eða tveggja manna rómantík.**



Feluleikur er skemmtilegt fjölskyldugaman. Lítil börn geta verið kjánar í að finna stað og koma ekki upp um sig, og því hreinasta ánægjustund að fela sig með þeim í dillandi hlátri og ískrandi fjöri.



Drykkjuleikir eru vinsælir á gamlárskvöld, enda viðeigandi að skála fyrir nýju ári um leið og gamla árið er kvatt. Notið teskeið til að fylla vínstaup í keppni, en sá sem fyrstur nær að fylla fær einnig að skála og drekka í botn.



Það er erfiðara en sýnist að borða epli hangandi spotta og án þess að mega nota hendur. Veldur mikilli spennu og hlátri meðal viðstaddra.



Að dansa þétt saman með blöðru er strembin þraut en skemmtileg. Tvö pör eða fleiri eru valin til að dansa saman á þennan hátt og það par sem dansar lengst án þess að missa blöðruna vinnur leikinn.

# Aðgát skal höfð um áramót

Meðferð flugelda er alvörumál. Nauðsynlegt er að fylgja reglum um öryggi því öllu gamni fylgir alvara. Slysavarnafélagið Landsbjörg gefur ráðleggingar á vefsíðu sinni um meðferð flugelda en þar segir meðal annars:

Börnum yngri en 16 ára eru ekki seldir flugeldar og fullorðnir skulu ávallt aðstoða börn við meðferð flugelda.

Mikilvægt er að hafa trausta undirstöðu þegar flugeldum er skotið upp og velja skotstað í að minnsta kosti 20 metra fjarlægð frá húsum. Það má aldrei kveikja í flugeldum á meðan haldið er á þeim, heldur aðeins á sérmerktum handblysum.

Víkja skal vel frá eftir að búið er að kveikja í flugeldinum. Ekki skal standa nálægt flugeldum sem sprengdir eru því hávaði frá þeim getur skaðað heyrn. Allir skulu vera með öryggisgleraugu. Líka þeir sem horfa á.

Ekki má handleika flugelda eftir að kveikt hefur verið á þeim. Þeir geta sprungið fyrirvaralaust. Ef þeir springa ekki skal hella yfir þá vatni.

Halda skal dýrum innandyra. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir hávaðanum.

Flugeldar og smádót sem fylgir eru ekki leikföng og ekki skal nota það í hrekki. Alvarlegustu slysin af völdum flugelda verða sökum fikts. Mjög hættulegt er að taka þá í sundur og búa til heimagerðar sprengjur.

Sjá www.landsbjorg.is. *- rat*



Flugeldasýningar eru ævintýralegar á að horfa en gæta þarf fyllsta öryggis.

# Við óskum landsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári




## Allt til þess að fullkomna áramótapartýið

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Tveir hollir og einfaldir

Áramótin eru svo sannarlega tími smárétta og nasls. Hér eru tvær hugmyndir að einföldu og hollu nasli sem börnum þykir líka hið mesta góðgæti.

Í fyrsta lagi eru það eplaskífur með osti. Einungis þarf lítil græn epli, Camembert-ost (eða annan ost að eigin vali) og jarðarber. Eplin eru skorin í skífur og gott er að dreypa sítrónusafa yfir þau svo þau verði ekki brún. Því næst er osturinn skorinn í sneiðar og honum tyllt ofan á skífurnar. Að lokum er jarðarberjasneið sett ofan á og fyrir fagurkera, og þá sem vilja ögn meira bragð, er hægt að setja eins og tvö tímíanlauf á hverja sneið.

Seinni rétturinn er afskaplega einfaldur. Þá þarf bara góðan partídisk og ferska ávexti. Skerið ávexti að eigin vali í bita. Gaman er að hafa þá í mismunandi litum svo diskurinn sé fallegri á að líta. Dreypið sítrónusafa yfir epli og banana svo liturinn haldi sér. Útbúið ídýfu úr peruskyri og vanillujógúrti. Hlutföllin fara eftir smekk. Til gamans má hafa skrautsykur með til að dýfa í. Yngri kynslóðin kann oft vel að meta þess háttar dúllerí. *- hs*



**Ferskir ávextir eru tilvaldir fyrir litla fingur. Ekki spillir fyrir að hafa góða vanillu- og peruídýfu með.**



**Eplaskífur með osti og jarðarberjum eru hollt og gott nasl.** MYND/HREFNA

# Leikið á bragðlaukana

Hvort sem ætlunin er að töfra fram einfaldan forrétt eða útbúa smárétti þá er þessi uppskrift kjörin. Sætt, salt og ferskt bragð í bland myndar ómótstæðilega samsetningu.

Allt sem til þarf er hörpudiskur, döðlur, beikon, grillteinar og eitthvert gott salat, til dæmis klettasalat.

Vefjið döðlu og hörpudisk inn í beikonsneið og steikið í olíu á pönnu. Þræðið síðan góðgætið upp á tein. Ef ætlunin er að útbúa smárétti þarf ekki að setja tein heldur er hægt að hafa tannstöngla til taks en ef um forrétt er að ræða er sniðugt að setja eins og fjóra beikonböggla á grillteinn. Þá er gott að dreifa klettasalati á disk og leggja teininn þar ofan á. Einnig má skreyta með furuhnetum eða bera þær fram sér ásamt balsamikediki eða rauðvínsediki. *- hs*



**Döðlur eru ljúffengar í ýmsa smárétti.**



**Beikonbögglarnir svíkja engan en þar mætist saltbragð kjötsins, ferskur og mjúkur hörpudiskurinn og sætt daðlan.** MYND/HREFNA

Saltfiskur er mikilvægur hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar

Tímarnir breytast en saltfiskurinn frá Ekta fiski, þessi gamli góði með íslenskum kartöflum og smjöri, stendur alltaf fyrir sínu.
Sérútvatnaði saltfiskurinn er sérstaklega hentugur í seiðandi saltfiskrétti.
Fæst um allt land. Hafðu samband!



Ekta fiskur
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940



GULL kistan
Ekta saltfiskur tilbúinn til útvötnunar.
Frábær gjöf handa Íslendingum út um allan heim!
Bæklingur á 4 tungumálum um meðferð og eldun fylgir með.



**Dóttir Fidels er sætur, mjúkur og bragðmikill. Drykkurinn er borinn fram hristur í martini-glasi.** MYND/HÖRÐUR



**Óáfengi kokkteillinn svíkur engan og er skemmtilegt að neyta hans í fallegu kokkteilglasi.** MYND/HÖRÐUR



**Barinn í Veisluturninum er stórglæsilegur á að líta og þar má svo sannarlega láta sig dreyma í litskrúðugu umhverfi með bragðgóðan drykk í hendi.** MYND/HÖRÐUR

# Litríkir kokkteilar um áramót

**Bragðgóðir og litríkir kokkteilar eiga vel við um áramót. Barþjónarnir í Veisluturninum í Kópavogi kunna galdurinn á bak við nokkra slíka.**

Áramótin eru litskrúðugur tími þrátt fyrir svartnættið úti. Flugeldar springa í öllum regnbogans litum, knöll og hattar glitra, sumir setja upp skrautlegar grímur, oft má sjá íburðarmikla kjóla í öllum regnbogans litum og einnig gætir litagleði í mat og drykk.

Gaman er að bjóða upp á ýmiss konar kokkteila sem kitla bragðlauka og litaskyn. Við fengum þrjár uppskriftir að bæði áfengum og óáfengum kokkteilum frá Veisluturninum í Kópavogi en þar má svo sannarlega finna litríkan bar sem kitlar skynfærin. Höfundur drykkja er Valgarður Finnbogason. *- hs*

### Dóttir Fields – Martini glas - hristur

3 cl Havana Club ljóst
1,5 cl DOM Benedictine
1 cl Grand Marnier
1,5 cl lime safi
3 cl ástaraldin eða papaya-purée

*Allt sett saman í hristara og hrist vel með klökum. Síðan er drykknum hellt í vel kælt kokkteilglas án klaka. Skreyting: Ástaraldin skorið í helming og látið fljóta ofan á drykknum.*



**Miss Tower er fagurrauður í long drinkglasi.** MYND/HÖRÐUR

### Miss Tower – Long Drink glas – byggður

5 cl Absolut Raspberry vodka
1,5 cl Bols Raspberry líkjör
4 stk. hindber
trönuberja- og eplasafi

*Hindberin eru marin saman í botninn á glasinu, síðan er áfenginu hellt í og glasið fyllt með muldum ís og hrært vel í. Síðan er fyllt upp með epla- og trönuberjsafa í jöfnum hlutföllum. Skreyttur með hindberi.*

### T20 Daquiri Surprise – óáfengur

2 cl hindberjasíróp
1,5 cl brómberjasíróp
2 stk. brómber – 2 stk. jarðarber
1,5 cl lime safi
3 cl trönuberjasafi

*Setja allt saman í blandara með fullu glasi af klökum. Drykkurinn á að verða seigfljótandi. Hellt í kokteilglas. Skreyttur með blönduðum berjum.*

# Ljúf laxarós með piparrótarrjóma

Einfaldir forréttir henta oft einna best með hátíðamat þar sem aðalrétturinn er það vel útilátinn. Eini-berjagrafinn lax með eplaediki og piparrótarrjóma er mikið lostæti og fljótlegt að framreiða ef rjóminn er útbúinn tímanlega. Uppskrift er fengin úr jólabæklingi Nóatúns frá árinu 2007. *- hs*

**400 g einiberjagrafinn lax**
Eplaedik
1 stk. grænt epli
1 dl ólífuolía
1 msk. söxuð steinselja
1 msk. hvítvínsedik
salt og pipar

*Blandið öllu saman nema eplinu og kryddið með salti og pipar. Afhýðið eplið og skerið það í litlar sneiðar og bætið í olíuna.*

**Piparrótarsósa**
1 dós sýrður rjómi 18% eða 36%
1 msk. hvítvín (má sleppa)
2 msk. rjómi
1 msk. piparrót
salt og pipar

*Hrærið öllu saman og látið standa í klukkustund áður en borið er fram.*

**Framreiðsla:**

*Skerið laxinn í sneiðar og myndið rós úr þeim á miðju disksins. Raðið eplum í kring og hellið eplaedikinu yfir. Berið fram með piparrótarsósu og ristuðu brauði.*



**Laxarósin er fögur á að líta og unaðsleg að bragða á.** MYND/HREFNA



# PARTÝLJÓN!




- í veisluna




# ÚTSALA

Opið:
Í dag kl. 10-18
Gamlársdag kl. 10-13
Lokað 2. janúar
3. janúar 2009 kl. 10-16

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

3ja sæta sófi til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 693 7585.

Selst ódyrt v/flutninga stækk. borðstofuborð m/6 stólum og 2 skápum (hnota), eldhúsborð m/stólum, ísskápur, uppþv.vél, þvottavél o.fl. Uppl. S.7712024

Óska eftir barnarúmi, hornsófa, sjónvarpi og sjónvarpsskáp á góðu verði. Uppl. hjá Gunnari í s.8615777

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. bað. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu falleg og björt 2. herb íbúð á 3 hæð í Háaleitishverfi (108 Reykjavík). Leiguverð 100.000 á mánuði með hússjóði. Laus frá 1. janúar 2009. Langtímaleiga. Upplýsingar sendist á sfa@internet.is

2 herb. til leigu við Ásbúð í Gbr. Uppl. s 898 1779

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu 2 herb. íbúð og herb. með aðg. að eldh. og baðh. Uppl. í s. 867 9403.

**Húsnæði í boði erlendis & í Reykjavík**
Ertu í atvinnuleit? Húsnæði/herb. við Kastrup til leigu. Uppl. í síma 899 2060.

Til leigu rúmgóð 4 herbergja íbúð á besta stað í Hraunbænum. Laus. uppl 8993040

Til leigu 120 fm. raðhús í Grafarvogi. Meðmæli æskileg. Trygg., langtímal. S. 820 7701.

Til leigu 2ja herb. íbúð við Iðnskólan í Reykjavík. Gæti einnig hentað fyrir 2 einsaklinga að leigja saman. Laus strax. Uppl. í s. 863 4252.

3ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Hússj. innifalinn. Upplýsingar í síma 690 7978.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

3 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Ca 70fm. Öll ný uppgerð og glæsileg íbúð með sér inngangi + 2 einkabílastæði. Verð 130þús á mán með hita, rafmagni og öllum gjöldum. Aðeins traustir leigjendur. Laus strax. S 899 1888

Einbýlishús til leigu á góðum stað í Hf 147m2. Leiga 140þús á mán. S:8650046

Til leigu herb. á Langholtsvegi og Álftamýri. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

FRÁBÆR MIÐBÆJARÍBÚÐ! Falleg 2 herbergja íbúð á 2. hæð í Norðurmýri. Baðkar & svalir. Ísskápur, þvottavél og þurrkari fylgja. Laus strax. 115 þ./ mán m/öllu. 6949732

Laus strax 60 fm íbúð á jarðhæð til langtímaleigu í Gyðufelli 4, 111 Rvk. Geymsla, þvottahús, hjólag. og bílastæði. Leigan er 126.000 á mánuði með öllu. 2 mánuðir fyrir fram. Sigurður í síma 699-8880.

Glæsilegt 3 herbergja 155 fm. endaraðhús í Hveragerði til leigu. Húsið er nýlegt,allt hið glæsilegasta og á rólegum og þægilegum stað í bænum. Upplýsingar í síma 6930808

**Góð 2 herb íbúð**
66 fm íbúð í engjahverfi við hliðina á Spönginni. Laus 1 jan. S:6996605

Falleg 87 fm, 3 herbergja íbúð á besta stað í Kópavogi. Stutt í alla þjónustu. Leikskóli og skóli í götunni. Verð aðeins 100 þús á mánuði (hiti og hússjóður innifalinn) 895-5664.

Snyrtileg vel skipulögð 3 herb. íbúð í hv. 105. Leiga 95þ. á mán. S. 824 4555.

60 fm íbúð til leigu í Hraunbæ. Leigan er 85 þú. á mán. með hita og hússjóði. Uppl. í s. 663 9270.

Herbergi Með húsgögnum langtímaleiga við Lokastíg ,101 Reykjavík Kr 35.000. sími 861 4142 kl 8.00 til 18.00

Stúdíó Vesturbergi 195 60 fermetrar sér inngangur ,hundar og kettir velkomnir langtímaleiga kr 70.000. 2 mánuðir fyrirfram sími 861 4142 kl 8.00 til 18.00

Stórt herb. til leigu í 101 R. Sérinng., sér baðherb. Reyklaust. Uppl. í s. 551 4334 & 659 6036.

Appartment 90m2 í Garðabæ ósamþ nýleg mjög opin hátt til lofts. V 110þús 8927858

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

ungur KK reykl. reglus. sjóm./námsm. óskar e snyrtil. 2herb íbúð í Rvk/Kóp S.869-5603

Þrítugur karlmaður og spakur köttur óska eftir 2-3 herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Vinsamlega hafið samband við Einar Örn í síma 695-2413.

## Atvinnuhúsnæði

Gullið tækifæri fyrir fjárfesta. 3000 fm atvinnuhúsnæði, skipti koma til greina. Allar upplýsingar veitir Gyða í síma 695-1095

## Geymsluhúsnæði

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í Hf 50m2 m/3ja fasa töflu. 45þús + hiti og rafm. S:8650046

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smíðavinna í Noregi**
**Smiðir óskast til samstarfsverkefna í og við Osló til lengri eða skemmri tíma með fyrirtæki í eigu undirritaðs sem þar hefur verið starfandi sl. 13 ár.**
**Áhugasamir hafi samband :**
**E-mail post@futureglass.no**
**- Birgir Ólafsson.**

**Restaurant Hornid Hafnarstræti 15**
**Óska eftir að ráða Pizzubakara í fullt starf frá og með 1 Janúar. Aðeins vanur Pizzubakari kemur til greina.**
**Sendið inn umsókn á hornid@hornid.is**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða áhugasama og duglega manneskju til afgreiðslustarfa í Bakaríinu hjá Jóa Fel Holtagörðum. Upplýsingar í Holtagörðum kl. 8-13 eða á unnur@joifel.is**

Starfsfólk vantar á Cafe Zimsen í sal og bar. Fullt starf, kvöld og helgarvinna. Uppl. í s. 770-0388 og á Cafe Zimsen Hafnarstræti 18

Rafiðnaðarmaður óskast til starfa. Þarf að geta hafið störf strax eftir áramót. Uppl. í s. 660 0300.

POTRZEBNI PRACOWNICY Z DOS'WIADCZENIEM PRZY PRACACH BUDOWLANYCH. PHONE 864 7414 & 893 0174.

## Atvinna óskast

Vélstjóri á lausu, er með 1000 hö réttindi Óskar eftir plássi á sjó. Uppl. í s. 895 0512.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

## Viðskiptatækifæri

Meðeigandi Óskast að silkiprent fyrirtæki , silkiprent er prentun á fatnað + auglýsingavörur . fyrirtækið er í leigu húsnæði með langtíma leigusamning á mjög góðum kjörum og á öll tæki og tól . meðeigandi þarf að leggja fram hlutafé kr 4 milljónir . og er þar að leiðandi að skaffa sér atvinnu til frambúðar , hluti hlutafés alt að 50% gæti verið í vinnuframlagi . R.Guðmundsson ehf 550289 1219 Áhugasamir sendi Nafn og kennitölu + símanúmer osbotn@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Bústaðarkirkja**
**Dökkblá ullarkápa frá Sævari Karli var tekin í misgripum í Bústaðarkirkju þann 18. nóvember sl. Kápa í sama lit einnig frá Sævari Karli skilin eftir.**
**Þeir sem til þekkja, vinsamlegast látið vita í síma 551 5214.**

## Tilkynningar

**BAR POLONIA ZAPRASZAMY**
**ZAPRASZAMY NA SYLWESTROWE PARTY ! WSTEP WOLNY. POCZATEK IMPREZY GODZ 21.00 I BAWIMY SIE, DO RANA. SUPER MUZA, SUPER ZABAWA ZAPRASZAMY SERDCZNIE**
**31 DESEMBER**
**ZAPRASZAMY WSZYSTKICH SERDECZNIE HAFNARFJÖRÐUR FLOTAHRAUN 21.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**54 ára karlmaður**
vill kynnast sér yngri manni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8344.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Til sölu




## Flugeldasala





**PATTI SMITH ER 62 ÁRA Í DAG.**

*„Listamaður er sá sem hefur samkeppni við guð.“*

***Söngkonan og skáldið Patti Smith hefur verið kölluð guðmóðir pönksins.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. DESEMBER 1922

## *Sovétríkin mynduð*

Sovétríkin voru mynduð á þessum degi árið 1922.

Þau voru upphaflega mynduð úr fjórum ríkjum, það er Rússlandi, Hvíta-Rússlandi, Úkraínu og Suður-Kákasus í kjölfar rússnesku byltingarinnar árið 1917 og rússneska borgarastríðsins 1918-1921. Þegar þau voru sem stærst voru þau mynduð úr fimmtán ríkjum.

Í Sovétríkjunum fór Kommúnistaflokkurinn með völdin og æðsti maður flokksins var nefndur ritari. Á kaldastríðsárunum voru Sovétríkin og Bandaríkin ráðandi öfl í heiminum.

Eftir átök innan Kommúnistaflokksins og á milli ríkjanna sem mynduðu Sovétríkin fór það svo að Mikhail Gorbachev, aðalritari Kommúnistaflokksins, sagði af sér og eftirlét Boris Jeltsín, foretsa Rússlands, völdin. Í kjölfarið, eða árið 1991, liðuðust Sovétríkin í sundur.



## MERKISATBURÐIR

1880 Gengið er á ís úr Reykjavík út í Engey og Viðey og upp á Kjalarnes. Þetta var mikill frostavetur.

1924 Edwin Hubble kunngjörir tilvist annarra vetrarbrauta.

1948 Söngleikurinn Kiss Me Kate er fumsýndur í New Century Theatre og er sá fyrsti til að hljóta Tonyverðlaun í flokki söngleikja.

1965 Ferdinand Marcos verður forseti Filippseyja.

1977 Ted Bundy sleppur í annað sinn úr fangaklefa sínum í Colorado.

1980 Landflótta Frakka, Patrick Gervasoni, vísað úr landi eftir miklar deilur.

2006 Saddam Hussein er tekinn af lífi.

## AFMÆLI



**KRISTIN KREUK** leikkona er 26 ára.



**ELIZA DUSHKU** leikkona er 28 ára.

**JAY KAY EÐA JAMIROQUAI** tónlistarmaður er 39 ára.



**TRACEY ULLMAN,** leik- og söngkona, er 49 ára.





**DÝRALÆKNIR** Þorsteinn Ólafsson tekur við starfi dýralæknis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma á nýju ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÞORSTEINN ÓLAFSSON:** NÝR DÝRALÆKNIR SAUÐFJÁR- OG NAUTGRIPASJÚKDÓMA

# Riðan alvarlegasta vandamálið

Þorsteinn Ólafsson tekur um áramótin við starfi dýralæknis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma sem Sigurður Sigurðarson dýralæknir hefur sinnt síðastliðin fjörutíu ár.

„Starfið felur í sér að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir hvaða sjúkdómar eru í þessum búfjártegundum og halda við búfjárveikivörnum enda mikið atriði að ekki verði slakað á kröfum þar,“ segir Þorsteinn og tekur sem dæmi nýleg tilfelli um riðuveiki á svæðum þar sem talið var að búið væri að útrýma henni.

„Riðuveiki er alvarlegasta vandamálið í búfjárstofninum að því leyti að hún er nátengd sjúkdómum sem hafa verið í fólki, þó engar vísbendingar séu um að riðuveiki í sauðfé valdi sjúkdómum hjá fólki,“ segir Þorsteinn og bendir á að riðuveiki sé skyld öðrum sjúkdómum á borð við kúariðu sem er talin tengjast Kreutzfeld-Jakob-sjúkdómnum. „Þar af leiðandi er markaðslega mikilvægt að geta sagt að engin riðuveiki sé í landinu,“ segir hann og telur að Íslendingar geti nokkurn veginn fullyrt það þar sem hver hjörð sem greinist með riðuveiki sé skorin niður.

Slík aðgerð er vissulega erfið bæði fyrir bóndann og landbúnaðinn en nauðsynleg að mati Þorsteins. „Ég er ekki tilbúinn til að breyta af þeirri stefnu nema að mjög vel athugðu máli,“ fullyrðir hann og útskýrir að ekki sé hægt að lækna riðuveika kind.

Eina leiðin sem sé fær utan þess að fella hjörðina sé að rækta fjárstofn sem sé ekki eins næmur fyrir riðuveiki. „En við erum ekki með alónæma arfgerð í íslensku kindinni, þótt við reynum að hamla aðeins gegn riðuveiki með því að nota hrúta á sæðingastöð sem eru ekki með mjög næma arfgerð,“ segir hann og tekur fram að Íslendingar standi nokkuð vel miðað við aðrar þjóðir þar sem góð yfirsýn sé yfir hvar riðuveikin stingi sér niður. Í Bretlandi hafi menn hins vegar engar aðrar leiðir en að rækta fjárstofna með arfgerðir sem séu lítið næmir fyrir riðuveiki þar sem sjúkdómurinn sé mjög útbreiddur í landinu.

Þorsteinn er enginn nýgræðingur í dýralækningum. Hann lærði í Noregi á sínum tíma og tók doktorsgráðu í frjósemi og sæðingum og vann að sauðfjársæðingum. Hann fann meðal annars aðferð til að nota fryst sæði og einfalda aðferð til að sæða. Sú aðferð var notuð í Noregi í tuttugu ár eða allt þar til fyrir tveimur árum þegar nýr þýskur blöndunarvökvi kom til sögunnar. Aðferð Þorsteins var einnig notuð á Íslandi til lengri tíma en nú síðast var gerð tilraun til að nota hina nýju þýsku blöndu. „Svo dæmist út frá útkomunni á næsta ári hvort hún verði notuð áfram,“ útskýrir Þorsteinn en ólíkt því sem var gert í Noregi verður hér gerð samanburðarathugun á aðferðunum tveimur.

Þorsteinn hefur starfað á ýmsum stöðum eftir að hann flutti heim úr námi árið 1979. Meðal annars var hann forstöðumaður einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey á árunum 1979 til 1986. Þá hefur hann starfað hjá Búnaðarsambandi Suðurlands og Kynbótastöð Suðurlands, hefur séð um sauðfjársæðingar frá 1986 og frá árinu 1998 hefur hann starfað að hluta hjá Mjólkurbúi Flóamanna og nú síðast hjá samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði meðal annars í júgurbólgugreiningu.

Fyrsta verk Þorsteins í nýju starfi verður að athuga hvernig staðan er í riðumálum og kynna sér betur garnaveikitilfelli sem upp komu á Austurlandi fyrir skömmu. Því næst mun hann einbeita sér að skráningu nautgripasjúkdóma. „Við höfum vanrækt svolítið að fylgjast með nautgripasjúkdómum og koma á skráningum sem ég tel mjög brýnt,“ segir Þorsteinn og hlakkar til að takast á við nýtt verkefni í upphafi árs.

**solveig@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Eldjárn**
fyrrverandi forsetafrú,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 21. desember verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag þriðjudag kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Kristjáns Eldjárns gítarleikara (Reikningsnúmer 0513 18 430830 kt. 650303-3180), Minningarsjóð Sóltúns eða aðrar líknarstofnanir.

**Ólöf Eldjárn** — **Stefán Örn Stefánsson**
**Þórarinn Eldjárn** — **Unnur Ólafsdóttir**
**Sigrún Eldjárn** — **Hjörleifur Stefánsson**
**Ingólfur Eldjárn** — **Guðrún Björg Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Indriði Ingi Styrkársson**

lést á aðfangadag 24. desember sl. á krabbameinsdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss.

**Laila Andrésson**
**Alfred Styrkársson**
**Sigurður Styrkársson** — **Inga Sigurðardóttir**
**Elísabet Þórisdóttir** — **Alexandra Inga Alfredsdóttir**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Viktors Hjaltasonar**
fyrrverandi bifreiðastjóra,
Garðstöðum 31, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans v/Hringbraut á 11E, 14G og blóðskilun fyrir góða umönnun og hlýhug. Guð gefi ykkur gæfuríkt nýtt ár.

**Elín Pálmadóttir**
**Elvira Viktorsdóttir** — **Guðmundur St. Sigmundsson**
**Kristín Viktorsdóttir** — **Sveinbjörn Guðjónsson**
**Lýður Pálmi Viktorsson** — **Sigríður Jóna Eggertsdóttir**
**Elín Berglind Viktorsdóttir** — **Unnar Smári Ingimundarson**
**Rúnar Viktorsson** — **Kristín Guðjónsdóttir**
**Marteinn E. Viktorsson** — **Sigríður M. Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Teitur Magnússon**
skipstjóri,
Kirkjulundi 8, Garðabæ,

sem lést laugardaginn 20. desember, verður jarðsunginn frá Garðakirkju **í dag, þriðjudag kl. 13.00.**

**Guðný Sæmundsdóttir**
**Margrét Teitsdóttir** — **Jón Ásgeir Eyjólfsson**
**Magnús G. Teitsson** — **Erla S. Ragnarsdóttir**
**Oddný S. Teitsdóttir** — **Ari F. Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Klemenzson**
Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Búðarflöt Álftanesi,

lést að kvöldi 28. desember. Útförin auglýst síðar.

**Sigurrós Grímsdóttir**
**Gunnar Sigurðsson** — **Jóna Guðlaugsdóttir**
**Hallgrímur Sigurðsson** — **Sólveig Einarsdóttir**
**Bertha María Sigurðardóttir** — **Róbert Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Verðandi fagnaði sjötugsafmælinu

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi hélt upp á sjötíu ára afmæli sitt síðastliðinn laugardag, 27. desember.

Við það tækifæri voru menn heiðraðir og heiðursfélagar teknir inn í félagið.

Bergur Kristinsson, formaður Verðandi, færði Hilmi Snorrasyni, skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna, eina milljón króna að gjöf sem skal nýtast björgunarskipinu Sæbjörgu.

Þess má geta að tildrög að stofnun Verðandi voru þau að skipstjórar og stýrimenn í Vestmannaeyjum vildu stofna til samstarfs vegna ýmissa mála eins og til dæmis að reisa vita á Þrídröngum og vinna að hagsmunum og betri launakjörum skipstjóra og stýrimanna.

Hinn 27. nóvember árið 1938 var svo haldinn stofnfundur félagsins og voru stofnendur þess alls sextíu manns.



Bergur Kristinsson, formaður Verðandi, færði Hilmi Snorrasyni, skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna, eina milljón króna gjöf frá Verðandi sem nýtast skal björgunarskipinu Sæbjörgu.

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Magnúsdóttir,**

sagnfræðingur, síðast að Dalbraut 27, Reykjavík,

lést á Landspítala í Fossvogi að kvöldi aðfangadags 24. desember 2008. Útför verður auglýst síðar.

**Eygló Bjarnardóttir**
**Ingibjörg Bjarnardóttir** **Geir Ólafsson**
**Erla Bil Bjarnardóttir**
**Magnús Bjarnarson**
**Guðrún Helgadóttir** **Helgi Thorarensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Friðfinnur Kristjánsson**

blómaskreytingamaður, Flókagötu 63,

lést á Landspítalanum þann 27. desember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Þórunn Ólafsdóttir**
**Margrét Eyjólfsdóttir** **Sigurjón Kristinsson**
**Jóhanna Eyjólfsdóttir** **Jón Ólafur Magnússon**
**Anna Karen Friðfinnsdóttir** **Atli Viðar Thorstensen**
**Fanney Sigríður Friðfinnsdóttir** **Jóhann Örn Bjarnason**
**Jana Friðfinnsdóttir** **Einar Þór Bogason**
**Birna Friðfinnsdóttir** **Andri Már Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Ásvaldsson,**

bóndi frá Múla í Aðaldal,

lést sunnudaginn 28. desember á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Grenjaðarstaðarkirkju, laugardaginn 3. janúar kl. 14.00.

**Fríða Jóhannesdóttir**
**Jóhannes K. Kristjánsson** **Hjördís Þ. Jónsdóttir**
**Ásvaldur Kristjánsson** **Anna A. Rögnvaldsdóttir**
**Kristjana Kristjánsdóttir** **Ingólfur Pétursson**
**Kaja M. Kristjánsdóttir** **Árni P. Aðalsteinsson**
**Jóna F. Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorsteinn Sigurðsson**

Móaflöt 15, Garðabæ,

sem andaðist þriðjudaginn 23. desember, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 30. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðmunda Katrín Jónsdóttir**
**Kristbjörg Þorsteinsdóttir** **Þorsteinn Gísli Þorsteinsson**
**Sigurður Þorsteinsson** **Gisela Lobers**
**Erlingur Þorsteinsson** **Kristín Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Fjóla Guðmundsdóttir,**

frá Stóru-Skógum,

andaðist 26. desember. Útför hennar verður gerð frá Borgarneskirkju föstudaginn 2. janúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Stafholtskirkjugarði. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarstofnanir. Fyrir hönd aðstandenda,

**Erla Kristjánsdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Sigurðardóttir**

frá Gvendareyjum, síðast til heimilis að Hrafnistu, Reykjavík,

lést á lungnadeild Landspítalans í Reykjavík föstudaginn 26. desember.

**Brynja Bergsveinsdóttir** **Theodór Guðmundsson**
**Sigurður Bergsveinsson** **Helga Bárðardóttir**
**Lára Bergsveinsdóttir** **Guðmundur Guðjónsson**
**Alma Bergsveinsdóttir** **Guðni Magnússon**
**Freyja Bergsveinsdóttir** **Guðlaugur Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,*

**Sigríður Hulda Sigurþórsdóttir**

Mururima 4, Reykjavík,

lést föstudaginn 19. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Karlsdóttir**
**Áslaug Sigurþórdóttir** **Hannibal Kjartansson**
**Gunnar Sigurþórsson** **Ragnheiður Sigurþórsdóttir**
**og systkinabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Hreinn Kristjánsson**

Leirubakka 12, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum aðfaranótt 24. desember, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00.

**Sigríður Benný Jónasdóttir**
**Aðalheiður Hreinsdóttir**
**Patrekur Örn Róbertsson**

---



*Ástkær sonur okkar,*

**Jón Róbert Róbertsson,**

andaðist á Landspítalanum Fossvogi 27. desember. Útför verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda.

**Róbert Arnfinnsson** **Stella Guðmundsdóttir**

---



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýnt hafa hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Sigurðssonar**

fyrrv. veitingamanns, Gnoðarvogi 60, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki blóðskilunardeildar og deildar 13E á Landspítalanum fyrir einstaka umönnun og nærveru.

**Stefanía Guðrún Þorbergsdóttir**
**Sigurður Þ. Sigurðsson** **Steinunn Sæmundsdóttir**
**Jórunn Anna Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Guðmunda Ragnarsdóttir**

Lækjartúni 20, Hólmavík,

lést sunnudaginn 21. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 10. janúar kl. 14.00.

**Harpa Jóhannsdóttir** **Arnar Hauksson**
**Dagbjört Anna og Arndís Eva**
**Ragnar Hafsteinn Jóhannsson** **Íris Geirdal**
**Kristján Unnar, Hjalti Mikael og Sonja**
**Skúli Jóhannsson**
**Þuríður Guðmundsdóttir og systkini hinnar látnu.**

---



*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og vinarþel við fráfall ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Láru Kristínar Sigurðardóttur**

Laugateigi 54, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarþjónustunnar Karitas, deildar 11E á Landspítala og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir frábært starf.

**Skúli Þór Magnússon** **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Árni Magnússon**
**Jóhanna Magnúsdóttir** **Óskar Margeirsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Huldar Ágústsson,**

Þjóðbraut 1, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 24. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 5. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Helga Margrét Aðalsteinsdóttir**
**Erling Steinar Huldarsson** **Áslaug Ólafína Harðardóttir,**
**Aðalsteinn Huldarsson** **Elísabet S. Kristjánsdóttir,**
**Ingibjörg Guðný Huldarsdóttir** **Ólafur Björn Gunnarsson**
**og afabörn.**




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

| | Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Granda | Krónan Árbæ |
|---|---|---|---|---|
| Opið 30. des: | 11-20 | 11-20 | 10-20 | 11-20 |
| 31. des: | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 |




| Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Akranesi | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði |
|---|---|---|---|---|---|
| 11-21 | 11-21 | 10-20 | 10-20 | 11-19 | 11-19 |
| 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-13 | 9-13 |






NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Andi liðinna áramóta

Þegar áramótin nálgast fer um mig fiðringur, mér finnast þau spennandi og nýársnótt ævintýraleg mjög. Það er svo hátíðlegt, gaman og hollt að fara yfir árið sem er að líða og velta fyrir sér árinu fram undan. Ég hef í ár heitið því að setja mér áramótaheit aldrei þessu vant, og hafa það meira að segja ekki frumlegt: Fara að verja tíma í hreyfingu og líkamsrækt einhvers konar, held að það stefni í óefni hjá mér ef ég verð jafn löt við að hreyfa mig 2009 og ég var 2008.

Miðað við efnahagsspár er þungt ár fram undan en eftir að vinkona mín nýkomin frá útlöndum sagði að allir væru að staglast á því að febrúar yrði hræðilegur á Íslandi, þá hef ég líka ákveðið að tala ekki um að febrúar verði hræðilegur.



Og í stað þess að velta mikið vöngum yfir komandi ári, sem hvort eð er er ekki hægt að sjá fyrir, þá held ég að gamlárskvöld verði miklu skemmtilegra í ár ef umræður í boðum snúast frekar um liðin áramót. Útrásarliðið getur til dæmis rifjað upp minningar af glæsiveislum í útlöndum. Við sem misstum af þeim veislum getum rifjað upp skemmtileg kvöld í partíum sem stóðu fram undir morgun. Eða var varið á hinum ýmsu skemmtistöðum, Traffík, Tunglinu, Hótel Íslandi, Skíðalandinu, Iðnó (samkvæmisleikur, hver þessara staða er enn til?). Skipst á svaðalegum sögum um misheppnuð og vel heppnuð áramót.

Af nógu er að taka og örugglega margar skemmtilegar sögur sem eiga eftir að fljúga í samkvæmunum. Og þó að það sé um að gera að eyða ekki of fjár í flugelda á þessum síðustu og verstu þá ættu allir að gera sér ferð á sölustaði björgunarsveitanna og styrkja gott starf þeirra með flugeldakaupum. Gleðilegt ár!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
TRODNÍ
GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR
Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur.
ÚTSALA ÁRSINS
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
OPIÐ Í DAG 10:00 - 19:00
Á MORGUN 09:00 - 12:00
AÐEINS 2 DAGAR EFTIR
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA Síðasta sýning ársins | kl. 00:30 (Ekkert tilboð) | 16 |
| YES MAN kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D -10:40 | | 7 |
| YES MAN | kl. 3:40 - 6 - 8:20 - 10:40 | VIP |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8:10 - 10:40 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ Í DAG!

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA (Ekkert tilboð) | kl. 00:30 | 16 |
| YES MAN DIGITAL kl. 2 - 4:10 - 6:20 - 8 - 8:30 - 10:20 -10:50 | | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 6 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| W | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| DAY THE EARTH STOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BOLT m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 10:20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORN | kl. 8 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOLT m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| YES MEN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 10 | 16 |

þriðjudags tilboð kr. 500 í SAMbíóin á ALLAR MYNDIR alla þriðjudaga




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| AUSTRALIA LÚXUS D | kl. 1 - 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ D | kl. 1 - 2.30 - 4 - 5.30 | L |
| INKHEART | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | 10 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL D | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| IGOR | kl. 1 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 ÓDÝRT Í BÍÓ! 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 3 - 6.30 - 10 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 | 12 |
| SAW 5 | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 2.30 - 4 | L |
| INKHEART | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ * | kl. 3.30 - 4.45 | L |
| INKHEART ** | kl. 6 - 8 | 10 |
| AUSTRALIA | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 | |
| * 27. - 28. 500 kr. | kl. 2 - 3.30 - 4.45 | |
| ** 27. - 28. | kl. 2 - 6 - 8 | |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ 26.DESEMBER - TIL OG MEÐ 30. DESEMBER

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus GLEÐILEG JÓL




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BOLT 3D - Íslenskt tal | kl. 2(800 kr), 4 og 6 | L |
| INKHEART | kl. 2(500 kr), 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 2(700 kr) og 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 og 10 | 7 |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

Tilboð í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!


# Jóla-sumarljós

Landsmenn eru nú margir hverjir orðnir þrútnir af rambi kringum jólahlaðborð, eigi veit ég hvort nokkur verður beinlínis þrútinn af því að upplifa leiksýningu, en Sumarljósið í Þjóðleikhúsinu var líkara hlaðborði af fólki og hugdettum fremur en heildstæðu verki.

Hvernig væri ef ríkisleikhús allra landsmanna endurheimti metnað sinn og færi að sýna tilbúin leikverk? Leikrit sem annaðhvort eru skrifuð af leikritaskáldum eða unnin af fagþekkingu upp úr þeim bókum eða hugmyndum sem verið er að fjalla um? Leiksýning sú sem boðið var upp á annan í jólum er ekki tilbúin sem leikverk heldur frekar eins og einhvers konar flettiverk undir áhrifum bókar Jóns Kalmans Stefánssonar.

Gamla tuggan „bókin er betri" á hér alls ekki við vegna þess að við erum að tala um tvo mismunandi miðla og grundvallarhugmyndir sem skarast lítið eða ekkert.

Frumsýningargestir voru eftirvæntingarfullir, þeir sem sátu á fremsta bekk duttu nær inn í leikmyndina og hefðu getað horfið þar því nóg var nú af dóti og drasli sem hægt var að týnast í. Þorpið var kynnt heldur stirðbusalega, bara með kynningu eins og væri verið að hefja ljósmynd til lífs og svo hófst þessi endalausa upptalning á örlögum manna og kvenna í þessu þorpi. Það fór lítið fyrir því að hér væri þorp í sárum, í sárum sökum þess að allar konurnar höfðu misst atvinnuna þar sem aðalatvinnurekandinn, burgeis bæjarins, var nú farinn að leita að sjálfum sér og tilgangi lífsins með hjálp stjörnufræðinnar. Í upphafi leiksýningar á þessi stjörnufræðingur í nokkru orðaskaki við eiginkonu sína og gegnum það samtal, sem var örstutt, fáum við að vita að hann hefur selt allt fyrir þessar skruddur, hún rífst smá, slær hann í hausinn með bók og strunsar svo í burtu. Þar fór það æviverk og búið að vinna úr því.

Kjaftakerlingin þusaði eitthvað og sú er fór í fjarnám gaf lítillega í skyn að hún væri að læra vegna þess að hún hefði ekki vinnu, en að öðru leyti var það mikla högg í samfélaginu þegar burðarstoðin Prjónastofan leggur upp laupana ekki neitt hugðarefni höfundar sýningarinnar. Ástríðan og sorgin yfir örlögum lögregluforingjans sem lifði fyrir það eitt að koma væskilslegum syni sínum til manns, og þar með lögreglumanns, fékk ágæta kynningu en svo var þeirri sögu ekkert fylgt eftir. Það var nú kannski ekki hægt að fylgja henni neitt ógurlega langt eftir því faðirinn hengdi sig innan þriggja mínútna og þar með hengu flestir íbúar þorpsins í snörum í leikmyndinni sem gaf svifhughrif líkt og þegar húsið tekst á loft án þess að fljúga.

Tónlist Ragnhildar Gísladóttur var hugljúf og laumaðist inn undir atburðarásina af varfærni en þó nokkuð áræðin, sérstaklega var sorgarsöngur góður í fjarlægum kór þá er hinir hengdu birtust áhorfendum. Hljóðmynd hennar var einnig heillandi og mörgum brá þegar hvellurinn mikli undir lokin með ljósglæringum kom.

Á heildina var grunnt á tilfinningunum og stuttir kynningarbútar hvers og eins, sem gerði það að verkum að áhorfendur eiga erfitt með að samsama sig eða finna til samúðar með þessu fólki. Það var kannski hugsunin að hver áhorfandi hefði sína fjarstýringu eða pinna til að benda út uppáhaldspersónu á þessum skjá og fylgja henni eftir. Tvær einmana sálir sem ná að lokum saman þótt dauðinn skilji þau að eins og aðra í þessu verki eru þau Benedikt bóndi úr norðursveitinni og Þuríður á heilsugæslunni.

Það voru þau Björn Hlynur Haraldsson og Elma Lísa Gunnarsdóttir sem fóru með þessi hlutverk. Leikurinn þegar þau voru að kynnast og nálgast hvort annað var viðkvæmur og glettilegur og



**LEIKLIST** Ólafur Darri Ólafsson rekur niður staura og hittir á sumardegi skokkara sem vill koma sér í form. MYND/EDDI

## LEIKLIST

**Sumarljós**
byggt á skáldsögu Jóns Kalmans Stefánssonar
Leikstjóri og höfundur leikgerðar: Hilmar Jónsson.
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson
Búningar: Þórunn María Jónsdóttir
Lýsing: Lárus Björnsson
Tónlist: Ragnhildur Gísladóttir
Sviðshreyfingar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

★★

Ekki tilbúið fyrir svið

sú örlagasagnanna sem trúverðugust varð á sviðinu. Ásdís á Sámsstöðum, konan sem fór í fjarnám, verður vitaskuld alveg miður sín þegar hún gerir sér grein fyrir því að eiginmaðurinn Kjartan er farinn að halda framhjá upp við snúrustaur í þorpsjaðrinum og eins og svo margar aðrar konur í þessari stöðu kennir hún sjálfri sér um. Elva Ósk fer með hlutverk hennar og gerir það vel þó svo að samspil þeirra hjónanna hafi verið frekar ótrúverðugt því hún leikur á allt öðrum nótum. Ólafur Darri er hér meira í sprelli og grínstíl meðan Elva Ósk er stödd í hreinum naturalisma. Svona sveiflast leikstíllinn allan tímann eins og hver og einn hafi ákveðið heima hjá sér í hvaða isma ætti að birtast. Leikurinn var góður en heildin hvorki fugl né fiskur. Eggert Þorleifsson í nokkrum mismunandi hlutverkum sprengdi hláturmúrana, einkum var hann fyndinn sem hinn vandræðalegi fyrrum ráðherra sem ekkert man nema það að hann var eitt sinn ráðherra. Þetta var máske svanasöngur Framsóknarflokksins, alla vega voru skírskotanir í þá átt sem segja má að hafi verið einu skírskotanir í vorn samtíma.

Ester Thalia Casey var fyndin sem veslings bóndakonan sem lenti á sjens og Vigdís Hrefna Pálsdóttir var trúverðug í hlutverki Elísabetar, stúlkunnar sem vildi bjarga sér út úr vonleysinu. Ólafur Darri Ólafsson, sem lék Kjartan á Sámsstöðum, er farinn að berhátta sig í hverri einustu sýningu og er það að verða nokkuð þreytandi leikstjórnarkækur. Edda Arnljótsdóttir berst harðri baráttu fyrir hlutverki Sigríðar sem einnig er nokkuð óskýrt þótt hún sé sterk og fyrirferðarmikil. Jörundur Ragnarsson í gervi Davíðs á lagernum var í mjög þakklátu hlutverki og fór vel með það. Baldur Trausti Hreinsson í hlutverki þess manns sem umbreytir lífi sínu var heldur pasturslítill og þessi deyfð á karakternum gerði hann fremur ótrúverðugan. Aðrir leikarar, þau Birna Hafstein, Friðrik Friðriksson, Ragnheiður Steinþórsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Stefán Hallur Stefánsson og Vignir Rafn Valþórsson skiluðu sínum hlutverkum með prýði. Og bæði leikmynd og lýsing voru þó nokkuð spennandi, meðan leikritið sjálft var alls ekki tilbúið til að fara á svið.

Elísabet Brekkan

# Ónýtur gítar Cobains seldur

Áritaður en ónýtur gítar sem var í eigu hins sáluga Kurts Cobain úr Nirvana hefur verið seldur á uppboði fyrir hundrað þúsund dollara, eða um tólf og hálfa milljón króna.

Cobain eyðilagði gítarinn á tónleikum í New Jersey þegar Nirvana var á sinni fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin. Náungi að nafni Sluggo, meðlimur pönksveitarinnar The Grannies, hrifsaði gítarbrotin upp úr gólfinu eftir tónleikana og klambraði þeim saman með límbandi.

Eftir tónleikana dvaldi Cobain á heimili Sloggo og fékk þá nýjan gítar í stað hins brotna svo hann hefði eitthvað hljóðfæri á næstu tónleikum Nirvana. Sérfræðingar telja að ekki séu margir brotnir gítarar úr eigu Cobains til. Verðið á þessum grip mun jafnframt vera það næsthæsta sem greitt hefur verið fyrir minjagrip sem tengist Nirvana.



**KURT COBAIN** Ónýtur gítar úr eigu Kurts Cobain var seldur á uppboði fyrir hundrað þúsund dollara.

# Hundamynd vinsæl

Hundamyndin Marley & Me með Jennifer Aniston og Owen Wilson í aðalhlutverkum fór beint í efsta sæti aðsóknarlistans vestanhafs um síðustu helgi. Myndin, sem þykir ákaflega hugljúf, er byggð á vinsælli bók og fjallar um par og labradorhund þeirra.

Í öðru sæti á listanum var nýjasta mynd Adams Sandler, Bedtime Stories, og í því þriðja var The Curious Case of Benjamin Button með Brad Pitt í aðalhlutverki. Nýjasta mynd Toms Cruise, Valkyrie, fór beint í fjórða sætið og var það betri árangur en búist hafði verið við miðað við vandræðagang-inn við framleiðslu hennar.



**MARLEY & ME** Jennifer Aniston og Owen Wilson leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni Marley & Me.



**ROKKAÐUR BLÚS Á SKAGANUM** Blúsboltarnir á sínu árlega giggi, 30. desember 2005. Tryggvi, Rúnar og Birgir.

MYND/GUÐNI HANNESSON

# Blúsað til heiðurs Rúnari

**Tómas Rúnar Andrésson stendur fyrir blústónleikum á Akranesi í kvöld. Rúnar heitinn Júlíusson hefur verið fastagestur á þessu árlega giggi sem verður haldið honum til heiðurs að þessu sinni.**

Á þessum degi, næstsíðasta degi ársins, hafa Blúsboltarnir komið saman á Akranesi og tekið sitt árlega og eina gigg. Í kvöld, í 21. skipti, munu Boltarnir enn skoppa um velli blúsins, þótt aðalmaður bandsins, Rúnar Júlíusson, sé fallinn frá.

„Giggið í kvöld verður Rúnari til heiðurs,“ segir Tómas Rúnar Andrésson, starfsmaður hjá Byko og músíkáhugamaður, sem staðið hefur fyrir tónleikunum. „Þetta byrjaði nú bara þannig að Rúnar og gítarleikarinn Tryggvi Hübner voru að spila á Hótel Akranesi. Ég kom að máli við þá í pásu og stakk upp á því að þeir ættu bara að gera þetta að árvissum viðburði. Það gekk eftir.“

Auk Rúnars og Tryggva voru í Blúsboltunum gítarleikarinn Edvarð Lárusson og trommarinn Birgir Baldursson. „Það gerðist alltaf að blúsinn varð ansi rokkaður hjá bandinu, enda varla annað hægt með Rúnar innanborðs,“ segir Tómas. „Innanbæjarmaðurinn Sigurþór Þorgilsson kemur nú í stað Rúnars, hörkubassaleikari sem er frændi Gilsa í Sniglabandinu. Andrea Jónsdóttir ætlar svo að syngja af sinni alkunnu snilld.“

Eins og eðlilegt er hafa þessir árlegu tónleikar skapað sér nafn og fastan áhorfendakjarna. „Það er alltaf fín mæting og nánast alltaf fullt,“ segir Tómas. „Við höfum haldið þetta á ýmsum stöðum hér á Skaganum en í kvöld verður þetta á Kaffi Mörk. Það mun liggja frammi minningarbók um Rúnar og baukur þar sem fólk getur lagt í sjóðinn hans Rúnars sem stofnaður var til að styrkja ungt tónlistarfólk. Það kostar þúsund kall inn eins og það hefur gert frá byrjun. Við tökum ekki þátt í verðbólgunni, var Rúnar vanur að segja.“

drgunni@frettabladid.is

# Í fyrsta sinn í Póllandi

Tæplega þrjú þúsund manns fylgdust með fyrstu tónleikum leikstjórans Woody Allen og djasshljómsveitar hans í Póllandi fyrir skömmu. Klarinettleikur Allens féll greinilega mjög vel í kramið því að loknum tónleikunum stóðu áhorfendur upp og klöppuðu ákaft.

„Við munum gera okkar besta til að skemmta ykkur,“ sagði hinn 73 ára Allen við áhorfendur fyrir tónleikana. Um sjaldgæfan atburð var að ræða því leikstjórinn spilar nánast aldrei á stórum tónleikastöðum utan heimaborgar sinnar, New York.



**WOODY ALLEN** Tónleikar hans í Póllandi heppnuðust ákaflega vel.

# Shirley Bassey syrgir fráfall Earthu Kitt

Breska söngkonan Shirley Bassey er á meðal þeirra sem sakna sárt bandaríska skemmtikraftsins Eartha Kitt, sem lést á jóladag, 81 árs. „Eartha Kitt var ein sú áhrifamesta í kabarett-listinni á tuttugustu öldinni,“ sagði Bassey, sem hefur sungið þrjú James Bond-lög á ferli sínum. „Áhrif hennar eiga eftir að vara mun lengur en þau 81 ár sem hún lifði.“

Kitt sló í gegn þegar hún lék kattarkonuna í sjónvarpsþáttum um Leðurblökumanninn á sjöunda áratugnum. Hún söng einnig vinsæl lög á borð við Old Fashioned Girl, C´est Si Bon og Santa Baby. Eftir nokkur erfið ár kom Kitt sér á kortið í Broadway-söngleiknum Timbuktu! og hélt hún sér á beinu brautinni eftir það.



**EARTHA KITT** Bandaríski skemmtikrafturinn Eartha Kitt lést á jóladag, 81 árs.

NORDICPHOTOS/GETTY


B A N K A S T J Ó R A R N I R




Kveðjum árið með nýju Bankatertunni!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA





SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni

*(Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar, And Björk, of course..., Vasaleikhúsið)*

Langar þig að kynnast sagnameistaranum sem í þér býr? Vantar þig leiðsögn og hvatningu?
Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.

**5. - 15. janúar** ***nokkur sæti laus***
**2. - 12. febrúar** ***skráning stendur yfir***

***Framhaldsnámskeið!***

**19. - 29. janúar** ***skráning hafin***

**Nokkrar umsagnir þátttakenda:**
*"Frábært námskeið sem opnar nýja sýn á lífið og tilveruna."*
*"Fær mann til að hugsa upp á nýtt!"*
*"Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina..."*

Námskeiðin fara fram í **Rope Yoga setrinu** í Laugardal
Nánari upplýsingar á **kennsla.is** og í síma **8223699**

Skráðu þig núna á kennsla.is!



**„...fyrst á visir.is“**

**VISIR.IS**
...ég sá það á vísir.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag 10:00-20.00

## KJÚKLINGABRINGUR



40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1798 kr./kg.** MERKT VERÐ 2998 KR./KG.

## MÓA VEISLUFUGL



30% AFSLÁTTUR

MÓA FERSKUR VEISLUFUGL M/FYLLINGU
**804 kr./kg.** MERKT VERÐ 1149 KR./KG.



2698

KS LAMBAFILLET M/FITURÖND **2698 kr./kg.**




879

HOLDA KALKÚNN **879 kr./kg.**



1079

KS LAMBALÆRI FROSIÐ **1079 kr./kg.**



129

BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTEBRAUÐ **129 kr.**



1259

KS LAMBAHRYGGUR FROSINN **1259 kr./kg.**




1259

NF GRAFINN LAX
**1259 kr./kg.** MERKT VERÐ 1798 KR./KG.




298

ÞYKKVABÆJAR
FORSOÐNAR KARTÖFLUR
**1 kg 298 kr.**



259

KF KARTÖFLUGLJÁI
550g **259 kr.**




598

BÓNUS ÍSTERTA
8 MANNA **598 kr.**




259

BÓNUS BRAGÐAREFUR
**1 ltr. 259 kr.**

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI ÞRIÐJUDAGINN 30.DES. 10.00- 20.00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag 10:00-20.00




**1598**

KF LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
1598 kr./kg.
30% afsláttur MERKT VERÐ 2283 KR.




**40% AFSLÁTTUR**

KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
1455 kr./kg.
MERKT VERÐ 2425 KR./KG.




**30% AFSLÁTTUR**

SS LÉTTREYKT
HÁTÍÐARLAMBALÆRI
M/BERJABLÖNDU
1574 kr./kg. MERKT VERÐ 2248 KR./KG.




**87**

PEPSI 2 ltr. 87 kr.
7-UP 2 ltr. 87 kr




**30% AFSLÁTTUR**

HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
1329 kr./kg.
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.




**30% AFSLÁTTUR**

HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
1749 kr./kg.
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.




**198**

DORITOSSNAKK
OSTA & AMERICA
200 gr 198 kr




**87**




**498**

ALI GRÍSABÓGUR FERSKUR & FROSINN 498 kr./kg.




**698**

ALI GRÍSABÓGUR REYKTUR 698 kr./kg.




**79**

ES ORKUDRYKKUR
250 ml 79 kr
Vinsælasti orkudrykkurinn
í Bónus í dag.

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI ÞRIÐJUDAGINN 30.DES. 10.00- 20.00

## > Haukur stóð sig mjög vel

Fjölnismaðurinn Haukur Helgi Pálsson stóð sig mjög vel með ítalska liðinu Stella Azzurra í Meistaradeild Evrópu yngri liða í körfubolta sem fram fór á milli jóla og nýárs. Stella Azzurra endaði í 5. sæti á mótinu en liðið vann tvo leiki og tapaði tveimur. Haukur var í byrjunarliðinu alla leikina og stóð sig mjög vel. Í leiknum um fimmta sætið vann Stella slóvenska liðið Union Olimpija 89-75 og var Haukur með hæsta framlag síns liðs í leiknum. Haukur var með 12 stig, 5 fráköst, 4 stolna bolta og 2 varin skot gegn Slóvenunum. Stella-liðið er unglingalið Lottoamatica Roma þar sem Jón Arnór Stefánsson spilaði á síðasta tímabili.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ANNA ÚRSÚLA GUÐMUNDSDÓTTIR:** STJARNAN ER MEÐ HANA Í LÁNI FRÁ GRÓTTU OG LÁNAR HANA TIL TEAM ESBJERG

## *Þetta er mjög flókið en gengur vonandi upp*

Handboltakonan Anna Úrsúla Guðmundsdóttir er á leiðinni í dönsku úrvalsdeildina þar sem hún mun spila með Team Esbjerg liðinu sem er um miðja deild. Anna fer út eftir áramót en fékk að fara heim til að kveðja fjölskylduna.

„Þeir voru að reyna að fá mig í sumar en þá ákvað ég að fara í Stjörnuna í staðinn. Ég sló síðan til og fór á æfingu hjá þeim um helgina, það gekk bara vel og við erum í samningaviðræðum núna," segir Anna sem er pottþétt á að fara út þótt ekki sé búið að ganga frá öllum málum.

„Þetta er búið að vera ákveðið markmið hjá mér og það er frábært að hafa fengið þetta tækifæri" segir Anna en hún á einnig að baki eitt ár í Noregi.

„Þegar ég ákvað að koma heim frá Lavanger þá voru nokkur lið að spyrjast fyrir um hvort ég hefði áhuga á því að koma. Ég ákvað að koma heima að læra," segir Anna.

„Ég er í láni hjá Stjörnunni í hálft ár í viðbót þannig að ég myndi bara fyrst gera hálfs árs samning. Þetta er svolítið flókið því ég er síðan



í láni frá Gróttu til Stjörnunnar og þeir ætla að lána mig áfram til Esbjerg í þetta hálfa ár. Svo þurfum við að fara í gegnum Gróttu ef við ætlum að framlengja samninginn. Þetta er mjög flókið en gengur vonandi upp," segir Anna bjartsýn.

„Þetta var skyndiákvörðun og það vissi þetta enginn. Ég ætlaði bara að fara út og athuga hvernig þetta gengi," segir Anna en um leið þurfti hún að fórna deildarbikarnum með Stjörnuliðinu. „Það var hrikalega erfitt að fara frá Stjörnunni. Ég hef samt engar áhyggjur af þessu Stjörnuliði því það er svo mikil liðsheild innan þess. Það skiptir engu máli hver kemur inná eða hver dettur út. Það var samt voða leiðinlegt að fá ekki að vera með. Ég var búin að reyna að fá einhvern anann tíma fyrir þessar æfingar en það gekk því miður ekki," segir Anna.

„Það var hrikalega gaman að fara á þessa einu æfingu og ég fann það á þessarri æfingu hvað ég get lært mikið á bara einni æfingu. Það er eins og allar æfingar sé landsliðsæfingar," segir Anna að lokum.



**DÝRMÆTUR** Dimitar Berbatov hefur gert út um tvo síðustu leiki. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í gær:

## Mikilvægt mark hjá Berbatov

**FÓTBOLTI** Manchester United ætlar ekkert að gefa eftir í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar eftir 1-0 sigur á Middlesbrough á Old Trafford í gær. United er nú sjö stigum á eftir toppliði Liverpool en á enn tvo leiki til góða.

Það var Búlgarinn Dimitar Berbatov sem skoraði sigurmarkið í seinni hálfleik en í leiknum á undan á móti Stoke annan dag jóla þá átti hann einnig mikinn þátt í 1-0 sigri með því að leggja upp sigurmarkið fyrir Carlos Tevez.

Cristiano Ronaldo var í sviðsljósinu í fyrri hálfleik þar sem hann fór illa með nokkur góð færi og lenti síðan upp á kant við Austurríkismanninn Emanuel Pogatetz. Ronaldo gæti lent í vandræðum fyrir að hlaupa á eftir Pogatetz og ýta í hann þegar liðin gengu til hálfleiks en skömmu áður hafði Pogatetz tekið á Ronaldo í leiknum sjálfum. - óój

Gerrard, fyrirliði Liverpool:

## Handtekinn fyrir slagsmál

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, lenti í vandræðum í fyrrakvöld eftir að hafa leitt sína menn til 5-1 sigurs á Newcastle og þriggja stiga forskots á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

Gerrard var handtekinn ásamt fimm öðrum eftir að hafa lent í útistöðum á næturklúbbi í Southport. 34 ára maður var fluttur á sjúkrahús með áverka á andliti en ekki í lífshættu. Síðast þegar fréttist var enski landsliðsmaðurinn enn í varðhaldi. - óój




Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

**HÁTÍÐAHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT**

**31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR KL. 17**

**FLYTJENDUR:** Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson *trompetleikarar* Björn Steinar Sólbergsson *orgelleikari*

Aðgangseyrir: 2000

**MIÐASALA** fer fram í Hallgrímskirkju. Sími: 510 1000. *listvinafelag.is*


# Mun mæta í alla alvörulandsleiki

**Eiður Smári Guðjohnsen fer yfir landsliðsmálin í viðtali við Fréttablaðið. Hann ræðir viðtalið umrædda sem birtist á Spáni, talar um það að missa fyrirliðabandið og fer yfir gott ár hjá íslenska landsliðinu.**

**FÓTBOLTI** Árið 2008 hefur verið viðburðaríkt fyrir besta knattspyrnumann þjóðarinnar. Eiður Smári Guðjohnsen hefur á nokkrum mánuðum farið frá því að hljóta fá tækifæri og vera á leið frá Barcelona til þess að vera mikilvægur leikmaður í einu allra besta og skemmtilegasta liði heims. Fréttablaðið settist niður með Eiði Smára og birtist afrakstur þess viðtals í dag og á morgun. Í dag er ætlunin að fara yfir framtíð Eiðs Smára með íslenska landsliðinu.

Eftir að hafa unnið sér sæti í liði Barcelona varð Eiður Smári fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að meiðast illa í landsleik á móti Makedóníu. „Þetta var ömurleg tímasetning til að meiðast," segir Eiður sem missti af mörgum leikjum með Barcelona-liðinu.

„Öll þessi umræða um að þetta hafi verið áfall og hvort að það sé þess virði að koma og spila fyrir landsliðið er svolítið ýkt. Auðvitað er þess virði að koma í landsleikina. Ég vil spila fyrir Ísland og geri það glaður," segir Eiður en upphaf umræðunnar var viðtal í spænska blaðinu Sport.

### Aðeins frí í æfingaleikjum

„Viðtalið var tekið aðeins úr samhengi. Blaðamaðurinn spurði hvort það væri þess virði að fara að spila fyrir Ísland þegar það mæta hundrað þúsund manns á Nou Camp en þið eruð 300 þúsund. Hann sagði síðan frá þessu frá hans hlið," rifjar Eiður upp.

„Ég svaraði honum að það hafi vaknað hjá mér sú spurning hvort það sé þess virði innan gæsalappa en það berst ekki til Íslands að ég hafi sagt innan gæsalappa. Auðvitað er það alltaf þess virði því ég myndi ekki koma annars ef ég hefði ekki gaman af þessu og myndi ekki vilja spila," segir Eiður sem segir að það sé einungis ætlunin að fá frí í æfingaleikjum þegar mikið er að gera hjá Barcelona.

### Hefur fengið góðan skilning

„Það var aldrei talað um alvöru alþjóðlega leiki í undankeppnum. Þetta átti aðeins við um æfingaleiki," segir Eiður.

„Ég ætla að vera með hundrað prósent mætingu í alvöruleiki ef ég er í lagi. Hvað æfingaleikina varðar þá tekur maður ekki áhættuna ef maður glímir við einhver vöðvameiðsli og við erum að fara að spila í Meistaradeildinni eða það eru mikilvægir leikir fram undan. Ég gerði þetta þegar ég var hjá Chelsea og ég hef alltaf fengið mjög góðan skilning á þessu hjá landsliðsþjálfurum," segir Eiður sem segist koma í æfingaleikina ef þjálfararnir þurfa virkilega á honum að halda.



**MEIÐSLIN UMRÆDDU** Eiður Smári sést hér út við hliðarlínu eftir að hann meiddist í leiknum á móti Makedóníu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er betra fyrir mig að vera hér í Barcelona og æfa vel með liðinu og vera þá ferskur og ekki búinn að spila í miðri viku þegar aðrir koma þreyttir til baka. Þá hugsar þjálfarinn, ég kannski nota frekar Eið sem er búinn að vera hér," segir Eiður sem sagðist hafa oft fagnað því að koma í æfingaleiki og fá að spila 90 mínútur þegar hann væri að spila lítið með sínu liði.

### Hefur reynst mér vel

Eiður segist vera í góðu sambandi við Ólaf Jóhannesson, landsliðsþjálfara.

„Hann hefur reynst mér mjög vel. Ég bað hann um frí í fyrsta landsleiknum hans sem var á móti Dönum þar sem ég útskýrði fyrir honum af hverju og hvað var á bak við þá ákvörðun. Það var ekkert vandamál og hann virðir það alveg að menn eru ekki bara knattspyrnumenn heldur eiga sitt persónulega líf líka. Ég er mjög þakklátur fyrir þann skilning sem hann hefur sýnt mér," segir Eiður sem gerir ekki mikið úr því að hafa misst fyrirliðabandið eftir að hafa verið fyrirliði í 26 leikjum og í fimm ár.

„Ég held, án þess að Óli hafi útskýrt þetta mikið fyrir mér, að þetta snúist um það að hann vildi hafa mann aftar á vellinum með bandið. Ég held að hann geri alveg sömu kröfur til mín og kannski enn meiri hvort sem ég er með fyrirliðabandið eða ekki. Það er ágætt að hafa bara einn geðsjúkling þarna aftast með bandið," sagði Eiður Smári í léttum tón. „Ég tel mig ekki vera minna mikilvægur fyrir liðið. Þetta hefur ekki breytt neinu fyrir mig nema að ég þarf ekki að mæta á alla blaðamannafundi," segir Eiður.

Íslenska landsliðið átti gott ár og það var allt annað að sjá til liðsins. „Það er kominn meiri ferskleiki í okkur aftur og það hefur vaknað meiri jákvæðni í kringum liðið," segir Eiður Smári.

„Það er frábært að hafa unnið Makedóníu. Við spiluðum vel í Noregi þar sem við náðum stigi og það var síðan sorglegt að ná ekki stigi á móti Skotum en það fóru allir að tala um að það væri eitthvað jákvætt í gangi. Það er þó skemmtilega við þetta, að fólk er farið að líta jákvæðara á okkur aftur. Þetta var orðið hálfsúrt undir lok síðustu riðlakeppni og það þurfti meiri jákvæðni í þetta," segir Eiður.

### Leiðinlega orðið

Eiður segir oft erfitt að glíma við þær miklu væntingar sem eru gerðar með landsliðinu en hann hafi með meiri reynslu lært að vinna betur úr þessu.

„Ég kem í landsleikina og reyni að hafa gaman af þessu. Það er gaman að hitta strákana á æfingu og það er gaman að spila þessa landsleiki. Mér finnst mjög leiðinlegt þetta orð sem kemur pínu upp í umsögn um mig í landsleikjum – að ég sé áhugalaus og nenni þessu ekki. Það er bara kjaftæði því ef ég nenni þessu ekki þá kem ég ekki," segir Eiður og bætir við:

„Mér finnst ekkert gaman að hanga inni á hóteli þrjá daga fyrir leik eða ferðast í tíu tíma og myndi frekar kjósa að vera heima með fjölskyldunni ef ég myndi ekki nenna þessu," segir Eiður sem hefur leikið 55 landsleiki og skorað í þeim 22 mörk. Hann er markahæsti leikmaður Íslands frá upphafi.



**22 MÖRK** Það hefur enginn skorað fleiri mörk fyrir A-landslið karla en Eiður Smári Guðjohnsen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Stolt og gleðitilfinning

„Það sem stendur upp úr er að þegar við vinnum þá er þetta svo sætt og svo gaman. Þá kemur svo mikil gleðitilfinning og stolt í mann að það verður allt þess virði. Við þurfum bara að bíða lengur eftir sigrinum," segir Eiður léttur en hann hefur verið í sigurliði í 17 af þessum 55 landsleikjum.

**Á morgun: Eiður talar um hvað hefur breyst hjá Barcelona-liðinu, fer yfir framtíðarplönin, segir frá Guardiola þjálfara og þá kemur í ljós hver er mikilvægasti leikmaður Barca-liðsins að hans mati.**

ooj@frettabladid.is

**VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR**

# Söng- og gítarnámskeið fyrir fólk á öllum aldri



**TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA - "DIGIDESIGN (PRO TOOLS) SPONSORED SCHOOL".**

## Söngur og framkoma

Margét Eir Hjartardóttir (Frostrósir) verður með þetta vinsæla námskeið nú fimmta árið í röð. Margrét Eir er nýlega komin heim úr söngkennaranámi frá New York. Hún kennir grunn raddbeitingu og tækni í bland við hvernig maður ber sig á sviði. Tekið er upp lag í hljóðveri en námskeiðið endar með tónleikum í sal F.Í H. Sem fyrr er námskeiðið tíu vikna langt og hefst í febrúar.
Þetta námskeið er kjörið fyrir þá sem hyggjast spreyta sig á áheyrnarprufum sjónvarpsstöðvanna, t.d. Idol

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 14 ára og eldri.

## Söngur og framkoma framhald

Fyrir þá sem hafa verið á námskeiðinu "söngur og framkoma" eða sambærilegu námskeiði bjóðum við nú upp á framhaldsnámskeið, þar sem farið er enn dýpra í raddtæknina og aðferðir til að hlífa röddinni við óþarfa þreytu sem getur valdið hæsi og bólgum á raddböndum. Þetta er gagnleg tækni fyrir þá sem vinna við að beita röddinni mikið t.d söngvarar, kennarar, fyrirlesarar, leikarar o.fl. Námskeiðið er jafn langt því fyrra. (10 vikur).

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 14 ára og eldri.

## Barnanámskeið með Mamma Mia þema

Við erum þakklát þeim Jónsa og Huldu Dögg fyrir Barnanámskeiðið sem var með Evróvisjónþema og endaði með skemmtilegum tónleikum í sal F.Í.H. Nú leikum við okkur með hin frábæru ABBA lög og höldum námskeið með "MAMMA MÍA þema"
Námskeiðið er 10 vikna langt og endar með Mamma Mía-tónleikum. Tónvinnsluskólinn á undirspil við lögin í myndinni og geta krakkarnir valið úr fjölda laga. Aftur verða Jónsi og Hulda Dögg leiðbeinendur. Í lok námskeiðs koma góðir gestir í heimssókn og syngja með krökkunum lögin góðu.

Fyrir þá sem nota frístundarkortin þá er komið nýtt "kortatímabil". Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins.

Lengd námskeiðs: 10 vikur




**Hægt er að nota Frístundakort ÍTR til niðurgreiðslu á námskeiðum Tónvinnsluskólans.**

## Gítarnámskeið fyrir byrjendur

Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski að stofna hljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítargripin.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

## Fyrir þá sem vilja læra meira

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, þvergripin og kenndar verða upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl.
Farið verður í uppbyggingu gítarsólóa og notkun skala í bland við skemmtileg "
gítar-trix".

Lengd námskeiðs: 12 einkatímar
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Hulda Dögg Proppé, Jón Jósep Sæbjörnsson, Margrét Eir Hjartardóttir, Vignir Snær Vigfússon, Gunnar Þór Jónsson, Hafþór Valur Guðjónsson, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og fleiri.

Námskeiðin hefjast í febrúar.
Kennt verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.
Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is
eða í síma 534 9090

**Geymið auglýsinguna!**

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

> **Bruce Willis**

„Ég hef alltaf haft mikið sjálfsöryggi. Hér áður fyrr kom það mér í vandræði en eftir að ég varð frægur kom það mér í enn meiri vandræði.“
Willis leikur hörkutólið John McClane í kvikmyndinni Die Hard II sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON DVELST Í ÖÐRUM HEIMI

# *Barátta góðs og ills*



Kvikmyndir Peters Jackson byggðar á Hringadróttinssögu meistarans J.R.R. Tolkien voru allar frumsýndar á jólum og eiga fastan sess í hjörtum margra sem hinar fullkomnu jólamyndir. Í ár sýndi Stöð 2 annan hluta trílógíunnar, Turnana tvo, en hún fjallar um martraðarkennt framhaldsferðalag Fróða og félaga til að flytja hinn illa hring aftur til myrkraheima Mordor þar sem ill öfl ráða ríkjum. Myndin fékk mig líka til að dusta rykið af Dungeons and Dragons-spilinu þar sem við mannfólkið getum valið okkur hlutverk og leikið hetjur og furðuverur í þykjustuleik klukkustundum saman. Það er vissulega áhugavert að horfa á myndirnar á trúarhátíð kristinna manna þar sem breski rithöfundurinn Tolkien byggir að mörgu leyti margbrotna goðafræði sína á kristinni táknfræði. Illa aflið hefur tortímingarvald, býr til hræðilegar ómennskar verur í myrkum skúmaskotum sálarinnar og spillir galdramönnum og konungum. Boðskapur verksins er að gott fólk verði að standa saman og berjast á móti því illa sem leynist í fylgsnum hverrar einustu sálar og hjá þeim sem hafa völdin í ríkjum okkar. Í íslenska skammdeginu var gaman að rifja upp kynni við ævintýraheima Tolkiens – galdramenn, álfa, dverga, hetjur og skrímsli og baráttuna eilífu milli góðs og ills. Jólahátíðin er einmitt áminning um fornar sögur, ævintýri og goðsagnir. Eins og Tolkien sagði sjálfur: „Guðspjallið inniheldur ævintýri, eða jafnvel viðameiri sögu, sem inniheldur allan grundvöll heimsins ævintýra.“

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50 Hull - Aston Villa** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.45 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **21.15 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 The Dead Zone** SKJÁREINN



▶ **22.25 Dauðir rísa (Waking the Dead V)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Mótorsport 2008** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Bjargvætturin** (10:26)
**17.50 Latibær** (e)
**18.15 Sunnudagskvöld milli jóla og nýjárs** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
**19.40 Kastljós**
**20.20 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (6:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
**21.05 Cold Front og Björn Thoroddsen**
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (3:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu og Esther Hall.
**23.20 Lögmál Murphys** (Murphy's Law IV) (3:6) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy. (e)
**00.10 Hertu upp hugann** (Haut les coeurs!) Frönsk bíómynd frá 1999 um unga konu sem kemst að því um sama leyti að hún er ófrísk og með krabbamein. Aðalhlutverk: Karin Viard, Laurent Lucas, Claire Wauthion og Julien Cottereau. (e)
**02.00 Kastljós** (e)
**02.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Shrek**
**10.00 Bigger Than the Sky**
**12.00 Dawn Anna**
**14.00 Jumpin'Jack Flash**
**16.00 Shrek**
**18.00 Bigger Than the Sky** Kærasta Peters Rooker segir honum upp. Bugaður og ráðvilltur, hættir hann í vinnunni og tekur þátt í áhugamannaleikriti.
**20.00 Dawn Anna**
**22.00 Carlito's Way. Rise to Power**
**00.00 The Da Vinci Code**
**02.25 Ice Harvest**
**04.00 Carlito's Way. Rise to Power**
**06.00 American Dreamz**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stóra teiknimyndastundin, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Ruff's Patch og Ofurhundurinn Krypto.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (221:300)
**10.15 Beauty and The Geek** (2:13)
**11.15 The Celebrity Apprentice** (3:13)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:10)
**13.45 The Truth About Cats and Dogs**
**15.25 Sjáðu**
**16.00 Saddle Club**
**16.23 Tutenstein**
**16.43 Stuðboltastelpurnar**
**17.08 Ben 10**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
**20.20 Worst Week** (2:13)
▶**20.45 How I Met Your Mother** (21:22) Önnur þáttaröð þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta. Marshall og Lilly er loksins á leiðinni inn kirkjugólfið eftir langa bið en ekki líður á löngu þar til allt fer úrskeiðis.
**21.10 Burn Notice** (4:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
**21.55 Die Hard II** John McClane, rannsóknarlögreglumaðurinn frá New York, glímir enn við hryðjuverkamenn og nú er vettvangurinn stór alþjóðaflugvöllur í Washington.
**23.55 The Truth About Cats and Dogs**
**01.30 Boys On the Run**
**03.00 Snowglobe**
**04.25 Numbers**
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Gillette World Sport 2008** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**18.30 Race of Champions - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum frá Race of Champions mótinu sem fram fór á Wembley.
**19.30 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**20.05 NBA Action** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**20.35 NBA körfuboltinn** Útsending frá leik New York og Denver.
**22.35 Wendy's Three Tour Challenge**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Middlesbrough.
**17.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Portsmouth.
**19.20 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
▶**19.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Hull og Aston Villa.
**22.00 PL Classic Matches** Sheffield - Tottenham, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.30 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.25 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**19.15 America's Funniest Home Videos** (32:42) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (33:42) (e)
**20.10 Survivor** (12:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.
**21.00 Innlit / útlit** (14:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.
▶**21.50 The Dead Zone** (3:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny sér fyrir margra bíla árekstur þar sem Bruce lætur lífið en tilraunir hans til að koma í veg fyrir slysið gera bara illt verra.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 CSI. New York** (19:21) (e)
**00.20 In Plain Sight** (12:12) (e)
**01.10 Dinner Rush** (e)
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 24.00.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.20**
**Worst Week**

Hættulega fyndnir gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni. Til að gera langa sögu stutta þá fer nákvæmlega allt úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Cold Front og Björn Thoroddsen**
**Sjónvarpið kl. 21.05**

Sjónvarpið sýnir í kvöld tónleikamynd um gítarleikarann Björn Thoroddsen og hljómsveit hans Cold Front.



Hljómsveitarmeðlimir koma frá Kanada, Bandaríkjunum og Íslandi og hafa þeir verið áberandi í djassheiminum heima fyrir. Í myndinni er rætt við Björn Thoroddsen, Steven Kirby og Richard Gillis almennt um djass, samstarfið í Cold Front og um tónleikana sem haldnir voru á Nasa við Austurvöll í fyrra.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Smásaga: Tíminn líður ekki
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Lostafulli listræninginn
**21.00** Meistarar í Moskvu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (91:260)
**16.30 Hollyoaks** (92:260)
**17.00 Seinfeld** (14:24)
**17.30 Ally McBeal** (5:24)
**18.15 The O.C.** (2:27)
**19.00 Hollyoaks** (91:260)
**19.30 Hollyoaks** (92:260)
**20.00 Seinfeld** (14:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Ally McBeal** (5:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶ **21.15 The O.C.** (2:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið virðist leika við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.
**22.00 Journeyman** (12:13) Nýir og dularfullir þættir um Dan Vassar sem er hamingjusamur fjölskyldufaðir og lífið virðist leika við hann. Líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.
**22.45 The Unit** (21:23)
**23.30 Help Me Help You** (10:13)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.
**22.00 Vorar skuldir** Stjórnandi þáttarins er Margrét Ákadóttir. Gestur hennar er Sigurjón Árni Eyjólfsson guðfræðingur.
**21.30 Guðjón Bergmann** Í leit að lausnum með Guðjóni Bergmann.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **10.45** Godt Nytår, Søren Brun **11.10** Hvem ved det! **11.45** Hammerslag julespecial **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Robin Hood **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Jane Eyre **14.55** Mupperne indtager New York **16.30** Chloe og Thea i Indien **16.50** Mira og Marie **17.00** Godt nytår Mr. Bean **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet - det bedste fra 2008 **18.30** Martin fra Ørum **19.00** Året der gik **20.00** TV Avisen **20.10** SportNyt **20.15** Året der gik **21.15** Charlie's Angels **22.50** En sag for Frost

## NRK 1

**10.00** Jakta på polarstormen **11.00** NRK nyheter **11.10** Cranford **13.00** Norsk militær tattoo 2008 **14.00** NRK nyheter **14.05** Bjørnsons Roma **14.30** Tatt av kvinnen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.15** Creature Comforts **16.25** Norge rundt **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mumfies hvite jul **17.20** Nocturne **17.30** Energikampen 2008 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenøtter 2008 **18.45** Millionær i forkledning **19.35** Nyhetsåret 2008 **20.35** Cranford **21.30** Extra-trekning **21.40** I kulissene til Vente på Godot **22.00** Løsning julenøtter 2008

## SVT 1

**10.00** Julkonsert - Sånger för livet **11.00** Rapport **11.05** Kören - vad hände sen **12.05** Historien om telefonen **12.15** Solens mat **12.45** Fest i byn **14.05** Hjältarna som försvann **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Kejsaren av Portugallien **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Rapports årskrönika **20.00** Bang och världshistorien **21.20** Dom kallar oss artister **21.50** Chicago **23.40** Sändningar från SVT24


# Goran Superform á 6 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni, kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.



**Nýtt á Íslandi Goran Superform matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200
## Námskeiðin byrja 5. janúar

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

Grand Spa

## ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA



*„Það sem stendur upp úr á árinu er að Daníel Ágúst gekk til liðs við Ný dönsk. Við urðum einhvern veginn ungir á ný og ætlum að sigra heiminn ... aftur. Búrið sem Danirnir komu með þegar seinni ísbjörninn gekk á land var náttúrlega líka algjör farsi. Þetta leit út fyrir að vera bara einhver spýtukassi. Mér fannst búrið sjálft eiginlega miklu merkilegra heldur en birnirnir tveir.“*

Björn Jörundur Friðbjörnsson, Ný danskur og dómari í Idol.

# Erlendur mun heita Martin Ford

Handrit að endurgerð Mýrarinnar er tilbúið og Erlendi hefur verið gefið amerískt nafn. Hann mun heita Martin Ford og er yfirleitt ávarpaður sem Ford. Eva Lind fær hins vegar að halda fyrra nafninu og verður bara kölluð Eva í myndinni. Baltasar Kormáki leist vel á nafngiftina í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er svona stabílt bandarískt nafn,“ segir Baltasar en það er framleiðslufyrirtækið Overture sem á réttinn að endurgerð myndarinnar.

Baltasar leist vel á handritið, sagði það fara eftir fyrirmyndinni og uppbyggingunni. „Já, ég er bara nokkuð spenntur. Hún á að gerast í Louisiana og þar er nóg af fenjum. Mér líst líka vel á að færa myndina úr köldu umhverfi yfir í sjóðandi heitt,“ segir Baltasar. Mýrin virðist hafa farið vel ofan í enskumælandi gagnrýnendur. Mýrin er meira að segja valin næstbesta mynd ársins af gagnrýnanda á héraðsfréttablaðinu thisisderbyshire.co.uk. Þar skýtur hún Óskarsverðlaunamyndunum No Country for Old Men og There will be Blood ref fyrir rass og gagnrýnandanum Nigel Powlson þykir íslenska spennumyndin betri en The Dark Knight.

Myndin var sýnd í haust í Bretlandi og að sögn Baltasars tóku Bretarnir henni vel. Kvikmyndavefurinn Rotten Tomatoes, sem safnar saman kvikmyndagagnrýni, sýnir glögglega í hversu miklum metum Mýrin er meðal kvikmyndaáhugamanna því þar fær hún 94 prósent af hundrað mögulegum. Sem er það sama og The Dark Knight fékk á sínum tíma. **- fgg**



**ERLENDUR Á ENSKU** Baltasar Kormákur er nokkuð bjartsýnn á endurgerð Mýrarinnar í Bandaríkjunum en Erlendi Sveinssyni hefur verið gefið nýtt nafn; hann mun heita Martin Ford.



**LÁRÉTT**
**2.** dyggur, **6.** slá, **8.** örn, **9.** slöngu, **11.** í röð, **12.** skrapa, **14.** veira, **16.** golf áhald, **17.** hylli, **18.** kæla, **20.** ekki heldur, **21.** klúryrði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smæl, **3.** guð, **4.** niðurstaða, **5.** pili, **7.** áll, **10.** mánuður, **13.** af, **15.** baklaf á flík, **16.** tæfa, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** trúr, **6.** rá, **8.** ari, **9.** orm, **11.** lm, **12.** skafa, **14.** vírus, **16.** tí, **17.** ást, **18.** ísa, **20.** né, **21.** klám.
**LÓÐRÉTT:** **1.** bros, **3.** ra, **4.** úrlausn, **5.** rim, **7.** árkvísl, **10.** maí, **13.** frá, **15.** stél, **16.** tík, **19.** aá.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**SNYRTIVÖRUR** Magnús Scheving kom starfsmönnum sínum í Latabæ skemmtilega á óvart um jólin en þeir fengu snyrtivörur frá Clarins.

**MATARGJAFIR VINSÆLAR** Mat var að finna í jólagjöfum stóru bankanna þriggja í ár. Landsbankinn gaf hangikjöt, Glitnir gaf íslenska matarkörfu og Kaupþing hamborgarhrygg frá SS.

**HILMAR VEIGAR** Starfsmenn CCP fengu Playstation-3 tölvu í fyrra en í ár fengu þeir fimmtíu hluti í fyrirtækinu.

MAGNÚS SCHEVING: STARFSMENN FENGU CLARINS-SNYRTIVÖRUR

# Stóru bankarnir þrír gáfu starfsfólki mat í jólagjöf

Stóru bankarnir þrír gáfu allir mat í jólagjöf þetta árið. Matargjöf um jólin hefur reyndar verið hefð hjá Landsbankanum en matarkarfan var minni en mörg undanfarin ár. Starfsmennirnir fengu hangikjöt, rauðkál og grænar baunir frá Ora auk kaffipoka. Almenn ánægja var með gjöfina meðal starfsmanna. Mestu gleðina vakti þó sú ákvörðun að þeim starfsmönnum sem sagt var upp þegar bankinn var ríkisvæddur var einnig gefin jólagjöf.

Hjá Sigrúnu Hjartardóttur á samskiptasviði Glitnis fengust þær upplýsingar að jólagjöfin í ár hefði verið íslensk. Um var að ræða gjafakörfu með ýmsu íslensku góðgæti, svo sem lax, osti og jólaplötu Stefáns Hilmarssonar. Glitnir hefur undanfarin ár vakið mikla athygli fyrir veglegar jólagjafir og gaf til að mynda öllum starfsmönnum sínum Tívolíútvarp í jólagjöf í fyrra. Jólagjöf Kaupþings í fyrra þótti einnig nokkuð vegleg en þá fengu allir starfsmennirnir digital-myndavél. Í ár var gjöfunum hins vegar stillt í hóf. Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir að starfsmennirnir hafi fengið lítinn matarpakka sem innihélt meðal annars þurrkað kjötstykki, osta og annað góðgæti. „Og svo fylgdi einn spilastokkur með,“ segir Benedikt.

Georg Andersen, upplýsingafulltrúi Straums, upplýsti að jólagjöfinni hefði einnig verið stillt í hóf hjá þeim. „Hér fengu allir starfsmenn matarpakka og bókina hans Hallgríms Helgasonar, 10 góð ráð til að hætta drepa fólk…,“ segir Georg en í fyrra fengu starfsmenn Straums litla ferðatösku. Kannski að það sé tímanna tákn að ekki sé lengur gert ráð fyrir því að fólk ferðist heldur kjósi það frekar að sitja heim með góða bók og smá matarbita?

CCP átti jólagjöf ársins í fyrra að margra mati. Þá fengu starfsmennirnir Playstation-3 tölvu. Að sögn Hilmars Veigars Péturssonar var gjöfin í ár eilítið óáþreifanlegri en allir starfsmennirnir fengu fimmtíu hluti í fyrirtækinu. „Við erum vön óáþreifanlegum hlutum enda búum við til sýndarveruleika,“ segir Hilmar. Starfsmenn Latabæjar fengu síðan óvæntustu jólagjöf ársins. Þegar starfsmennirnir voru búnir að rífa pappírinn utan af gjöfinni sinni kom í ljós snyrtivörusett frá Clarins. Hlynur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Latabæjar, sagðist ekki hafa heyrt af neinum sem hefði verið óánægður með gjöfina.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hugleikur Dagsson** teiknimyndahöfundur sló persónulegt sölumet fyrir þessi jól: „Jarðið okkur“ fór í tæpum fjögur þúsund eintökum. Á Þorláksmessu gaf hann svo út sjálfur bók í 200 tölusettum eintökum „Ekki okkur“ og áritaði höfundur eintökin í miðborginni og seldi vel. En nú tekur væntanlega við frægð og frami í gömlu Evrópu en útgefendur í Tékklandi annars vegar og Eistlandi hins vegar voru að festa sér útgáfurétt á „Forðist okkur“.



**Lýður Árnason**, læknir á Bolungarvík og fjöllistamaður, heldur árlega jólatónleika og smalar þá saman ýmsum vinum sínum, myndar hljómsveit og semur nýja texta við jólalög sem þá kallast á við líðandi stund. Þeir sem sungu og spiluðu jólalög með Lýði að heimili hans í Hafnarfirði þetta árið voru meðal annars gamla brýnið Pétur Hjaltested, Grímur Atlason sveitarstjóri og félagi hans úr Grjóthruni, Þorsteinn Guðmundsson spaugari lék á lúður og Idol-stjarnan spengilega, Davíð Smári, söng.



Sett hefur verið fram sú kenning að ævisögur séu svona eilítið eins og rjúpnastofninn. Þær komi upp á tíu ára fresti og nú virðast þær í sókn. **Sigmundur Ernir Rúnarsson** seldi vel bók sína Magneu en hún fór í um sex þúsund eintökum. Reyndar seldist Guðni Ágústsson eftir Sigmund betur eða í um níu þúsund eintökum en nú voru miklu fleiri um hituna, meðal annars; Margrét Pála, Þráinn Bertelsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Bryndís Schram en þær fóru vel í landsmenn. **- jbg**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RÆKJUR
ATH, opið gamlársdag 9-13
Veljum íslenskt



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

# Stríð í kraftlyftingaheiminum

„Það er stríð í kraftlyftingaheiminum. Allt brjálað,“ segir Ingvar „Ringó“ Jóel, gjaldkeri kraftlyftingasamtakanna Metals.

Á heimasíðu Metals segir að hótanir og svívirðingar hafi borist þeim stjórnarmönnum Metal sem báru vitni fyrir héraðsdómi í máli Hjalta Úrsusar gegn Fréttablaðinu. Að auki hafa einhverjir ónefndir menn brotist inn á tölvupóstinn hjá Kára „ketti“ Elíssyni, yfirtekið hann og sent í hans nafni póst frá netfangi hans. Þetta hefur nú verið kært til lögreglu. Kári starfar sem vaktmaður á Grund og náðist ekki í hann í gær en Ringó segir ekkert leyndarmál að mikil átök séu á milli Metals annars vegar og svo annarra samtaka sem heitir Kraft. „Metal er orðið allsráðandi á markaði, við höfum átt mikilli velgengni að fagna og þetta hefur þeim í Krafti fallið mjög illa í geð. Og reynt að bregða fyrir okkur fæti með ýmsum hætti,“ segir Ringó.

Nafn Hjalta Úrsusar er nefnt en hann segist ekki hafa komið nálægt þessu umrædda máli. Menn verði að hafa snefil af sönnunum áður en tekst að bendla hann við málið. „Þetta er fjarstæða. Hvað ætti ég að gera með tölvupóstinn hans Kára? Ég á nóg með minn eigin tölvupóst hvað þá að ég sé að lesa tölvupóst hjá öðrum. Síst hjá Kára ketti,“ segir Hjalti.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**RINGO ÁSAMT BORGARNESBOLLUNNI** Allt brjálað í kraftlyftingageiranum en stjórnarmönnum í Metal hafa borist hótanir og svívirðingar.

Ýfingar milli Metals og Krafts eiga sér langa sögu sem ekki verður rakin hér. Ringó segist engar sannanir hafa en erfitt að sjá anda köldu til Metals annars staðar frá en frá Krafti. Þar er formaður Jakob Baldursson sem segist ekki vita neitt um málið nema það sem segir á vefsíðu Metals. Hann hefur ekki verið yfirheyrður af lögreglu vegna þessa. „Þau eru bara að gera sitt og við okkar. Það eru engin illindi af okkar hálfu.“ **- jbg**

Club 101

one - o - one



DISCO & 80's

# HEITASTA ÁRAMÓTA PARTÝIÐ!

## 22 ÁRA ALDURSTAKMARK

# FRÍTT INN!

## LÁTTU SJÁ ÞIG - CLUB 101

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Landsprent
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**







**BAKÞANKAR**
Páls Baldvins
Baldvinssonar



## *Kórfélagi hitar upp sósu*

Söngfuglarnir sungu úr sér lungun síðustu daga þessa árs. Það er þrældómur að syngja í kór en aldrei finnst kórafólki jafn gaman og þegar raddirnar eru þandar kvöld eftir kvöld til undirbúnings desembertörninni. Þá leggjast allir á árarnar og veikt og sterkt er sungið, hátt og lágt. Fram undan eru útgáfutónleikar, stórvirki kórbókmenntanna og síðan allt messuhaldið. Það er hin andlega spekt sem heldur utan um kóralífið að mestu þótt margt sé furðu veraldlegt í kórastarfi.

**LANGAR** mig í kór? Í gleðskap fyrir fáum árum eftir nokkur lög fór fullorðinn maður á hnén og bað mig að leggja hluta af lífinu í kórstarf. Hégómleikinn greip mig örskamma stund, en svo hvolfdist yfir mig stundataflan og seta undir misvondum predikunum: Vík frá mér, freistari. Nei, takk.

**KÓRINN** er smáþorp í sjálfu sér, hreppur þar sem félagar hjálpast að, styðja hver annan, þar takast á ólíkir persónuleikar, keppendur um fagrar raddir, þeir lötu og svifaseinu koma í ljós, rétt eins og þeir kappsömu og framagjörnu. Kvennaljóminn fær sinn sess og piltagullin glansa. Svo hleypur dáraskapur í höfuð og nára og bestu menn breytast í hjónadjöfla. Fátt er erfiðara góðu kórstarfi en hjónaskilnaðir. Radddeildir riðlast og stjórnandinn verður að taka á honum stóra sínum til að halda hljómnum hreinum.

**SAGAN** af kvennagullinu í kirkjukórnum kemur því alltaf upp í hugann: hún var rifjuð upp þegar hann var allur. Trúr þeirri kenningu að alltaf væri einn gikkur í hverri veiðistöð hafði sá herra leikið lausum hala í kórnum á kirkjuloftinu og gert sér dælt við allar kvenraddir í kórnum, í nokkrum tilvikum með fullnægjandi árangri, en alltaf skilið efir sig brotin hjörtu klæddur sínum skrautlegu skyrtum. Hann hélt þó lífinu í kórnum sögðu kerlingarnar í plássinu þegar hann hrökk upp af.

**FÓRNIN** í kórstarfinu er gjöf, gjaldið greiða aðrir vandamenn: kór fylgja fjarverur á hátíðadögum, steikur kúra í ofnum, sósur sitja á hlóðum og kólna, meðlætið mallar. En svo er hlaupið heim og allt er hitað upp: lífið heldur áfram í nýrri viku, nýju ári, nýju lífi í vissu eða von um farsæld.

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er þriðjudagurinn 30. desember, 365. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.30 | 15.40 |
| Akureyri | 11.35 | 13.15 | 14.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


